

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA
LÍS

ÁRSSKÝRSLA LÍS

2022 - 2023



Efnisyfirlit

Ávarp forseta

1. Landssamtök íslenskra stúdenta 2022-2023

- 1.1 Fulltrúaráð Landssamtaka íslenskra stúdenta
- 1.2 Framkvæmdastjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta
- 1.3 Nefndir starfsársins
- 1.4 Fulltrúar LÍS í ráðum og nefndum
 - 1.4.1 Fulltrúar í stjórn Menntasjóðs námsmanna
 - 1.4.2 Fulltrúar í nefndum á vegum Gæðaráðs íslenskra háskóla
 - 1.4.3 Fulltrúar í ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara
 - 1.4.4 Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema
- 1.5 Almennt um fundarhald
 - 1.5.1 Tungumál á fundum

2. Starfsemi Landssamtaka íslenskra stúdenta

- 2.1 Endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna
 - 2.1.1 Auglýsingaherferð
- 2.2 Alþjóðamál
 - 2.2.1 Almennt
 - 2.2.2 Fundir og ráðstefnur 2022-2023
- 2.3 Gæðamál
 - 2.3.1 Almennt
 - 2.3.2 Sumarfundur Ráðgjafarnefndar
 - 2.3.3 Gæðaráð íslenskra háskóla
 - 2.3.4 Endurskoðun á QEF2 og innleiðing QEF3
 - 2.3.5 Gæðaeftirlit á Grænlandi
 - 2.3.6 Árleg ráðstefna Gæðaráðs íslenskra háskóla
 - 2.3.7 Fundir LÍS með skrifstofu Gæðaráðs
 - 2.3.8 Fundir LÍS með Gæðaráði íslenskra háskóla
 - 2.3.9 Gæðaúttektir
- 2.4 Jafnréttismál
 - 2.4.1 Almennt
 - 2.4.2 Samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna
 - 2.4.3 Réttinda-Ronja
- 2.5 Student Refugees Iceland
 - 2.5.1 Almennt
 - 2.5.2 Heimasíða

- 2.5.3 Kynningar- og samstarfsmál
- 2.6 Loftslagsverkfall
- 2.7 Staða flóttafólks í námi
- 3. Innra starf**
 - 3.1 Almennt
 - 3.1.1 Vinnuþing
 - 3.1.2 Skiptaþing
 - 3.1.3 Haustþing
 - 3.1.4 Landsþing LÍS 2023
 - 3.2 Lagabreytingarnefnd
 - 3.2.1 Almennt
 - 3.2.2 Laga- og verklagsbreytingar
 - 3.2.3 Aðrar lagabreytingar
 - 3.2.4 Verklagsbreytingar
 - 3.3 Samskipti og samstarf
- 4. Fjölmiðlun**
 - 4.1 Heimasíða samtakanna og samfélagsmiðlar
 - 4.2 Fjölmiðlar
- 5. Fundir fulltrúaráðs**
 - 5.1 Skiptafundur 28. maí 2022
 - 5.2 Fulltrúaráðsfundur 21. júní 2022
 - 5.3 Fulltrúaráðsfundur 9. ágúst 2022
 - 5.4 Fulltrúaráðsfundur 20. september 2022
 - 5.5 Fulltrúaráðsfundur 9. nóvember 2022
 - 5.6 Fulltrúaráðsfundur 24. janúar 2023
 - 5.7 Fulltrúaráðsfundur 20. febrúar 2023
 - 5.8 Fulltrúaráðsfundur 15. maí 2023
- 6. Samstarfsaðilar Landssamtaka íslenskra stúdenta**
 - 6.1 Samstarf við Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið
 - 6.1.1 Endurskoðun samstarfssamnings
 - 6.1.2 Mánaðarlegir fundir með háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
 - 6.1.3 Annað samráð
 - 6.2. Samstarf við BHM
 - 6.3 Annað samstarf
- 7. Viðburðir**
 - 7.1 Gleðiganga Hinsegin daga
 - 7.2 Afhverju menntun? Pallborðsumræður á Fundi fólksins
 - 7.3 Vinnudagur með MFS

7.4 Computer Says No: Experiences and Narratives of University Students with a Foreign Background

8. Fjármál

- 8.1 Almennt
- 8.2 Ráðning framkvæmdastjóra
- 8.3 Ráðning sumarstarfsmanns

9. Umsagnir, bréf og yfirlýsingar

- 9.1 Ályktanir og yfirlýsingar Landssamtaka íslenskra stúdenta
 - 9.1.1 Ályktun um áskorun Þroskahjálpar: Hvað er planið?
 - 9.1.2 Ályktun á Landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta um stöðu foreldra í námi
 - 9.1.3 Ályktun landsþings Landssamtaka íslenskra stúdenta um framtíð háskólastigsins
 - 9.1.4 Ályktun um stöðu flóttafólks í námi
 - 9.1.5 Yfirlýsing Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna langvarandi fjársvelti háskólastigsins
- 9.2 Umsagnir LÍS til Alþingis
 - 9.2.1 Umsögn Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (launatekjur o.fl.)
 - 9.2.2 Umsögn Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagi á Íslandi til ársins 2025
- 9.3 Erindi til stjórnvalda
 - 9.3.1 Beiðni um endurskoðun samstarfssamnings LÍS fyrir starfsárið 2022-2023
 - 9.3.2 Krafa um mat á áhrifum styttingu stúdentsprófs
 - 9.3.3 Kröfur Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020
- 9.4 Aðrar samþykktir
 - 9.4.1. Stefna Landssamtaka íslenskra stúdenta um nýsköpun og rannsóknir í íslensku háskólasamfélagi
 - 9.4.2. Stefna Landssamtaka íslenskra stúdenta um sjálfbærni í íslensku háskólasamfélagi

Ávarp forseta



Kæru stúdentar, samstarfsaðilar og aðrir lesendur.

Hagsmunabarátta stúdenta snýst ekki einungis um háskólanema heldur um samfélagið allt. Við berjumst fyrir bættu aðgengi að háskólamenntun því það eru mannréttindi að geta stundað nám. Við berjumst fyrir auknum fjárframlögum og bættum gæðum háskólanna því við vitum að kraftmiklir háskólar eru lykillin að því að skapa samfélag þekkingar á Íslandi og við berjumst fyrir því að stúdentar geti stundað nám innan síns áhugasviðs

enda viljum við búa í samfélagi þar sem hver getur sinnt sinni ástríðu.

Háskólamenntun er aflvaki hreyfanleika og því er menntasjóður námsmanna eitt af okkar mikilvægustu jöfnunartólum. Gera þarf nauðsynlegar breytingar á sjóðnum svo hann geti sinnt hlutverki sínu og þar verða stúdentar að halda áfram að beita sér af krafti. Umbætur á sjóðnum er gífurlega mikilvægar fyrir stúdenta en ekki síður fyrir framþróun landsins enda er engin trygging fyrir því að frumkvöðlar framtíðarinnar séu þau sem geta komist í gegnum háskólanám án stuðnings.

Nýliðið starfsár hefur einkennst af vönduðum vinnubrögðum, skýrri hugsjón og samheldni. Þetta hefur skilað góðum árangri og er sterkur grunnur fyrir komandi starfsár. Það fylgir því ábyrgð að vera málsvari rúmlega 22.000 háskólanema og því verður ábyrg hagsmunabarátta byggð á staðreyndum og skýrri framtíðarsýn áframhaldandi meginstef samtakanna.

Það hefur verið sannur heiður að starfa sem forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta síðastliðið ár og vil ég senda kossa og knús til samstarfsfólks míns á liðnu ári. Til allra félaga innan stúdentahreyfingarinnar segi ég: saman getum við gengið sátt frá borði.

Alexandra Ýr van Erven

Forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta 2022-2023

1. Landssamtök íslenskra stúdenta

2022-2023

1.1 Fulltrúaráð Landssamtaka íslenskra stúdenta

Í fulltrúaráði sitja tveir fulltrúar og tveir varafulltrúar frá hverju aðildarfélagi. Nýtt fulltrúaráð tók við á skiptafundi þann 28. maí 2022 og starfaði til skiptafundar 25. maí 2023.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst

(NFHB)

Aðalfulltrúar:

Embla Líf Hallsdóttir

Birgitta Ásbjörnsdóttir

Varafulltrúar:

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands

(NLBHÍ)

Aðalfulltrúar:

Ari Kristinn Gunnarsson

Helga Guðný Þorgrímsdóttir

Varafulltrúar:

Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ)

Aðalfulltrúar:

Cristina Ísabella Agueda

Varafulltrúar:

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR)

Aðalfulltrúar:

Jón Goði Ingvarsson

Anna Júlía Magnúsdóttir

Varafulltrúar:

María Nína Gunnarsdóttir

Svanfríður Júlía Steingrimsdóttir

Stúdentafélag Hólaskóla (SH)

Aðalfulltrúar:

Teresa Evertsdóttir

Stefán Tor Leifsson

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA)

Aðalfulltrúar:

Sólveig Birna Elísabetardóttir

Silja Rún Friðriksdóttir

Varafultrúar:

Varafultrúar:

Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir

Hörður Hlífsrson

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ)

Aðalfulltrúar:

Rebekka Karlsdóttir

Sara Þöll Finnbogadóttir

Varafultrúar:

Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir

Viktor Pétur Finnsson

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE)

Aðalfulltrúar:

Nanna Hermannsdóttir

Theodóra Þrastardóttir Listalín

Varafultrúar:

Bjarki Þór Grönfeldt

Númi Sveinsson

1.2 Framkvæmdastjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta



Ný framkvæmdastjórn tók við á skiptafundi þann 25. maí 2022. Á landsþingi LIÍS 2022 bárust þrjú framboð í framkvæmdastjórn. Þar af hlaut einn frambjóðandinn kjör, Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, í stöðu alþjóðafulltrúa. Því var opnað fyrir framboð í aðdraganda skiptafundar en á honum var kosið í fimm stöður innan samtakanna. Á skiptafundi hlutu eftirfarandi kjör: Alexandra Ýr van Erven í stöðu forseta, Anton Björn Helgason í stöðu varaforseta, Rannveig Guðmundsdóttir í stöðu ritara, Erna Benediktsdóttir í stöðu

jafnréttisfulltrúa og Sigtýr Ægir Kára í stöðu markaðsfulltrúa. Á fyrsta fulltrúaráðsfundi starfsársins var Kolbrún Lára Kjartansdóttir kosin gæðastjóri. Því var framkvæmdastjórn svo skipuð starfsárið 2022-2023:

Forseti	Alexandra Ýr van Erven
Varaforseti	Anton Björn Mayböck Helgason
Ritari	Rannveig Klara Guðmundsdóttir
Alþjóðafulltrúi	Sigríður Helga Olafsson
Gæðafulltrúi	Kolbrún Lára Kjartansdóttir
Jafnréttisfulltrúi	Erna Benediktsdóttir
Markaðsstjóri	Sigtýr Ægir Kárason

1.3 Nefndir starfsársins

Á starfsárinu voru fimm nefndir starfandi innan samtakanna. Nánar verður fjallað um starfsemi þeirra undir viðeigandi köflum í þessari skýrslu. Fulltrúar í nefndum voru eftirfarandi.

→ Alþjóðanefnd

- Sigríður Helga Ásgeirsdóttir, alþjóðafulltrúi
- Erla Guðbjörg Hallgrímsdóttir
- Saba Karanadze
- Sýlvía Lind Birkiland

→ Gæðanefnd

- Kolbrún Lára Kjartansdóttir, gæðastjóri
- Birgitta Ásbjörnsdóttir, Háskólinn á Bifröst
- Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir, Háskólinn á Akureyri
- Erla Salome Ólafsdóttir, Háskólinn á Akureyri

→ Lagabreytingarnefnd

- Anton Björn Helgason, varaforseti
- Eyrún Inga Þorbjörnsdóttir

→ Landsþingsnefnd

- Alexandra Ýr van Erven, forseti
- Anton Björn Helgason, varaforseti
- Emilía Björt Írisardóttir Bachmann, framkvæmdastjóri
- Sólveig Birna Elísabetardóttir, forseti SHA
- Embla Líf Hallsdóttir, forseti NFHB
- Emil Trausti Smyrilsson, fulltrúi SFHR

→ Fjármálanefnd

- Emilía Björt Írisardóttir Bachmann, framkvæmdastjóri
- Björn Thor Stefánsson

1.4 Fulltrúar LÍS í ráðum og nefndum

Samtökin skipta stúdenta í nefndir og ráð á vegum hins opinbera. Á starfsárinu störfuðu eftirfarandi aðilar í umboði LÍS.

1.4.1 Fulltrúar í stjórn Menntasjóðs námsmanna

Í erindi frá Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti frá 18. maí 2022 var óskað eftir tilnefningu LÍS í stjórn Menntasjóðs námsmanna. Samkvæmt ákvæða 30. greina laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 tilnefnir LÍS 3 fulltrúa stúdenta í stjórn Menntasjóðsins. Samkvæmt 52. grein laga LÍS skulu eftirfarandi hagsmunahópar stúdenta koma sér saman um einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í stjórn Menntasjóðs námsmanna. Þeir hópar eru: ríkisreknir háskólar (SHÍ, SHA, LBHÍ, SH), einkareknir háskólar eða háskólar sem innheimta skólagjöld (SFHR, LHÍ, NFHB) og íslenskir stúdentar erlendis (SÍNE). Þann 3. júní voru eftirfarandi skipuð:

→ Ríkisreknir háskólar:

- Aðalfulltrúi: María Sól Antonsdóttir
- Varafulltrúi: Andra Már Tómasson

→ Einkareknir háskólar eða háskólar sem innheimta skólagjöld:

- Aðalfulltrúi: Tryggvi Björn Guðbjörnsson
- Varafulltrúi: Erla Björg Eyjólfsdóttir

→ Samband íslenskra námsmanna erlendis:

- Aðalfulltrúi: Ragnar Auðun Árnason.
- Varafulltrúi: Freyja Ingadóttir.

Þann 7. júlí tilkynnti ráðuneyti háskólamála að Tryggvi Björn Guðbjörnsson hafði sagt sig úr stjórn Menntasjóðsins og óskaði eftir annarri tilnefningu í hans stað. Þá varð Erla Björg Eyjólfsdóttir aðalfulltrúi í hans stað og var Sunneva Björk Birgisdóttir tilnefnd sem varafulltrúi. Þann 29. ágúst urðu breytingar á fulltrúa Samtaka íslenskra stúdenta erlendis og var Jóna Þórey

Pétursdóttir tilnefnd sem aðalfulltrúi og varð Ragnars Auðns Árnasonar þá varafulltrúi. Frá 29. ágúst voru því fulltrúar stúdenta í stjórn Menntasjóðs námsmanna eftirfarandi:

→ Ríkisreknir háskólar:

- Aðalfulltrúi: María Sól Antonsdóttir
- Varafulltrúi: Andra Már Tómasson

→ Einkareknir háskólar eða háskólar sem innheimta skólagjöld:

- Aðalfulltrúi: Tryggvi Björn Guðbjörnsson
- Varafulltrúi: Erla Björg Eyjólfsdóttir

→ Samband íslenskra námsmanna erlendis:

- Aðalfulltrúi: Ragnar Auðun Árnason.
- Varafulltrúi: Freyja Ingadóttir

1.4.2 Fulltrúar í nefndum á vegum Gæðaráðs íslenskra háskóla

Gæðaráð íslenskra háskóla óskaði eftir tilnefningu stúdenta í REAC - Research Evaluation Advisory Committee (ráðgjafarnefnd vegna rannsókna á háskólastigi) þar sem tímabil fyrrum stúdentafulltrúa var að ljúka.

→ Stúdentafulltrúi 2020-2023:

- Bjarki Þór Grönfeldt Gunnarsson, doktorsnemi í stjórnmálasálfræði við Háskólann í Kent

→ Stúdentafulltrúi 2023-2025

- Piergiorgio Consagra, doktorsnemi í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands

LÍS fékk beiðni um að tilnefna stúdentafulltrúa til setu í Gæðaráði þar sem tímabil fyrrum stúdentafulltrúa var að ljúka. Staðan var auglýst á samfélagsmiðlum samtakanna og hjá ESU - European Student Union.

→ Stúdentafulltrúi 2019-2022:

- Oisín Hassan, lögfræðinemi við Queen's University Belfast

→ Stúdentafulltrúi 2022-2024

- Liv Teresa Muth, doktorsnemi í iðnaðarlíftækni við Ghent háskóla

Gæðaráð hélt utan um þrjár gæðaúttektir á þessu starfsári. Óskað var eftir stúdentafulltrúum til að sitja í úttektarteymum ásamt erlendum sérfræðingum.

→ Háskólinn á Bifröst

- Erlingur Sigvaldason, kennaranemi við Háskóla Íslands

→ Landbúnaðarháskólinn á Akureyri

- Sigtýr Ægir Kára, arkitektnemi við Listaháskóla Íslands

→ Lögreglufræðinám við Háskólann á Akureyri

- Kolbrún Lára Kjartansdóttir, kennaranemi við Háskóla Íslands



1.4.3 Fulltrúar í ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara

Mennta- og barnamálaráðuneyti óskaði eftir tilnefningu stúdenta í ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara. Skipunartími er til 3. júní 2024. Tilnefningar LÍS voru eftirfarandi:

- Rannveig Klara Guðmundsdóttir, aðalfulltrúi
- Erlingur Sigvaldason, varafulltrúi

1.4.4 Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema

Háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti óskaði eftir fulltrúa stúdenta í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema og öðrum til vara. Eftirfarandi aðilar voru tilnefndir:

- Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, aðalfulltrúi
- Aldís Mjöll Geirsdóttir, varafulltrúi

1.5 Almennt um fundarhald

Fundarhald fór fram með blönduðum hætti á starfsárinu. Alla jafna komu þau sem búsett eru á höfuðborgarsvæðinu á staðfundi en fulltrúar á landsbyggðunum og erlendis nýttu sér fjarfundarbúnað. Vorið 2023 var sú nýjung tekin upp á fulltrúaráðsfundum að fundirnir voru ekki haldnir í höfuðstöðvum LÍS heldur í húsakynnum aðildarfélaganna. Fundir voru haldnir í Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Landsþing LÍS var haldið í Háskólanum á Akureyri.

1.5.1 Tungumál á fundum

Haldið var áfram að reka störf samtakanna á íslensku og á ensku þegar þörf krefðist. Á landsþingi 2021 var lögð fram lagabreytingartillaga varðandi vinnutungumál samtakanna sem var samþykkt. Þar sem u.þ.b. 10% stúdenta á Íslandi eru af erlendum uppruna er það brýnt fyrir samtökin að koma til móts við þau með því að vera eins aðgengileg og hægt er og hafa útgefið efni o.fl. á ensku.



2. Starfsemi Landssamtaka íslenskra stúdenta

2.1 Endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna

Inngangur

Endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna var áherslumál á starfsárinu. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 skal fara fram endurskoðun á lögnum innan þriggja ára frá því þau komu til framkvæmda og niðurstöður endurskoðunarinnar kynntar eigi síðar en á haustþingi 2023.

Á samráðsfundi stúdenta með ráðherra þann 14. júní 2022 tilkynnti ráðherra stúdentum að senn myndi ráðuneytið hefja vinnu vegna endurskoðunarinnar og óskaði eftir fyrstu viðbrögðum stúdenta varðandi endurskoðunina. Var sérstaklega óskað eftir tillögum stúdenta að samráðsferli og fyrstu efnislegu athugasemdum. Þann 23. ágúst sendi LÍS fyrir hönd stúdentahreyfinganna minnisblað til ráðherra með fyrstu viðbrögðum um endurskoðunina og óskuðu forseti LÍS og lánasjóðsfulltrúi SHÍ eftir fundi með ráðherra til þess að ræða sýn stúdenta á endurskoðunarferlið framundan. Við því var ekki orðið.



Á fundi fulltrúaráðs LÍS þann 20. September var samþykkt að stofna vinnuhóp sem myndi vinna að því að móta áherslur stúdenta í fyrirhugaðri endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna. Hópurinn var samsettur einum fulltrúa frá einkareknu háskólunum, einum fulltrúa frá SÍNE og einum fulltrúa frá opinberu háskólunum. Framkvæmdastjórn LÍS skyldi skipa einn fulltrúa úr sínum röðum sem tekur forsæti í hópnum. Vinnuhópnum var heimilt að tilnefna fimmta meðlim í hópinn sem starfar með

hópnum að gefnu samþykki fulltrúaráðs. Vinnuhópurinn vann í samráði við fulltrúaráð LÍS að ítarlegum kröfum stúdenta. Þær má finna neðar í þessari skýrslu. Í kjölfarið var lagt upp með að gera kröfur stúdenta sem bestu skil, bæði gagnvart stúdentum og stjórnvöldum. Haldinn var kynningarfundur, fundað með ólíkum hagaðilum og að lokum skipulögð umfangsmikil auglýsingaherferð um málið. Í vinnuhópnum sátu:

- Alexandra Ýr van Erven, frá LÍS
- María Nína Gunnarsdóttir, frá SFHR
- María Sól Antonsdóttir frá SHÍ
- Nanna Hermannsdóttir frá SÍNE
- Rebekka Karlsdóttir frá SHÍ

Á reglulegum samráðsfundi með ráðherra þann 4. október 2022 tilkynnti ráðherra að um miðjan mánuð myndi hefjast 6 vikna *sprettur* í ráðuneytinu þar sem vinna átti að endurskoðun menntasjóðsins. Í kjölfari óskaði forseti LÍS eftir fundi með ráðherra á tíma spreddsins til þess að fara yfir áherslur stúdenta í endurskoðuninni. Það gekk ekki eftir. Í símtali á milli aðstoðarmanns ráðherra og forseta LÍS í október kom fram að þessi sprettur yrði svokallaður 1. fasi endurskoðunarinnar og á tíma hans yrði unninn gagnaöflun og greiningarvinna en ekki stefnumótun.

Þann 28. nóvember funduðu Alexandra Ýr van Erven, María Sól Antonsdóttir og Nanna Hermannsdóttir með sérfræðingum ráðuneytisins um kröfur stúdenta. Þar var farið ítarlega yfir þær kröfur sem stúdentar höfðu unnið. Á þeim fundi kom fram að nú væri áætlað að 1. fasa myndi ljúka fyrir áramót og yrðu næstu skref metin að honum loknum.

Í desember barst samtökunum erindi frá stjórn Menntasjóðs námsmanna þar sem kallað var eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila við undirbúning endurskoðunar laga nr. 60/2020 um



Menntasjóð námsmanna. Það vakti furðu hve seint erindi menntasjóðsins barst. Sendi LÍS svör við þeirri beiðni og voru svörin byggð á fyrrnefndum kröfum stúdenta.

Þann 20. desember á samráðsfundi stúdenta með ráðherra kom fram að stjórn Menntasjóðsins hefði enn ekki skilað sinni skýrslu um endurskoðunina. Ráðuneytið taldi nauðsynlegt að bíða eftir þeirri skýrslu áður en umfang endurskoðunarinnar, næstu skref og tímalína yrði ákveðið. Því var ný áætlun að niðurstöður þessa 1. fasa lægju fyrir um miðjan janúar og óskuðu stúdentar eftir þeirri niðurstöður við fleira en eitt tilefni en án árangurs.

Þann 17. janúar á mánaðarlegum samráðsfundi ráðherra með stúdentum kom fram að skýrsla menntasjóðsins hafði enn ekki borist og því væri ekki hægt að hefja næstu skref endurskoðunarinnar.

Á næsta samráðsfundi þann 21. febrúar var menntasjóðurinn ræddur á ný. Forseti LÍS tjáði óánægju á skorti á samráði yfir veturinn og lýsti yfir áhyggjum á því hvar málið væri statt.

Þann 21. mars tilkynnti ráðherra á samráðsfundi að skýrsla Menntasjóðsins hefði borist. Í ljósi þessa væri loks hægt að hefja næsta kafla endurskoðunarinnar og eiga almennilegt samráð við stúdentana.

Þann 17. apríl áttu forseti LÍS, forseti SHÍ, lánasjóðsfulltrúi SHÍ og sviðsforseti hugvísindasviðs innan SHÍ fund með sérfræðingum ráðuneytis háskólamála. Á þeim fundi var reiknilíkan háskólanna og Menntasjóður námsmanna til umræðu. Á fundinum kom fram að mikil vinna ætti sér stað innan ráðuneytisins um endurskoðunina en ekki fengust svör við því í hverju sú vinna fæli í sér. Þá voru gefin fyrirheit um að nú færi almennilegt samráð af stað. Forseti LÍS taldi það jákvætt en tók fram að slík fyrirheit hefðu áður verið gefin og því væri mikilvægt að staðið yrði við orðin. Á fundinum kom einnig fram að stúdentar gætu ekki fengið afhent þau greiningargögn sem væri verið að undirbúa í ráðuneytinu um þessar mundir þar eð ráðuneytið afhendir ekki vinnugögn. Þá óskuðu stúdentar eftir upplýsingum um hvað væri verið að greina án þess að greiningin sjálf fylgdi. Tekið var jákvætt í þá beiðni og átti hún að berast í kjölfar fundarins. Hún hefur þó enn ekki borist þrátt fyrir ítrekun.

Á öllum samráðsfundum vetrarins hafði stúdentana forystan lagt ríka áherslu á að tækifærið sem hin lögbundna endurskoðun veitir yrði nýtt til hins ítrasta. Þar sem enginn vinnuhópur var stofnaður með hagaðilum um málefnið reyndist erfitt fyrir fulltrúa stúdenta að fá upplýsingar um hvar vinnan væri stödd hverju sinni, hver yrðu áhersluatriði endurskoðunarinnar og hver tímalína málsins væri.

2.1.1 Auglýsingaherferð

LÍS lagðist í kröftuga auglýsingaherferð um námslánakerfið að vori 2023. Aðildarfélög LÍS tóku virkan þátt í gerð herferðarinnar ýmist með vinnu- eða fjárframlagi. Nemendafélag Háskólans á Bifröst, Samband íslenskra námsmanna erlendis, Stúdentaráð Háskólans á Akureyri, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Stúdentaráð Listaháskóla Íslands og Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík tóku öll þátt í kostnaði á herferðinni. Stofnaður var óformlegur vinnuhópur um skipulagningu herferðarinnar en í honum sátu forseti LÍS, lánasjóðsfulltrúi SHÍ og formaður Nemendafélags Háskólans á Bifröst.

Herferðin var unninn hjá auglýsingaskrifstofunni Sahara og aðstoðuðu þau okkur með ríkum hætti. Herferðin var byggð á kröfum LÍS vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna og bar yfirskriftina:

Háskólamenntun í hættu. Tilgangur

hennar er að vekja athygli á vanköntum námslánakerfisins og afleiðingum þeirra, fyrir stúdenta, háskólamenntaða og samfélagið í heild. Markmiðið er að þrýsta á stjórnvöld að gera nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi námslána.

Efni herferðar

Efni herferðarinnar eru fjögur myndbönd. Hið fyrsta er almennt um hlutverk Menntasjóðs námsmanna og markmið herferðarinnar, annað um námsstyrki að norrænni fyrirmynd, þriðja um vexti á námslánnum og hið fjórða um framfærslulán. Auk þess voru unnar myndir fyrir samfélagsmiðla sbr. myndirnar hér að ofan.

Þá ver gerð sérstök lendingarsíða á heimasíðu LÍS: <https://studentar.is/hsklamenntun-httu> þar sem allt efni herferðarinnar ásamt kröfum stúdenta var sett skilmerkilega upp. Leitast var við



að hafa efni á lendingarsíðunni með auðlesnu máli. Allt kostað efni herferðarinnar vísaði beint inn á lendingarsíðuna og fékk hún góða traffik.

Auglýsingar frá LÍS yfir tímabil herferðarinnar náðu í heildina 562.096 birtingum. Auglýsingarnar náðu til 134.280 einstaklinga og náðu 102.492 svörum (*e. post engagements*) sem tekur saman alla virkni frá notendum á auglýsingarnar þ.e. læk, komment, deilingar, myndband opnað, ýtt á "*see more*" o.s.frv. Auglýsingar frá LÍS yfir tímabil herferðarinnar skiluðu 8.265 smellum inn á heimasíðuna á efni um Háskólamenntun í hættu. Hlutfall smella inn á heimasíðu miðað við fjölda birtinga, var almennt 1,47% en í "*traffic*" herferðum var það að meðaltali 3,49% sem er vel yfir viðmiði sem er um 1% í góðum herferðum skv auglýsingastofu.

Herferðin vakti góða athygli fjölmiðla og skapaðist í kjölfar hennar töluvert umtal um lánasjóðskerfið í samfélaginu öllu.

Greinar um Menntasjóð námsmanna

Eftirfarandi greinar voru skrifaðar um Menntasjóð námsmanna á tímabilinu.

[Háskólamenntun í hættu](#), eftir Alexöndru Ýr van Erven

[Fyrir hverja er í boði að mennta sig?](#) Eftir Alexöndru Ýr van Erven

[Hagstæðustu lán sem vól er á?](#) Eftir Maríu Sól Antonsdóttir og Nönnu Hermannsdóttir

Kynningarfundur á kröfum stúdenta í Menntasjóðsmálum

Fimmtudaginn 2. febrúar var haldinn kynningarfundur á kröfum stúdenta vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna. Alexandra Ýr van Erven (forseti LÍS), Jóna Þórey Pétursdóttir (lánasjóðsfulltrúi SÍNE) og María Sól Antonsdóttir (lánasjóðsfulltrúi SHÍ) kynna kröfur stúdenta og svara spurningum að því loknu.

2.2 Alþjóðamál

2.2.1 Almennt

Í ár var loksins hægt að fara á erlendar ráðstefnur í persónu sem var viðburðaríkt. Alþjóðafulltrúi fór á allar helstu ráðstefnur erlendis fyrir hönd Landssamtök Íslenskra stúdenta.

Auk þess var sett í verk að endurvekja Erasmus Student Network á Íslandi þar sem öll lönd sem taka á móti Erasmus nemendum eru með slíkt tengslanet og kominn var tími á að Ísland væri með ESN. Alþjóðafulltrúi LÍS ásamt alþjóðafulltrúi SHÍ unnu að því saman og funduðu með Rannís, sem sér um Erasmus á Íslandi, og Erasmus Student Network í Brussel. Í febrúar var haldinn upplýsingafundur um Erasmus Student Network og farið yfir þau verkefni sem eru framundan til að endurvekja það á Íslandi. Í kjölfarið var auglýst í stjórn ESN Ísland og stjórnarmeðlimir voru valdnir í byrjun mars. Framundan er mikilvægt að LÍS hafi yfirsýn yfir þetta verkefni og þegar sótt verður um aðild næsta haust.

Alþjóðafulltrúi tók saman upplýsingar um alla tengiliði varðandi alþjóðamál hjá aðildarfélögum LÍS og mikilvægt er að halda því áfram svo að upplýsingar og kannanir frá samstarfsaðilum erlendis eru aðgengilegir fyrir fulltrúaráði.

Á síðasta starfsári var áhugi frá fulltrúaráði fyrir því að kanna landssamtök stúdenta í Bandaríkjunum og alþjóðafulltrúi hafði samband við United States Student Association en svar hefur ekki borist. Alþjóðafulltrúi spurði út í hvaða félög eru virk í hagsmunabaráttu stúdenta í Bandaríkjunum og þar var nefnt að Association of College Unions International og hægt væri að kanna frekari samskipti.

Alþjóðanefnd

Nefndarmeðlimir:

- Erla Guðbjörg Hallgrímsdóttir
- Saba Karanadze
- Sýlvía Lind Birkiland

Um störf nefndarinnar:

Alþjóðanefnd var ekki stofnuð fyrr en seinni partinn í september og ég ráðlegg að á næsta starfsári verður alþjóðanefndin mönnuð fyrir 1. september. Nefndin fundaði aðallega í kringum erlendar ráðstefnur. Þá sérstaklega fyrir þing European Student Union. Fyrsti fundur fór í það að kynna alþjóðastarfið fyrir nefndina þó aðallega Saba þar sem Sýlvía og Erla eru fyrrverandi alþjóðafulltrúar. Þar var farið yfir NOM, NAIS, ESU og verkáætlun ársins. Nefndarmeðlimir tóku þótt í rafrænum fundum um ýmis skjöl fyrir ráðstefnur sem ESU hélt fyrir landssamtök í Evrópu. Sýlvía og Saba voru virk allt starfsárið en Erla fór fæðingarorlof eftir áramót þannig nefndin var ekki full mönnuð. Sýlvía var í *Informal Working Group* til að fara yfir verklag ESU fyrir Georgíu. Samskipti nefndarinnar voru aðallega inn á slack og nefndarmeðlimum var bætt við alla hópa varðandi alþjóðamál, t.d. slack-rásir NOM og ESU.

2.2.2 Fundir og ráðstefnur 2022-2023

Alþjóðafulltrúi ásamt meðlimum alþjóðanefndar fór á ráðstefnur hjá European Student Union (ESU), NOM (Nordisk Ordforande Möte) og North Atlantic Island Student Cooperation (NAIS) í ár. Fjallað verður um þessar ráðstefnur hér að neðan. Þar að auki sat alþjóðafulltrúi í óformlegum vinnuhóp NOM sem vann að því að breyta handbók NOM fyrir vorráðstefnuna. Verkefnið fól í sér að koma með breytingartillögur fyrir ráðstefnuna og alþjóðafulltrúar frá Landssamtökum stúdenta í Noregi, Eistlandi og Íslandi unnu verkefnið í sameiningu. Inn á milli voru óformlegir fundir fyrir og eftir ESU ráðstefnur innan NOM og skipulagning var inn á slack.

Árlegar ráðstefnur

ESC 44

Nafn fulltrúa: Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir

Til hvaða lands var ferðast: Portúgal

Dagsetning ráðstefnu: 15.-17. September

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: ESU og FAIRe (Portugal)

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: 44th European Student Convention: Winter is Coming: how will students survive

Um miðjan september var *European Student Convention* (ESC), ráðstefna skipulögð af ESU en hún er haldin tvisvar á ári. Í þetta sinn var hún haldin í Portúgal hjá FAIRE- Federação Académica para a Portúgal sem eru samtök nemendafélaga í Portúgal. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við European Student Union. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Veturinn er að nálgast, hvernig eiga stúdentar að lifa af? Meginland Evrópa var að fást við mikla erfiðleika varðandi orkukostnað eftir innrás Rússlands í Úkraínu. Nemendur þurfa að borga fjórfalt í orku og rafmagnsnotkun og fengu ekki aðstoð við hækkun þeirra. Á ráðstefnunni var farið yfir hvernig er hægt að nota herferðir við hagsmunagæslu stúdenta, gæðamál í evrópu, sjálfbær háskólamenntun og undirbúning fyrir veturinn. ESU fór í herferð í kjölfarið: Education is freezing (Menntun er að frjósa) til að vekja athygli á þeim áhrifum sem aukinn kostnaður hefur á námsfólk og hvernig margir nemendur eiga ekki efni á hita og rafmagni fyrir komandi vetur. Landssamtök Stúdenta í Úkraínu komust ekki á ráðstefnuna en rætt var hvað stúdentahreyfingar geta gert til að sýna samstöðu. Einnig var rætt um þá afleiðingu stríðsins að karlkyns nemendur sem voru skráðir í háskóla utan úkraínu máttu ekki fara úr landi fyrir námið sitt vegna herskyldu karlmannna.

NOM 82

Nafn fulltrúa: Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir og Erla Hallgrímsdóttir

Til hvaða lands var ferðast: Svíþjóð

Dagsetning ráðstefnu: 20.-23. Október

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: SFS (Svíþjóð)

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: NOM 82: Falling through the cracks? Student work environment and mental health

Þann 20. október var haldinn hálfárslegur fundur NOM eða Nordisk Ordförande Möte. Þar koma saman fulltrúar stúdenta frá Norður- og Eystrarsaltsslöndum til þess að ræða sérstaklega aðstæður stúdenta í Norður-Evrópu. Skipulagning fundarins féll í hlut samtaka sænskra stúdenta. Fundinn sóttu alþjóðafulltrúi LÍS, Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, og meðlimur alþjóðanefndar, Erla Hallgrímsdóttir.

Á ráðstefnu NOM var rætt geðheilbrigðismál stúdent í Norðurlöndunum og öll löndin voru með kynningu um stöðu geðheilbrigðismála í sínum löndum. Alþjóðafulltrúi LÍS kynnti stöðu Íslands og hægt er að finna kynninguna inn á heimasvæði LÍS. Það er athyglisvert að nefna

að staða Íslands er verri en hinna norðurlandanna. Nemendur á Íslandi glíma við þunglyndi í meira mæli og fá síður aðstoð vegna geðheilsuvandamála. Það var þá sérstaklega rætt geðheilbrigðismál stúdenta eftir COVID faraldurinn. Að auki var fjallað um Erasmus skiptinám í norðurlöndunum og kom þar fram að Ísland tekur á móti mörgum Erasmus nemendum en ekki eru jafn margir héraendis að nýta tækifærið til að fara erlendis í skiptinám.

NAIS 4

Nafn fulltrúa: Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, Erla Hallgrímsdóttir og Sýlvía Birkiland

Til hvaða lands var ferðast: Danmörk

Dagsetning ráðstefnu: 18.-20. Október

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: MFS (Færeysjar)

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: North Atlantic Islands Students Cooperation 4th meeting

Yfirskrift: Mental Health and Sustainability

Þann 18. október var fundur meðal eyríkja Norður-Atlantshafsins í Kaupmannahöfn. Grænland, Færeysjar og Ísland eru hlut af sambandinu en Grænland (AVALAK) mætti ekki í persónu. Yfirskrift ráðstefnunnar var geðheilsa stúdenta og sjálfbærni. MFS (Landssamtök færeyskra stúdenta) fjallaði um nauðsyn þess að bæta geðheilbrigðisaðstoð í Færeysjum en þar er mikill vandi vegna langra biðlista, sem eru sambærilegir við stöðuna á Íslandi. Tór, fyrrverandi forseti MFS og núverandi meðstjórnandi í ESU, fjallaði um mikilvæg þess að tryggja sjálfbærni á öllum sviðum háskólans. Auk þess var rætt um að búa til handbók fyrir NAIS. AVALAK ræddu um erfiðleika samtakanna og gátu ekki séð fyrir sig að skipuleggja næsta NAIS ráðstefnu út af fjárhagslegum aðstæðum. Rætt hefur verið að halda NAIS fundi frekar árlega heldur en tvisvar á ári.

BM83

Nafn fulltrúa: Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, Sýlvía Birkiland og Alexandra Ýr van Erven

Til hvaða lands var ferðast: Tjekklands, Prag

Dagsetning ráðstefnu: 11.-17. Nóvember

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: ESU og SK RVS (Tékkland)

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: European Student Union 83rd Board Meeting

Þann 11. Nóvember sóttu fulltrúar LÍS aðalþing Evrópusambands stúdenta (European Students' Union - ESU) en það fer almennt fram tvisvar á ári, að vori og aftur að hausti. Nemendaráð háskólaráðs (SK RVŠ) er opinber fulltrúi háskólanema í Tékklandi og þau héldu ráðstefnuna ásamt ESU. Fyrir aðalþing eru alltaf tveir til þrír fyrirlestradagar þar sem er rætt um þau gögn sem liggja fyrir fundinn. Yfirlýsingar um fræðileg heilindi og nemendamiðað nám var meðal þess sem var lagt til samþykktar. LÍS kom með fjórar breytingartillögur sem hægt er að finna í möppu alþjóðamála. LÍS lagði m.a. áherslu á mikilvægi þess að háskólar séu með aðgerðir til að veita nemendum sem hafa orðið fyrir misnotkun, spillingu eða almennu ósanngirni vegna mismununar aðstoð. LÍS, USI (írskir stúdenta) og ISO (hollenskir stúdenta) komu með yfirlýsingu um mikilvægi hvíldartíma á ráðstefnum þar eð margir eiga í erfiðleikum með að sitja fundi frá kl. 8:00 að morgni til miðnættis. Samkvæmt verklagi ESU ber að hafa 10 klukkutíma hvíld á milli funda til að tryggja aðgengi þeirra sem glíma við hindranir en það var ekki virt. Yfirlýsinguna má finna í möppu BM83 í alþjóðamál.

ESC45

Nafn fulltrúa: Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir og Sýlvía Birkiland

Til hvaða lands var ferðast: Svíþjóð

Dagsetning ráðstefnu: 6.-10. mars

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: ESU og SFS (Svíþjóð)

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: European Student Convention 45 Towards sustainable societies: Student participation in higher education

Þann 6. mars sóttu fulltrúar LÍS ráðstefnu í Svíþjóð, Sigríður Helga alþjóðafulltrúi LÍS og Sýlvía Lind, meðlimur alþjóðanefndar fóru fyrir hönd LÍS. SFS- Landssamtök Sænskra Stúdenta og ESU héldu ráðstefnuna. Ráðstefnan var í Lund og Malmö og yfirskrift ráðstefnunnar var *Í átt að sjálfbærum samfélögum: Þátttaka nemenda í háskólanámi*. Sérfræðingar við háskóla í Svíþjóð voru með málstofur og fyrirlestra um sögu og framtíð stúdentafulltrúa í Svíþjóð, akademískt frelsi, heilsu og vellíðan, orkumál, stjórnmál og réttlæti, hlutverk háskólastigsins í að draga úr ójöfnuði, stúdentahúsnæði og gæðamál (Bologna Process).

Ráðstefnur eftir landsþing 2023

NAIS 5

-aflýst vegna fjárhagslega erfiðleika hjá AVALAK (Grænland)

Stefnt er á að LÍS haldi NAIS fundinn að hausti 2023

NOM83

-aflýst

BM84

Nafn fulltrúa: Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, Sylvía Lind Birkiland og Saba Karanadze

Til hvaða lands var ferðast: Georgía, Tbilisi

Dagsetning ráðstefnu: 1. maí til 8. maí

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: ESU og GSOA

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: European Student Union 84th Board Meeting: A European Future: What is the role of Higher Education

Þann 1. maí mættu Sigríður, alþjóðafulltrúi, ásamt alþjóðanefndameðlimum Sylvía og Saba í Tbilisi, Georgíu. ESU og Landssamtök Georgíska Stúdenta tók vel á móti okkur á Hualing Hotel. Fyrstu tvo dagana vorum við á málstofum í Georgia National University og Tbilisi State University og þema ráðstefnunnar var: *Framtíð Evrópu: Hvert er hlutverk Háskólanna*. Málstofurnar snerust um lýðræði, akademískt frelsi, geðheilbrigðismál stúdenta, hinsegin baráttuna í Georgíu, stúdentahreyfingar í Georgíu og kosningaumuræða fyrir frambjóðendur í næstu stjórn ESU. Þingið var haldið á hótelinu 4.-8. maí og í fyrsta sinn var það fjórir dagar en vanalega er þingið sjálf þrjú dagar. Fyrsta daginn samþykktum við skýrslur frá fráfarandi framkvæmdastjórn ESU og voru kosningar fyrir framkvæmdastjórn ESU. Dag tvö yfirförum við stefnu um alþjóðavæðingu og hreyfanleika og þar var LÍS með tillögu sem fjallaði um sérstakan stuðning fyrir foreldra í háskólanámi til þess að sækja skiptinám. Tillagan okkar og stefnan í heildina var samþykkt. Svo var farið yfir breytingartillögur fyrir verklag ESU og verklag varðandi fjármál (allt er inn a drive-inu). Siðareglur ESU voru lagðar fram og samþykktar. Skýrsla um stefnumörkun í kynjasambættingu og stefna um ráðstefnur nemendasamtaka í Evrópu voru samþykkt. Þriðji dag þingsins var farið yfir yfirlýsingu varðandi menntun til

sjálfbærrar þrónnuar og yfirlýsingu um framtíð Bologna ferlisins, bæði var samþykkt. USL sem eru ný landssamtök stúdenta í Úkraínu sótti um aðild að ESU í annað sinn og fengu það ekki en þau ætla að sækja um aðild aftur á næsta BM í Haust 2023. Fjórða daginn var farið yfir verkáætlun ESU 2023-2024, ályktanir frá aðildarfélum og tillögur um innra starf ESU. LÍS lagði fram ályktun um endurskoðun laga Menntasjóðs námsmanna og hún var einróma samþykkt (<https://esu-online.org/policies/bm84-resolution-on-the-icelandic-student-loan-fund/>).

Landssamtök Írskra Stúdenta (USI) lögðu fram ályktun varðandi stuðning við nemendur í Palestínu og tillögu um að ESU myndi aðstoða stúdentasamtök í Palestínu en bæði var hafnað. Landssamtök Ísraelska Stúdenta eru meðlimir að ESU og þótti þeim ályktunina endurspegla gyðingahatur.. LÍS studdi ályktun USI þar sem ESU hefur sýnt samstöðu með öðrum nemendum sem finna fyrir afleiðingum mannréttindabrota líkt og Íran, Úkraínu og Armeníu. Líklegt er að þetta mál verði aftur rætt á næsta BM.

2.3 Gæðamál

2.3.1 Almennt

Á þessu starfsári hefur farið fram öflugt samstarf við Gæðaráð íslenskra háskóla (GR), Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs (RGN) og gæðastjóra einstakra háskóla. Kolbrún Lára Kjartansdóttir, gæðastjóri LÍS og Alexandra Ýr van Erven, forseti LÍS voru tilnefndar til setu sem áheyrnarfulltrúar stúdenta í GR og sátu sem fulltrúar stúdenta í RGN. Samstarf við GR og RGN verður nánar lýst neðar í þessari skýrslu.

LÍS fékk beiðni um að tilnefna stúdentafulltrúa til setu í Gæðaráði. Staðan var auglýst á samfélagsmiðlum samtakanna og hjá ESU. Alls bárust 20 umsóknir og fór gæðanefnd LÍS yfir umsóknir. Umsóknirnar fóru í gegnum nafnlaust hæfnismat og voru 4 hæfustu einstaklingarnir tilnefndir til Gæðaráðs sem tók lokaákvörðun um fulltrúa. Í lokin var Liv Teresa Muth samþykkt sem fulltrúi stúdenta í Gæðaráði næstu tvö ár eða fyrir starfsárin 2022-2024. Liv er doktorsnemi í iðnaðarlíftækni við Ghent háskóla í Belgíu og hefur yfirgripsmikla reynslu af gæðamálum og hagsmunabaráttu stúdenta.

LÍS fékk aðra beiðni frá Gæðaráði um tilnefningu doktorsnema í Ráðgjafarnefnd um mat á rannsóknum ([REAC](#)). Auglýsing var send á netföng félaga doktorsnema við alla háskóla á Íslandi sem bjóða upp á doktorsnám ásamt því að auglýst var á samfélagsmiðlum samtakanna. REAC er ráðgefandi nefnd fyrir Gæðaráð íslenskra háskóla en í henni sitja fulltrúar frá hverjum íslenskum háskóla ásamt fulltrúa Gæðaráðs, formanni vísindanefndar vísinda- og tækniráðs, doktorsnema og nýdoktor. Fundað er ársfjórðungslega. Helstu skyldur REAC eru að styðja við mat á stjórnun rannsókna, þróun rannsóknarupplýsinga og þróun rannsóknarmats innan rammaáætlunar um eflingu gæða á sviði æðri menntunar ([QEF](#)) á sama tíma og tryggja áframhaldandi áherslu á að efla jákvæða námsupplifun stúdenta. Alls bárust 6 umsóknir í stöðu doktorsnema í nefndinni og svipað hæfnismat fór fram og við tilnefningu stúdentafulltrúa í GR þar sem að gæðanefnd LÍS fór nafnlaust yfir umsóknir og 2 hæfustu einstaklingar voru sendir til Gæðaráðs sem tók lokaákvörðun um fulltrúa. Piergiorgio Consagra var samþykktur sem fulltrúi doktorsnema í REAC en hann er doktorsnemi í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands.

Nokkrir meðlimir gæðanefndar LÍS mættu á [rafrænan fyrirlestur um gæði kennslu](#) á vegum Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs sem var haldin þriðjudaginn 22. Nóvember 2022.

Á fyrirlestrinum var erindi frá Dr. Marte Blikstad-Balas, prófessor í menntunarfræðum við Háskólann í Oslo. Fyrirsögn erindisins var: „Why are active, engaged students so crucial for good teaching - and how can we activate students more in the classroom?” og fjallaði erindið um hvað rannsóknir hafa að segja um mikilvægi virkra stúdenta og hvernig hægt sé að stuðla að þverfaglegri nálgun á námið þvert á námsgreinar og félagslegan bakgrunn stúdenta. Fjallað var um vitsmunalegrar áskoranir í því samhengi og kom hún með dæmi um kennslustundir sem einblína á að stúdentar taki virkan þátt í eigin námi.

Gæðastjóri LÍS, Kolbrún Lára Kjartansdóttir, fékk boð frá gæðastjóra Háskólans á Bifröst, Lydíu Geirsdóttur, að sækja fræðslu fyrir stúdentafulltrúa háskólans og vera með erindi/fræðslu um þátttöku stúdenta í gæðamálum. Gæðapjálfunin var haldin þriðjudaginn 11. Október 2022 kl 13:00 í húsnæði Háskólans á Bifröst í Borgartúni. Markmið fræðslunnar var að stúdentafulltrúar háskólans eflist í sínu hlutverki og þekki eigið hlutverk og réttindi þegar kemur að því að vera í forsvari fyrir hagsmuni stúdenta. Erna Sigurðardóttir, kennari Lagadeildar og fyrrverandi Gæðastjóri LÍS árið 2017-2018 fór yfir sína reynslu af gæðamálum og leiðir stúdenta til að hafa áhrif á eigið nám. Í lokin talaði Kolbrún Lára Kjartansdóttir um stöðu gæðamála í íslensku háskólasamfélagi í dag og fræddi stúdentafulltrúa um innri starfsemi LÍS og tengingar við Gæðaráð og Ráðgjafarnefnd.

Gæðanefnd

Nefndarmeðlimir

- Kolbrún Lára Kjartansdóttir, gæðastjóri
- Birgitta Ásbjörnsdóttir, Háskólinn á Bifröst
- Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir, Háskólinn á Akureyri
- Erla Salome Ólafsdóttir, Háskólinn á Akureyri



Ráðgjafarnefnd

Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla (RGN) var skipuð eftirfarandi meðlimum:

Háskólinn á Akureyri: Vaka Óttarsdóttir, formaður

Landbúnaðarháskóli Íslands: Guðmunda Smáradóttir

Háskólinn á Bifröst: Lydía Geirsdóttir

Háskólinn á Hólum: Edda Mattíasdóttir

Listaháskóli Íslands: Sóley Björt Guðmundsdóttir

Háskóli Íslands: Eiríkur Stephensen (til desember 2022), Katrín Frímannsdóttir (frá desember 2022)

Landssamtök íslenskra stúdenta: Alexandra Ýr van Erven og Kolbrún Lára Kjartansdóttir.

2.3.2 Sumarfundur Ráðgjafarnefndar

Sumarfundur Ráðgjafarnefndar Gæðaráðs íslenskra háskóla (RGN) var haldið fimmtudaginn 2. júní á Bifröst. Á fundinum fór Sigríður Geirsdóttir, sérfræðingur hjá Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytinu yfir áherslur á gæðamál háskóla í nýju ráðuneyti. Þar kynnti hún einnig MICROBOL sem leggur áherslu á *ör-skirteini* sem háskólastofnanir geta veitt ásamt *örnámi* sem myndi standa öllum til boða. Þessi námsleið myndi henta m.a. fólki á vinnumarkaðnum til að taka stutt nám sem mun nýtast í starfi. Á fundinum var einnig farið yfir stjórnunarkerfi gæða, símat og reglulegt mat á námsleiðum og rætt um reynslu RGN af QEF2 og æskilegar áherslur í QEF3. Í lokin hélt Kolbrún Lára stutta kynningu um valdeflingu stúdenta í gæðastarfi. Í kynningunni minntist Kolbrún á [samstarfsstefnu LÍS](#) og þær leiðir sem háskólar og starfsfólk geti leitað til að styrkja þátttöku stúdenta í gæðastarfi. Helstu leiðirnar sem voru nefndar voru að hafa viðurkenningu eða laun fyrir þátttöku, bjóða stúdentum að vera með frá upphafi og þegar kemur að nefndum og ráðum með stúdentafulltrúum væri alltaf æskilegast að hafa tvo stúdenta til að jafna valdamismuninn.

2.3.3 Gæðaráð íslenskra háskóla

LÍS skipar tvo fulltrúa stúdenta, fullgildan og áheyrnarfulltrúa, en þar sitja Liv Teresa Muth sem fullgildur meðlimur og Kolbrún Lára Kjartansdóttir sem áheyrnarfulltrúi og Alexandra Ýr van Erven sem varaáheyrnarfulltrúi. Quality Enhancement Framework 2nd cycle (QEF II) hélt áfram þetta árið og var könnun send á alla stúdenta sem hafa tekið þátt í úttektum og mati á gæðum í háskólum á Íslandi.

2.3.4 Endurskoðun á QEF2 og innleiðing QEF3

Á sjö ára fresti skal rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi vera endurskoðuð en önnur umferð rammaáætlunarinnar lýkur 2023. Í janúar 2022 var settur á stofn stýrihópur sem stjórnar þessari endurskoðun og sat fyrrum Gæðastjóri LÍS, Björgvin Ægir Elisson í þeim stýrihóp ásamt meðlimum úr Gæðaráði íslenskra háskóla og Ráðgjafanefnd gæðaráðs. Kolbrún Lára Kjartansdóttir, gæðastjóri 2022-2023 tók svo við keflinu af Björgvini þegar hún tók við embætti.

Uppfærð Handbók Gæðaráðs fyrir QEF3 er í vinnslu núna og verða fyrstu drög send til helstu hagsmunaaðila haustið 2023 og mun verða gefin út í byrjun 2024. Handbókin verður skýrari og aðgengilegri heldur en fyrri útgáfur og verður útgefin á íslensku og ensku. Handbókin verður með dæmi um „góð gæði” sem hægt verður að miða við. Þrátt fyrir gæðaviðmiðin í handbókinni (e. framework) þá verða þau sveigjanleg þar sem áhersla verður á breið viðmið í staðin fyrir „checklista” og eiga að henta fyrir alla háskólana. Úttektarteymin í IWR munu því öll hafa sömu viðmið út frá gæðahandbókinni. Nánari útskýringar verða aðgengilegar á vefsíðu GR og uppfærðar þar reglulega í gegnum ferlið þegar þörf er á, í samráði við ráðgjafarnefnd. Site visits frá úttektarteymunum gætu orðið degi lengri, sex dagar í stað 5 daga, til að gefa teymunum lengri tíma í persónu til að gera drög að skýrslu. Það verður gert til að koma til móts við athugasemdir frá fyrri úttektarteymunum. Þjálfun úttektarteymanna verður meiri í upphafi úttektanna til þess að skýrslurnar verði samheldnari.

2.3.5 Gæðaeftling á Grænlandi

Gæðastjóri LÍS 2021-2022 hóf störf í stýrihóp á vegum Gæðaráðs íslenskra háskóla um innleiðingu gæðakerfis í háskólum á Grænlandi og tók Kolbrún Lára, gæðastjóri 2022-2023 við keflinu. Í stýrihópnum sitja Crichton Lang, Vaka Óttarsdóttir, Kolbrún Lára Kjartansdóttir, Marianne Nissen, Christel Lund Bøjler, Gestur Hovgaard, Norman Sharp og Skúli Skúlason. Fyrsti fundur stýrihópsins var haldinn 6. desember 2022. Í byrjun febrúar 2023 fóru Crichton Lang og Vaka Óttarsdóttir til Grænlands til að funda með fulltrúum grænlenku háskólanna og meta stöðu núverandi gæðakerfis. Stefnt er að ferð stýrihópsins til að byrja innleiðingu nýs gæðakerfis sumarið 2023.

2.3.6 Árleg ráðstefna Gæðaráðs íslenskra háskóla

Gæðaráð bað LÍS um að tilnefna stúdentafulltrúa til að vera með erindi á árlegri ráðstefnu GR sem haldið var 16. maí í Háskólanum í Reykjavík. Birgitta Ásbjörnsdóttir var tilnefnd af framkvæmdastjórn LÍS til að vera með erindi um reynslu og upplifun stúdenta af fjarnámi og rafrænum kennsluháttum. Stúdentafulltrúar frá öllum íslenskum háskólum fengu boð á ráðstefnuna en sérstök áhersla var lögð á samtal í gegnum vinnustofur til að raddir stúdenta heyrir. LÍS skipulagði því sérstaka vinnustofu fyrir fulltrúa stúdenta á ráðstefnunni þar sem sjónarmið nemenda á gæðaúttektir voru í forgrunni. Ráðstefnan gekk vel og munu niðurstöður úr vinnustofum stúdenta gagnast í innleiðslu QEF3.

2.3.7 Fundir LÍS með skrifstofu Gæðaráðs

Þann 7. júní áttu Alexandra Ýr van Erven, Björgvin Ægir Elisson og Kolbrún Lára Kjartansdóttir fund með skrifstofu Gæðaráðs. Á fundinum var rætt um erfiðleika við að finna stúdentafulltrúa og áheyrnarfulltrúa í Gæðaráð. Stefnt var að því að auglýsa hlutverkin vel yfir sumarið ásamt því að senda skilaboð á mögulega aðila. Í kjölfarið var rætt um frekara samstarf og samskipti á milli skrifstofu LÍS og skrifstofu Gæðaráðs. Tekið var vel í það og samþykkt að halda mánaðarlega fundi með Þorgerði Eddu, starfsmanni gæðaráðs og forseta og gæðastjóra LÍS.

Í kjölfar fyrsta fundar skrifstofu LÍS og skrifstofu GR voru haldnir reglulegir fundir á 4-6 vikna fresti. Á fundum var farið yfir komandi verkefni viðkomandi aðila og beiðnir frá Gæðaráði um stúdentafulltrúa í ýmis verkefni og nefndir á vegum GR.

2.3.8 Fundir LÍS með Gæðaráði íslenskra háskóla

Gæðaráð íslenskra háskóla fundaði með fulltrúum LÍS 20. september 2022, 15. nóvember 2022, 7. febrúar 2023 og 17. Maí 2023. Á fundunum komu fulltrúar LÍS, Alexandra Ýr van Erven og Kolbrún Lára Kjartansdóttir með uppfærslur af stöðu stúdenta og hagsmunamála fyrir Gæðaráðið.

2.3.9 Gæðaúttektir

LÍS tilnefna ávallt tvo stúdentafulltrúa til Gæðaráðs vegna gæðaúttekta við háskóla. Gæðaráðið tekur þær tilnefningar til skoðunar og hefur svo úrslitavald um hvor einstaklingurinn hlýtur starfið. Þrjár úttektir voru haldnar á þessu starfsári en það voru stofnanaúttektir við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Bifröst og sérstök úttekt á Lögreglufræði við Háskólann á Akureyri að ósk Háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins og Dómsmálaráðuneytisins. Stúdentafulltrúarnir sem voru valdir í þessar úttektir voru Sigtýr Ægir Kárason, Erlingur Sigvaldason og Kolbrún Lára Kjartansdóttir.

Landbúnaðarháskóli Íslands

- Maria Knutson Wedel (Formaður úttektarteymis), Rektor sænska landbúnaðarháskólans.
- Pekka Auvinen (Meðlimur úttektarteymis), Varaforseti Karelia Háskóla um hagnýt vísindi og formaður æðri menntunarnefndar FINEEC, Finnlandi
- Tatjana Volkova (Meðlimur úttektarteymis), Formaður EUA-IEP stýrinesfndar og fyrrverandi rektor, BA viðskipta og fjármála háskóla, Lettlandi
- Sigtýr Ægir Kárason (Meðlimur úttektarteymis), stúdent við Listaháskóla Íslands.

Háskólinn á Bifröst

Meðlimir í úttektarteymi:

- Alan Davidson (Formaður úttektarteymis), Alþjóðlegur gæðaráðgjafi í háskólanámi, fyrrverandi deildarforseti fyrir eflingu náms, kennslu og námsmats, Robert Gordon háskóla, Skotlandi.
- Anneli Pirttila, (Meðlimur úttektarteymis) Fyrrverandi rektor við Saimaa Háskóla um hagnýt vísindi.

- Raymond Smith (Meðlimur úttektarteymis og ritari), Háskólaráðgjafi í Bretlandi.
- Erlingur Sigvaldason (Meðlimur úttektarteymis), stúdent við Háskóla Íslands.

Lögreglufræði við Háskólann á Akureyri

Meðlimir í úttektarteymi:

- Rachel Cragg (Formaður úttektarteymis), aðstoðar rektor menntunar og stafrænna vísinda við Buckinghamshire New University og fyrrverandi yfirmaður námskrárhönnunar og þróunar, National Policing Improvement Agency (NPIA).
- Kimmo Himberg (Meðlimur úttektarteymis), Fyrrverandi rektor finnska lögregluháskólans.
- Kolbrún Lára Kjartansdóttir (Meðlimur úttektarteymis), Meistaraneemi Háskóla Íslands á Menntavísindasviði og gæðafulltrúi LÍS.
- Karen Willis (Meðlimur úttektarteymis og ritari), Prófessor Emerita og ráðgjafi við akademísk gæði og eflingu gæða við Háskólann í Chester.

2.4 Jafnréttismál

2.4.1 Almennt

Í byrjun árs fór mikill tími í að hefja á ný það sem COVID-19 hefði hamlað. Meðal annars fór mikill kraftur í að endurvekja verkefni Student Refugees Iceland og Réttinda Ronju. Samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna átti sér einnig stað í byrjun starfsársins. LÍS tók þátt í gleðigöngunni ásamt nokkrum meðlimum aðildarfélaganna til að styðja við rétt og hagsmunabaráttu hinsegin stúdenta. Haldin var skiltagerð fyrir gönguna og tóku margir þátt í göngunni á vegum LÍS. Tekið var þátt í Jafnréttisdögum háskólanna í ár með pallborðsumræðuna „Computer says no - Experiences and narratives of university students with a foreign background” á vegum verkefnanna Student Refugees Iceland og Sprettur.

2.4.2 Samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna

Þann 8. september var samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna haldinn, að þessu sinni í Landbúnaðarháskólanum. Þar voru jafnréttisverkefni LÍS kynnt fyrir jafnréttisfulltrúum háskólanna. Einnig kynntu skólarnir áætlanir þeirra og verkefni sem stuðla að jafnrétti í hverjum og einum skóla. Eftir þessar kynningar kom fram mikill áhugi um verkefnið Réttinda Ronja og mikilvægi að uppfæra heimasíðuna reglulega.

Þann 24. mars var vörfundur samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa. Á þeim fundi mætti ásamt fulltrúa LÍS, fulltrúi frá Q-félagi hinsegin stúdenta, jafnréttisnefnd SHÍ og femínistafélagi Háskóla Íslands. Þar voru áherslur félaganna í jafnréttismálum ræddar.

Á næsta starsfári ætti að kanna möguleika á frekari samráði á milli jafnréttisfulltrúa LÍS og jafnréttisfulltrúa háskólanna.

2.4.3 Réttinda-Ronja

Starf Réttinda Ronju hélt áfram eins og venjulega. Til að gera vefsíðu Réttinda Ronju sjálfbærari var fundað með Sigvalda Sigurðarsyni, sem tók þátt í að koma Réttinda Ronju af stað, þar sem hann á reynslu við svipuð verkefni. Nýr spurningalisti varðandi aðgengi innan háskólanna var

gerður og skrifaður á auðlesnu mál. Áætlunin er að geta sent þennan lista á alla háskólanna reglulega og þannig væri hægt að fylgjast með uppfærðum upplýsingum varðandi aðgengi. Fulltrúar LÍS eiga í góðum samskiptum við Öryrkjabandalagið um framtíð Réttinda-Ronju og er stefnt að því að vinna í uppfærslu síðunnar að sumri 2023 í samvinnu við Öryrkjabandalagið.

2.5 Student Refugees Iceland

2.5.1 Almennt

Student Refugees Iceland í ár hefur gengið frábærlega í ár. Umsóknarkaffi voru haldinn mánaðarlega og tvær þjálfunarbúðir (ein í september og ein í janúar). Student Refugees Iceland fékk 250.000 krónu styrk frá Landsbankanum í vetur og það munaði öllu að hafa fjármagn sem er þá sérstaklega fyrir Student Refugees Iceland. Í ár hefur Student Refugees Iceland verið sýnilegra og höfum við náð að vekja athygli á starfsemi SRI. Einnig höfum við náð að funda með öðrum verkefnum og stofnunum til að vekja athygli á Student Refugees Iceland og að byggja samstarf. Viðburði SRI voru auglýstir á facebook og deilt í facebook hópa sem tengjast flóttafólki. Fyrir framtíð verkefnisins er nauðsynlegt að halda áfram að reyna að fá styrki til þess að geta ráðið verkefnastjóra í hlutavinnu þar sem verkefnið er mikilvægt og krefst mikillar athygli. Stefnt er að því að óska eftir sérstöku fjármagni frá ráðuneyti háskólamála fyrir verkefninu enda er viðeigandi aðstoð fyrir flóttafólk í háskólum vaxandi viðfangsefni. Í framtíðinni gæti verkefnið orðið sjálfbært en það krefst vandlegar vinnu og undirbúnings. Eins og staðan er núna þá hefur verið rætt að skipuleggja viðburð á International Refugee Day þann 20. júní og pallborðsumræða um aðgengi flóttafólks að háskólamenntun á Íslandi. Vinna hefur verið sett í að búa til verndarstefnu fyrir verkefnið með aðstoð frá verkefninu Sprettur. Verkefnið hefur haft samband við Sigrúnu Erlu Egilsdóttur til að taka þátt í pallborðsumræðu. Þörf er á að uppfæra upplýsingar á vefsíðu Student Refugees Iceland um alla háskólanna. Miðað hefur verið á FAQ skjal frá upphaf verkefnisins og það hefur verið að færa upplýsingar inn á excel skjal inn á Student Refugees Iceland Drive-inu.

Sjálfbodaliðar

- Jóhanna Pétursdóttir
- Maya Conteh-McKay
- Juan José Colorado Valencia
- Angela
- Armando Garcia
- Ida Logadóttir
- Lovísa Ragna Blöndal

Fleiri mættu á þjálfunarbúðir hjá SRI í haust og vor en nöfnin fyrir ofan eru sjálfboðaliðarnir sem eru virk. Mandi styrkti SRI með því að sjá um matinn í þjálfuninni í janúar 2023. Það voru þjálfunarbúðir 24. September og 28. Janúar. Allt varðandi þjálfunarbúðirnar eru inn á google drive info@studentrefugees.is. Öll samskipti við sjálfboðaliðanna fer fram á Slack og í ár stofnuðum við google aðgang fyrir sjálfboðaliða: volunteer@studentrefugees.is.

Umsóknarkaffi

- 5. Október 2022
- 3. Nóvember 2022
- 21. Nóvember 2022
- 1. Desember 2022
- 12. Janúar 2023
- 2. Febrúar 2023
- 2. Mars 2023
- 19. Apríl 2023

Á þessum sex mánuðum hafa yfir 60 einstaklinga leitað til Student Refugees Iceland og þá sérstaklega mætt á umsóknarkaffi. Allar upplýsingar eru skráð í Podio og það fer að nálgast að því að breyta áskriftinni þar sem við erum nánast búin að nýta allt sem aðganginn leyfir. Í ár hafði Sigríður Helga samband við Brauð og co í Laugardalnum og fengum frítt bakkelsi lok dags (kl. 16:00) til að bjóða upp á í umsóknarkaffinu. Ölgerðin hefur líka gefið SRI gos og snakk. Hildur Björgvinsdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarbókasafninu, hefur verið tengiliður SRI innan bókasafnsins. Öll umsóknarkaffi voru haldin í Borgarbókasafninu í Grófinni, einnig “jóna kósý” kaffið 14. des. Borgarbókasafnið skaffar kaffi og vatn fyrir okkur og samskiptin hafa verið mjög góð.

2.5.2 Heimasíða

Í september 2019 fór heimasíða verkefnisins í loftið og er hún í sífelldri þróun. Á meðal þess sem unnið er að eru auknar þýðingar á síðunni, enda grundvöllur verkefnisins að ná til víðtæks hóps flóttamanna, en á þessum tímapunkti er efni síðunnar á fimm tungumálum: íslensku, ensku, spænsku, frönsku og arabísku. Það sem við erum að vinna í núna er að uppfæra vefsíðuna og höfum við náð að gera það á íslensku og ensku en þörf er á frekari mannafla til þess að uppfæra textann á öllum tungumálum. Heimasíðan hefur ekki verið í forgangi á þessu ári en við höfum bætt við upplýsingum t.d. um umsóknarkaffi.

2.5.3 Kynningar- og samstarfsmál

Student Refugees Iceland hefur verið í miklum samskiptum við verkefnið Sprett. Sprettur er verkefni á vegum Háskóli Íslands sem aðstoðar stúdenta með erlendan bakgrunn. Nílsína Larsen og Sabrina Rosazza eru tengiliðir okkar hjá Sprett og við skipulögðum pallborðsumræðu um upplifanir og frásagnir háskólanemenda með erlendan bakgrunn á jafnréttisdögum háskólanna 7. febrúar. Meðal annars vorum við með málstofu 22. nóvember um að skapa verndarstefnu fyrir Student Refugees Iceland. Rauði krossinn hefur haldið tvo samráðsfundi fyrir verkefnið og stofnanir sem eru að aðstoða flóttafólk og hælisleitendur. Við höfum líka fundað með Rauða krossinum í upphaf starfsársins. Sóley Ómarsdóttir hjá Rauða Krossinum mætti á þjálfunarbúðir hjá okkur og var með “Psycho social support” námskeið fyrir sjálfboðaliða SRI. Erika Loftgren frá UNHCR- Nordic and Baltic region, hefur verið í sambandi við Student Refugees Iceland varðandi “Educational Pathways for Refugees” sem eru öruggar leiðir fyrir flóttafólk til að læra í Evrópu. Við funduðum tvisvar á zoom og svo kom hún og samstarfsskona hennar til Íslands og voru með kynningu á skrifstofu LÍS 15. febrúar. Ályktun um öruggar leiðir fyrir flóttafólk til að læra á Íslandi var unninn í kjölfarið og byggði á þeim upplýsingar sem UNHCR kynnti fyrir LÍS. Breska Sendiráðið hefur haft samband við SRI, þá sérstaklega starfsmaður sem heitir Jasveen Kakaria. Hún vildi bjóða flóttafólki upp á tækifæri til að kynna starfsemi sendiráðsins. Þessi heimsókn á að gerast í lok mars.

2.6 Loftslagsverkfall

LÍS er eitt af þeim samtökum sem standa að Loftslagsverkfallinu (e. Fridays for Future). Loftslagsverkefnið er samstarfsverkefni og að því koma m.a. Ungir Umhverfissinnar, Stúdentaráð Háskóla Íslands og Samband íslenskra framhaldsskólanema. Fulltrúi LÍS innan samstarfshópsins var Kolbrún Lára Kjartansdóttir og tók hún þátt í skipulagningu ýmissa viðburða. Einn stærsti viðburður starfsársins var Loftslagsfestival á Menningarnótt 2022 en þar flutti forseti LÍS ræðu.

Í febrúar 2023 var haldinn samráðsfundur skipuleggjenda loftslagsverkfallsins þar sem að Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð, Umhverfiráði Kvennaskólans í Reykjavík, Nemendafélagi Fjölbrautarskólans Ármúla, UngHeill, Háskólafélag Amnesty og Ung UNWomen var fagnað sem nýjum samstarfsaðilum að Loftslagsverkfallinu.

Mæting á Loftslagsverkfallið hefur minnkað töluvert í kjölfar heimsfaraldursins en föstudaginn 3. mars 2023 kl: 13:00 var haldið Alþjóðlegt Loftslagsverkfall á Austurvelli. Verkfallið var auglýst á samfélagsmiðlum og var skiltagerð í aðdraganda.

2.7 Staða flóttafólks í námi

Í samstarfi við ESU (European Student Union) kannaði LÍS stöðu úkraínskra háskólanema á Íslandi. Tilfnið var að vegna herskyldu þar í landi bárust fjölda tilkynninga frá karlkyns stúdentum að þeim væri ekki hleypt úr landi. Í upphaf stríðsins voru háskólanema undanskyldir herskyldu en haustið 2022 voru ferðir háskólanema hamlaðar við landamærin. Undanskyldan hafði ekki verið dregin formlega til baka en hún var ekki virt við landamærin. LÍS kallaði eftir upplýsingum frá háskólum á Íslandi um hvort væri dæmi um það að úkraínkir nemar við íslenska háskóla hefðu ekki getað mætt um haustið sökum þessa og voru dæmi þess efnis.

3. Innra starf

3.1 Almenn

Síðan samtökin voru stofnuð hefur verið rík áhersla lögð á að byggja upp sterkan grunn sem stendur af sér storminn og styður við frekari uppbyggingu. Það er gríðarlega mikilvægt verkefni fyrir hverja framkvæmdastjórn að styrkja stoðirnar og viðhalda því jákvæða starfi sem hefur átt sér stað síðustu ár og mun eiga sér stað á komandi árum. Þar spilar skýrt verklag sem og lög samtakanna stórt hlutverk. Í ljósi örrar þróunar samtakanna er mikilvægt að lögin séu skýr og sífellt í endurskoðun, líkt og samtökin hafa tileinkað sér og fest í lög. Þetta ár einkenndist af breytingum sem sneru að samhæfingu laga og verklags, þéttingu laga fyrir tilvonandi breytingar á framkvæmdastjórn fyrir komandi ár og til að gera starfsemi næstu ára eins skilvirk og mögulega er.

3.1.1 Vinnuþing

Framkvæmdastjórn skipuleggur vinnuþing eftir þörf hverju sinni. Á þessu starfsári var haldið skiptaþing fyrir nýkjörna framkvæmdastjórn og haustþing fyrir fulltrúaráð og nefndarmeðlimi.

3.1.2 Skiptaþing

Skiptaþing LÍS var haldið helgina 25. - 26. júní í Borgartúni og Listaháskólanum, Þverholti. Á laugardeginum voru kynningar frá fráfaramandi framkvæmdastjórn og fyrrum forsetum LÍS, þeim Nönnu Elísu Jakobsdóttur og Sigrúnu Jónsdóttur. Nanna Elísa sagði frá stofnun LÍS og Sigrún kynnti gildi LÍS og stóru málin sem samtökin hafa tekið að sér síðustu ár. Fráfaramandi framkvæmdastjórnarmeðlimir kynntu sín embætti fyrir arftökum sínum og í kjölfarið voru unnin verkefni til að koma nýrri stjórn inn í starfið.

Á sunnudag var farið yfir praktísk atriði varðandi innra starf og samskipti við stjórnarráð og fjölmiðla. Að lokum var haldin vinnustofa þar sem að lögð voru drög að framtíðarmarkmiðum samtakanna og áætlun fyrir 10 ára afmæli sem verður í nóvember 2023.

3.1.3 Haustþing

Haustþing LÍS var haldið laugardaginn 8. október í Borgartúni 6, höfuðstöðum samtakanna. Mæting frá aðildarfélögum og nefndarmeðlimum var góð. Sérstakur gestur og fyrrum LÍS-ari Helga Lind Mar setti þingið með hvetjandi hugvekju og umræðu um stofnun LÍS og mikilvægi starfsins. Þar á eftir tóku meðlimir framkvæmdarstjórnar við og kynntu sínar verkáætlanir fyrir komandi starfsár.

Á fulltrúaráðsfundi fyrir haustþingið var þema landsþings LÍS ákveðið og verður þema ársins **fjölskyldumál stúdenta**. Í tengslum við það fengum við kynningar frá þremur mæðrum í háskólanámi, þeim Birgittu Ásbjörnsdóttur, hagsmunafulltrúa NFHB Jónu Guðbjörgu Ágústsdóttur, forseta fjölskyldunefndar SHÍ og Nönnu Hermannsdóttur, meðstjórnanda SÍNE.



Þær ræddu sína reynslu af því að vera foreldri, reynslu sína af lánasjóðskerfinu og háskólanámi almennt.

Við enduðum þingið í tveimur vinnustofum þar sem rætt var í þaula um hvaða málaflokkar innan stúdentabaráttunnar eiga að heyra undir fjölskyldustefnu og hvernig geta LÍS og stúdentahreyfingar beitt sér fyrir hagsmunabaráttu foreldra í námi.

3.1.3 Landsþing LÍS 2023

Landsþing LÍS fór fram á Háskólanum á Akureyri frá 29. mars til 1. apríl. Þema þingsins þetta árið var „Fjölskyldumál stúdenta“. Landsþingsnefnd hélt utan um skipulagningu og framkvæmd þingsins. Á dagskrá Landsþings voru fyrirlestrar og vinnustofur tengdar fjölskyldumálum stúdenta og þeim áskorunum sem foreldrar í námi þurfa að upplifa. Landsþing hófst á miðvikudagskvöldi með skemmtilegri móttöku fyrir gesti þingsins. Landsþingið stóð yfir frá

morgni fimmtudags og fram til hádegis á laugardag. Samhliða fyrirlestrum, ávörpum og vinnustofum fóru fram hefðbundin þingstörf eins og lagabreytingar og stefnumótun.

Á Landsþingi LÍS mætast fulltrúar nemendafélaga sem tilheyra LÍS, þ.e. allra háskóla landsins, og einnig fulltrúar frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis. Landsþing LÍS er stærsti samráðsvettvangur nemenda á Íslandi, þar sem þeim býðst tækifæri til að skiptast á skoðunum, taka þátt í umræðum og fá innsýn í mál stúdenta á öðrum sviðum.



Dagskrá Landsþings LÍS í ár var fjölbreytt og innihélt ýmsa fyrirlestra og vinnustofur. Meðal heiðursgеста á Landsþingi var Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félagsmálaráðherra. Hann hélt opunarávarp þingsins. Guðmundur fjallaði um stefnu stjórnvalda í málefnum foreldra í námi og hvernig stjórnvöld ætla að beita sér fyrir umbótum á þessu

sviði. Bæði fæðingarorlofssjóðurinn og almenn tryggingakerfið falla undir hans ráðuneyti, og því var gagnlegt að hlusta á skoðanir hans um stöðu foreldra í háskólanámi

Einnig komu þær Þórdís Helga Benediksdóttir og Kristín deildarstjóri fæðingarorlofssjóðs og fóru þær yfir starfsemi sjóðsins. Þær kynntu ýmis skilyrði fyrir fæðingarorlofi og ýmsa áhrifaþætti sem gætu skert eða framlengt fæðingarorlof eða styrk. Einnig fóru þær yfir fæðingarstyrk námsmanna nánar og þær kröfufur sem stúdent þarf að uppfylla til þess að eiga rétt á honum.

Síðasti gesturinn var Elísabet Ýrr Steinarsdóttir, fjölskyldufræðingur hjá Heilsu- og sálfræðiþjónustunni, sem fjallaði um mikilvægi tengsla og tengslamyndunar fyrir fjölskyldur með áherslu á foreldra í háskólanámi. Í erindinu "Fjölskylduvænt Háskólasamfélag" fór hún yfir þá þætti sem skipta máli í tengslamyndun, áhrif streitu og hvernig foreldrar geta á heilbrigðan

hátt fundið jafnvægi milli fjölskyldulífs og náms. Einnig var fjallað um hugmyndir fjölskyldufræðings um hvernig háskólasamfélagið getur komið til móts við foreldra í námi.

Fyrir utan fyrirlestra og vinnustofur voru tvær stefnur LÍS samþykktar á Landsþingi. Nýsköpunarstefna, sem sköpuð var út frá afrakstri Landsþings 2022 á Hólum, var einróma samþykkt á Landsþingi, en hana má finna síðar í þessari skýrslu. Sjálfbærnistefna LÍS var einnig kynnt á Landsþinginu en hún hefur verið í endurskoðun hjá Gæðastjóra LÍS, Kolbrúnu Láru ásamt gæðanefnd. Hún var kynnt og einróma samþykkt á Landsþingi og má nálgast hana á vefsíðu LÍS.

Á Landsþingi var einnig mælt fyrir tveimur ályktunum. Alexandra Ýr, forseti LÍS lagði til samþykktar *Ályktun Landsþings Landssamtaka íslenskra stúdenta um stöðu foreldra í námi*. Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ lagði til samþykktar *Ályktun um framtíð háskólastigsins*. Þessar ályktanir voru einróma samþykktar og má sjá þær hér neðar í þessari skýrslu.



Kosið var í þrjár stöður innan samtakanna. Alexandra Ýr van Erven var endurkjörin forseti samtakanna. S. Maggi Snorrason var kjörin varaforseti og Lilja Margrét Óskarsdóttir kjörin gæðastjóri. Þau hlutu öll einróma kjör á Landsþingi.



Landsþing LÍS er ekki einungis málefnavinna heldur er einnig nóg af skemmtun. Nóg var um hópefli og skemmtilegum leikjum á hótelinu á kvöldin. Þinggestir voru orðnir vel saman þjappaðir eftir skemmtilegt Landsþing. Þinggestir fengu einnig tækifæri að fara í vísindaferð á vegum NFHB og SHA í

Skógarbóðin og átta þinggestir góða stund þar saman. Á laugardeginum hélt SHA svo frábæra 10 ára afmælisveislu fyrir LÍS.

3.2 Lagabreytingarnefnd

Nefndarmeðlimir:

Eyrún Inga Þorbjörnsdóttir

3.2.1 Almennt

Í byrjun skólaárs hóf lagabreytinganefnd störf og var þar þá ákveðið að setja saman fundarskipulag sem hentaði nefndarmeðlimum. Kom þó fljótt að ljósum að erfiðlega gekk að ná þeirri vinnu fram sem sökum persónulegra ástæðna, skólaálags sem og vinnuálags. Tók því Anton Björn það að sér að koma með þær lagabreytingar sem náðst höfðu verið að setja saman ásamt nokkrum öðrum sem spruttu upp á starfsárinu. Kom svo Emilía honum til aðstoðar og saman settu þau upp þær lagabreytingar sem þau töldu vera mikilvægt að væru skoðaðar. Þar var aðallega unnið að því að skoða hvernig eigi að haga framkvæmdarstjórnarbreytingum sem eiga sér stað fyrir næsta skólaár. Einnig var litið til þeirra laga sem hafa sýnt aldur sinn og eru ekki lengur eins og starfseminni er háttað nú til dags.

3.2.2 Laga- og verklagsbreytingar

Lagabreytingartillaga um breytingar á framkvæmdastjórn fyrir starfsárið 2023-2024.

Á starfsárinu 2021-2022 var ákveðið að fækka skildi stöðum í framkvæmdarstjórn svo betur gengi upp að ná markmiði LÍS að allar stöður innan framkvæmdarstjórnar skildi verða launaðar. Í þessu fólst að færa ritarastörfin inn í hlutverk varaforseta og færa hlutverk markaðsstjóra inn í framkvæmdastjóra.

3.2.3 Aðrar lagabreytingar

Markmið fráfarandi stjórnar var að auka skilvirkni laga og uppfæra orðalag svo það ætti betur við hvernig hlutir eru núna. Var því aðallega unnið að færa hluti yfir til framkvæmdarstjórnar sem hún hefur verið að gera og gefa þeim meiri ábyrgð. Var reynsla fráfarandi stjórnar að erfitt

gekk að finna dagsetningu á landsþing svo sett var í lög það ætti að finna strax. Á landsþingi var einnig samþykkt sú lagabreyting að árgjöld skulu vera ákveðin á landsþingi en árgjöld hafa verið mikið umræðuefni seinustu ár svo kannski mun þetta minnka aðeins hitann í þeirri umræðu og gera LÍS kleift að gera sterkari og heildstæðari fjárhagsáætlun. Síðan var einnig samþykkt að fjarlægja dagsetningar úr lögum og í stað þess færa yfir í kerfi þar sem frestur fyrir eitthvað miðar af einhverju öðru sem gefur meira rými fyrir alla aðila til þess að bregðast betur við.

3.2.4 Verklagsbreytingar

Á þessu ári kom í ljós að verklag LÍS sé farið að verða eldra en æskilegt er og var því farið að vinna aðeins að uppfæra uppsetningu, útlit og orðalagi svo að verklagið fylgi þeim nútímalegu hugmynd af hvernig verklag eigi að líta út. Verður sennilega svo farið í það að breyta alveg hvernig verklagið lítur út svo að það er ekki að segja bara það sama og lögin heldur inniheldur frekar verkferla fyrir viðburði, atburði og störf sem eru ekki í lögum.



3.3 Samskipti og samstarf

Á starfsárinu 2021-2022 kom í ljós að aukinn samskipti þyrftu að eiga sér stað milli framkvæmdastjórn og fulltrúaráðs. Hóf þá fyrrum varaforseti, Kolbrún Lára, að funda með fulltrúaráði til að athuga áhuga þeirra á að hvernig þau gætu séð þau samskipti vera. Tók núverandi varaforseti við þeirri vinnu og fór einnig á fund með fulltrúum til þess að athuga hvernig LÍS gæti aðstoðað þeirra vinnu, kynnst fulltrúum og athuga áhuga þeirra á að vera með sameiginlega samskiptagátt svo hægt væri að auðvelda samskipti milli framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðs en einnig milli fulltrúa sín á milli. Reyndist þetta erfiðara en sagt þar sem flestir skólar landsins notast við Office kerfið og LÍS styðjast við Google umhverfið fyrir sína vinnu. Skoðaðir voru möguleikar á að færa allt vinnuumhverfi LÍS yfir í Office en það er í vinnslu.

4. Fjölmiðlun

4.1 Heimasíða samtakanna og samfélagsmiðlar

Lagt var kapp á að halda vefsíðu LÍS og samfélagsmiðlum sem virkistum á starfsárinu. Bar það góðan árangur en fylgjendatölur okkar uxu vel á árinu. Vorum við virk á Facebook og Instagram.

4.2 Fjölmiðlar

Fjölmiðlaumfjöllun um samtökin jókst gífurlega á starfsárinu. Það hefur gert samtökunum kleift að sinna hlutverki sínu sem þrýstiafli betur sem og hefur það leitt til aukins sýnileika samtakanna en mikilvægt er að sem flestir stúdentar viti af samtökunum og geti leitað til þess eftir atvikum.

5. Fundir fulltrúaráðs

Á starfsárinu voru haldnir 7 fulltrúaráðsfundir, að undanskildum skiptafundi, landsþingi og haustþingi. Fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu samtakanna, studentar.is en hér að neðan er stutt samantekt af efni fundanna.

5.1 Skiptafundur 28. maí 2022

Skiptafundur LÍS fór fram 28. Maí 2020. Á fundinum var kosið í stöður forseta, varaforseta, ritara, jafnréttisfulltrúa og markaðsstjóra LÍS. Fjárhagsáætlun starfsársins 2022-2023 var auk þess samþykkt. Nýtt fulltrúaráð og framkvæmdastjórn tók við störfum.

5.2 Fulltrúaráðsfundur 21. júní 2022

Á fyrsta fulltrúaráðsfundi nýs fulltrúaráðs var kjörið í stöðu gæðafulltrúa LÍS og tillaga um ritara fulltrúaráðs samþykkt. Á milli funda höfðu tilnefningar stúdenta í stjórn Menntasjóðs námsmanna verið afgreiddar.

5.3 Fulltrúaráðsfundur 9. ágúst 2022

Á fundinum var tillaga um ráðningu framkvæmdastjóra tekin fyrir og samþykkt. Lánasjóðsfulltrúi SHÍ var gestur fundarins og fór yfir fyrstu drög að viðbrögðum stúdenta um endurskoðun á Menntasjóði námsmanna. Skipað var í stöðu trúnaðarfulltrúa LÍS, skipað í landsþingsnefnd og nýr fulltrúi sérskólanna í stjórn Menntasjóðs námsmanna samþykkt. Kynning var á verklagi LÍS. Á milli funda var *Ályktun LÍS um áskorun Þroskahjálpar: Hvað er planið? námsframboð* salmþykkt í rafrænni atkvæðagreiðslu, fjallaði hún um námsframboð fyrir fatalaða háskólanema. Á milli funda var lokaútgáfa minnisblaðs með fyrstu viðbrögðum stúdenta vegna endurskoðuna á Menntasjóði námsmanna einnig samþykkt í rafrænni atkvæðagreiðslu.

5.4 Fulltrúaráðsfundur 20. september 2022

Kröfur stúdenta vegna endurskoðuna á lögum um Menntasjóðs námsmanna voru til umræðu á fundinum. Kynning var á verkefninu *Student Refugees Iceland*. Kosið var um áherslumál landsþings LÍS 2023 og var niðurstaðan fjölskyldumál stúdenta.

5.5 Fulltrúaráðsfundur 9. nóvember 2022

Endanleg útgáfa af kröfum stúdenta vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóðs námsmanna var lögð fyrir fundinn. Ákveðið var að kosið yrðu um kröfurnar rafrænt í kjölfar fundarins. Þjónustusamningar á milli Landssamtaka íslenskra stúdentan og Sambands íslenskra námsmanna erlendis var lagður fyrir fundinn og fól hann í sér að SÍNE greiði 10% launa fyrir framkvæmdastjóra LÍS sem í staðinn sinnir verkefnavinnu fyrir félagið í samræmi við starfhlutfall launagreiðslunnar. Kynning var á alþjóðastarfi og gæðastarfi.

5.6 Fulltrúaráðsfundur 24. janúar 2023

Fyrstu fulltrúaráðsfundur ársins var haldinn í Háskólanum í Reykjavík. Fulltrúi í framkvæmdastjórn European Students Union (ESU) hélt rafræna kynningu fyrir fundinn. Tilnefning LÍS í ráðgjafarnefnd á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara var tekin fyrir og samþykkt. Ályktun LÍS um að lagt verði mat á áhrif þess að námstími til stúdentsprófs var stytur úr fjórum árum í þrjú ár var tekin fyrir og samþykkt. Samband íslenskra framhaldsskólanema var boðið að vera með á ályktuninni og vakti málið talsverða athygli í kjölfarið.

5.7 Fulltrúaráðsfundur 20. febrúar 2023

Fulltrúaráðsfundur 20. febrúar var haldinn í Háskóla Íslands. Kynning var frá auglýsingaskrifstofunni Sahara um samfélagsmiðla og hvernig LÍS og aðildarfélögin gætu nýtt þá betur í sinni starfsemi. Farið var yfir ýmis mál fyrir landsþing og alþjóðafulltrúar LÍS og SHÍ héldu kynningu á European Student Network.

5.8 Fulltrúaráðsfundur 15. maí 2023

Á fulltrúaráðsfundi 15. maí var sameiginleg innritunargátt háskólanna til umræðu og afstaða stúdenta mótuð. Ályktun um flóttafólk í háskólanámi var lögð fyrir fundinn en var hún byggð á niðurstöðu fundar á milli alþjóða- og jafnréttisfulltrúa LÍS og sérfræðingum frá UNHCR. Landsþing LÍS 2023 var gert upp og tölfræði úr menntasjóðsherferðinni kynnt. Þá var ráðning tillaga að ráðningu sumarstarfsmanns lögð fyrir fundinn og samþykkt.

6. Samstarfsaðilar Landssamtaka íslenskra stúdenta

6.1 Samstarf við Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið

Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti er helsti samstarsaðila Landssamtaka íslenskra stúdenta. Samtökin eiga bæði í ríkum samskiptum við ráðherra sem og sérfræðinga innan ráðuneytisins.

6.1.1 Endurskoðun samstarfssamnings

Fyrirverandi framkvæmdastjórn LÍS sendi háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti beiðni um endurskoðun á samstarfssamningi LÍS við ráðuneytið. Beiðnin fékk ekki viðbrögð fyrr en í júní 2022 og því kom það í hlut nýkosinnar framkvæmdastjórnar að fylgja því eftir. Þann 27. júní áttu forseti og varaforseti LÍS fund með þáverandi tengilið LÍS við ráðuneytið og þáverandi aðstoðarmann ráðherra. Erindi LÍS fyrir fundinn má finna í viðhengi. Í kjölfar fundarins átti LÍS í reglulegum samskiptum við ráðuneytið og var að lokum samþykkt viðbótarfjármagn í samræmi við verðlagsþróun. Gildandi samning og viðbótarsamning má finna í viðauka.

6.1.2 Mánaðarlegir fundir með háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Mánaðarlega eiga fulltrúar stúdenta samráðsfund með háskólamálaráðherra. Þá fundi sækja fulltrúaráð og framkvæmdastjórn LÍS. Á þeim fundum gefast stúdentum tækifæri á að spyrja ráðherra spurninga og koma áherslum sínum á framfæri. Flestir fundanna hafa farið fram í gegnum fjarfundarbúnað þ.e. að einum fundi undanskildum sem var haldinn í húsnæði ráðuneytisins. Fulltrúar stúdetna hafa ítrekað við ráðherra mikilvægi þessa funda og því er vonast til þess að þeir haldi áfram.

6.1.3 Annað samráð

Samtökin hafa átt í góðu samstarfi við ráðuneytið um sérstök hagsmunamál stúdenta. Ofar í þessari skýrslu hefur samráð um endurskoðun á menntasjóði námsmanna nú þegar verið rakin. Annað samráð hefur veirið um innritunagátt háskólanna eða háskólanám.is sem og reiknilíkan háskólanna. Á starfsárinu átti LÍS sömuleiðis í samstarfi við ýmis félög og samtök, þar á meðal, ólíka stjórnmalaflokka og samtök sem gæta sameiginlegra hagsmuna. Leitast var við að koma hagsmunum stúdenta á sem breiðustum vettvangi.

Þann 19. Maí hélt ráðuneyti háskólamála vinnustofu meðal stúdenta um reiknilíkan háskólanna en endurskoðun á því hefur verið forgangsverkefni nýju ráðuneyti. LÍS hélt utan um þátttöku stúdenta og mættu alls 10 fulltrúar á vinnustofuna. Voru þau: Alexandra Ýr van Erven, Ari Kristinn Gunnarsson, Birgitta Ásbjörnsdóttir, Christina Cretu, Dagmar Óladóttir, Erna Vala, Rebekka Karlsdóttir, S. Maggi Snorrason, Silja Rún Friðriksdóttir, Sólveig Birna Elísabetardóttir, og Þórhildur Hólmgeirsdóttir.

Þann 2. maí fundurðu forseti og varaforseti LÍS ásamt forseta SHÍ með sérfræðingum ráðuneytisins um háskólanám.is. Komið var með fjölda ábendinga og sýn stúdenta á vefinn rædd.

Þann 31. maí mun LÍS senda 3 fulltrúa á vinnustofu um efnið.

6.2. Samstarf við BHM

LÍS hefur átt í ríku samstarfi við BHM þetta starfsár. Samtökin hafa gert þjónustusamning sín á milli sem meðal annars felur í sér að BHM hýsir skristofu LÍS.

Í vinnslu á kröfum stúdenta vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna voru sérfræðingar BHM aðildarfélaganna þeirra stúdentum innan handar.

Þá átti LÍS ásamt forystufólki aðildarfélaganna LÍS í samráði við BHM um eflingu á nema aðild að stéttarfélögum BHM. Þeirri vinnu er ekki lokið en markmið hennar er að auka réttindi háskólanema innan stéttarfélaganna BHM.

LÍS er um þessar mundir að undirbúa sameiginlega auglýsingaherferð með BHM.

6.3. Annað samstarf

24. ágúst var forseti LÍS gestur fundar hjá samráðshópi stjórnvalda um húsaleigulög og talaði þar fyrir mikilvægi á uppbyggingu stúdentaíbúða.

Forseti LÍS sat sem fulltrúi samtakanna í samráðshópi forsætisráðherra um heimsmarkmið 4 þ.e. markmið þess efnis að menntun er mannréttindi. Hún lagði m.a. annars áherslu á að til þess að tryggja aðgengi að háskólanámi þyrfti að stórauka stuðning við námsmenn með eflingu menntasjóðs námsmannanna. Lokaskýrsla þeirra vinnu hefur ekki verið gerð opinber.

Ritari LÍS var fulltrúi samtakanna í dómarateymi í keppni á vegum Landverndar sem kallast Umhverfisfréttafólk. Keppnin er fyrir ungt fólk á aldrinum 13-25 og sendir ungt fólk inn fjölbreytt verkefni er tengjast umhverfismálum.

7. Viðburðir

Hér verða listaðir viðburðir sem LÍS tók þátt í eða skipulagði á starfsárinu 2022-2023.

7.1 Gleðiganga Hinsegin daga

LÍS, ásamt fulltrúum einhverra aðildarféлага, tók þátt í Gleðigöngunni þann 6. ágúst. Fimmtudaginn 4. ágúst hittumst við á Stúdentakjallarann fyrir undirbúning og skiltagerð. Með atriðinu vildi LÍS vekja athygli á því að jafnréttisbarátta hinsegin fólks er ekki á fyrirmyndarstað. Margt þarf að gerast í samfélaginu sem og í háskólanum þegar kemur að öruggu rými fyrir hinsegin fólk.

7.2 Afhverju menntun? Pallborðsumræður á Fundi fólksins

Landssamtök íslenskra stúdenta stóðu fyrir pallborðsumræðum um þýðingu háskólanáms í Grósku þann 17. september kl 15:45 til 16:25.

Með tilkomu nýs ráðuneytis þar sem fléttað er saman háskólum og iðnaði er tímabært að eiga samtál um hlutverk háskólanna í samfélaginu og þýðingu háskólamenntunar. Þá eru kjarasamningaviðræður á döfínni og rýndum við því í stöðu háskólamenntaðra m.t.t. launaþróunar. Verðmæti háskólanáms verður þó ekki mælt aðeins út frá fjárhagslegum ávinningi einstaklingsins, og því spurðum við okkur hvort menntun sé auðlind fyrir samfélagið, einstaklinginn eða atvinnulífið? Jafnvel allt þrennt? Hvers vegna velur fólk að sækja sér háskólamenntun og hvers vegna ætti fólk að velja það?

Mælendur voru Friðrik Jónsson, formaður BHM, og Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Alexandra Ýr van Erven, forseti LÍS, stýrði umræðum. Umræðurnar voru einnig aðgengilega í beinu streymi.

7.3 Vinnudagur með MFS

11. febrúar átti framkvæmdastjórn LÍS vinnudag með MFS (Landssamtökum Færeyskra stúdenta). Á fundinum var kynning á hagsmunabaráttu stúdenta á Íslandi og Færeyjum og sameiginleg hagsmunamál til umræðu.

7.4 Computer Says No: Experiences and Narratives of University Students with a Foreign Background

Student Refugees Iceland hélt í samstarfi við Sprett viðburð á Jafnréttisdögum Háskóla Íslands um stöðu erlendra nema við háskólann. Verkefnið Student Refugees Iceland og Sprettur voru stuttlega kynnt og samstarf þeirra skýrt. Sigríður (hún) frá Student Refugees Iceland og Sabrina (hún) frá Sprett, ásamt Marcello Milanezi (hann), Juan José Colorado Valencia (hann) and Karolina Monika Figlarska (hún) munu sitja í pallborði og ræða reynslu sína og upplifun af námi á Íslandi. Pallborðsumræðurnar voru á Litla torgi og einnig streymt á facebook.

Umræðuefnið voru þær áskoranir sem viðmælendur hafa upplifað á skólagöngu sinni. Eins voru ræddar lausnir varðandi inngildandi kennsluhætti og viðmót bæði kennara og samnemenda. Lykilhugtök sem lögð voru til grundvallar á þessum viðburði varða inngilding, menningarnæmi og örಾರೆiti sem nemendur með erlendan bakgrunn upplifa í námi sínu. Kallað verður eftir góðum ráðum til kennara frá þátttakendum til þess að skapa háskólasamfélag sem raunverulega mætir þörfum allra nemenda sinna. Viðburðurinn var á ensku. Hann var bæði á staðnum á Litla torgi HÍ og í streymi.

8. Fjármál

8.1 Almenn

Emilía Björt Írisard. Bachmann, framkvæmdastjóri LÍS, hafði prókúru yfir reikningum samtakanna og skoðunaraðgang að reikningum samtakanna fyrir starfsárið 2022-2023. Virkjað var kreditkort á nafni alþjóðafulltrúa, Sigríðar Helgu Kárdal Ásgeirsdóttur. Haldið var áfram með það fyrirkomulag að hafa debetkort virkt og í notkun.

Fyrir ferðasjóð LÍS var fjármagn að andvirði 100.000 krónum frátekið fyrir hann. Enginn nýtti ferðasjóðinn á þessu starfsári og er því unnt að ráðstafa afgangsfjármagninu með öðrum hætti. Dagpeningum var úthlutað til fulltrúa LÍS á alþjóðlegum ráðstefnum í samræmi við verklag samtakanna. Alþjóðlegar ráðstefnur eru nú haldnar í persónu og greiddi LÍS ferðakostnað fyrir fulltrúa sína í samræmi við verklag.

Samþykkt var af fulltrúaráði að hafa 1 stöðugildi á skrifstofu LÍS og hófst fyrsta launatímabilið í júní 2022. Fyrst var hlutfall skrifstofunnar 1 en hefur það verið aukið með tilkomu viðbótarfjármagns frá ráðuneyti í 1,4. Laun voru greidd 2022 í samræmi við hlutfall stéttarfélags VR, sem jafngildir 405.689 kr. á mánuði fyrir 100% starfshlutfall, sú upphæð hækkaði í kjölfar nýrra kjarasamninga í 441.145 kr. Á fulltrúaráðsfundi var samþykkt að hækka laun starfsmanna LÍS og eru grunnlaun nú 555.616 kr. í samræmi við kjarasamning Fræðagarðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Laun starfsmanna taka mið af menntunarstigi, hækka laun um tvo launaflokka fyrir hvert menntunarstigi sem lokið hefur verið eftir stúdentspróf.

Haft var samband við ýmis fyrirtæki í leit að samstarfsaðilum og fjárhagslegum bakhjörllum, þær tilraunir báru ekki árangur. Mikið bar á því að fyrirtæki bæru fyrir sig að efnahagsástandið væri að þróast til hins verra og því væru þau að draga saman seglin. Þá var sótt um styrki á vegum Landsvirkjunar, Landsbankans og Erasmus+. Fengu samtökin úthlutuðum styrk frá Landsbankanum ætluðum Student Refugees Iceland sem og frá Erasmus+ ætluðum landsþingi 2023.

Fjármálanefnd

Nefndarmeðlimir:

Björn Thor Stefánsson

8.2 Ráðning framkvæmdastjóra

Staða framkvæmdastjóra var auglýst sumarið 2022, og auglýsingum dreift á samfélagsmiðlum og vefsíðu samtakanna. Alls bárust 3 umsóknir og 2 umsækjendum boðið í viðtal. Emilía Björt Írisard. Bachmann var ráðin í 40% starf í lok sumars. Helstu verkefni framkvæmdastjóra eru að hafa yfirsýn með fjárhag félagsins.

8.3 Ráðning sumarstarfsmanns

Í byrjun árs 2023 sótti LÍS um styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna í samstarfi við leiðbeinendur sem starfa við Háskóla Íslands. Þegar LÍS fékk samþykka umsókn sína var sumarstarf fyrir námsmann auglýst, á vefsíðu og samfélagsmiðlum LÍS og á Alfreð. Bárust 5 umsóknir og var 3 umsækjendum boðið í viðtal. Að loknu hæfnismati, í samráði við leiðbeinendur rannsóknarinnar, var ákvörðunin borin undir fulltrúaráð. Var Katrín Björk Kristinsdóttir ráðin til starfans, en hennar helstu verkefni verða að semja spurningalistann, safna gögnum og vinna úr þeim í viðeigandi tölfræðiforritum. Þá mun hún vinna skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar og stefnt er að því að halda málþing um niðurstöðurnar í haust. Rannsóknin snýr að högum foreldra í námi, en staða þeirra verður borin saman við stöðu barnlausra námsmanna, m.t.t. námsframvindu, lífskjara, efnahagsstöðu og fleiri þátta.

9. Umsagnir, bréf og yfirlýsingar

Hér að neðan má finna þau opinberu erindi sem LÍS sendi frá sér á starfsárinu.

9.1 Ályktanir Landssamtaka íslenskra stúdenta

9.1.1 Ályktun um áskorun Þroskahjálpar: Hvað er planið?

Landssamtök íslenskra stúdenta taka undir áskorun Þroskahjálpar: *Hvað er planið?* Sem hvetur stjórnvöld til þess að veita fötluðu fólki jöfn tækifæri til að láta drauma sína rætast í námi og starfi.

Mikilvægt er að auka aðgengi fatlaðra nemenda að háskólamenntun. Bæði með fjölgun sérstakra námsleiða fyrir þennan nemendahóp og með bættu aðgengi að hefðbundnum námsleiðum. Háskólar gegna lykilhlutverki í mótun og framþróun samfélags og hafa bein og óbein áhrif á hvern einstakling sem tilheyrir því. Aukið framboð að menntun fyrir fatlaða nemendur er mikilvægur þáttur í því að gera fötluðu fólki kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu sem og ýtir það undir að fatlað fólk geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu.

Þann 23. september 2016 fullgilti Alþingi Íslendinga samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þar kemur meðal annars fram að: “Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra.”

Í lögum nr. 63/2006 um háskóla segir jafnframt að háskóla skulu veita fötluðum nemendum og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi. Þar kemur einnig fram að fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands var mikið framfaraskref þegar námsleiðinni var komið á fót. Síðan þá hefur námsframboð fyrir fatlaða nemendur á háskólastigi þó ekki aukist og er námsleiðin sú eina í íslenskum háskólum sem er sérsniðin að fötluðum nemendum. Því er háskólanám fyrir fatlaða nemendur eingöngu aðgengilegt á höfuðborgarsvæðinu en tryggja þarf að nemendum sé ekki mismunað eftir búsetu. Sömuleiðis þarf að kanna fjölbreyttar útfærslur á námi fyrir þennan hóp en viðeigandi aðlögun á háskólanámi er hluti af mannréttindaskuldbindingum stjórnvalda.

Að lokum taka stúdentar undir einkunnarorð áskorunnar um að með því að útiloka fatlað fólk frá námi missir samfélagið af hugmyndum þeirra, krafti og hæfileikum. Því er það hagur okkar allra að veita öllum námsmönnum jöfn tækifæri.

9.1.2 Ályktun á Landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta um stöðu foreldra í námi

1. Apríl 2023

Landssamtök íslenskra stúdenta ályktar að gera þurfi töluverðar breytingar á fyrirkomulagi fæðingarorlofs- og menntasjóðs til þess að tekið verði tillit til stöðu foreldra í námi en núverandi fyrirkomulag skerðir aðgengi að félagslegum réttindum stúdenta og er það óásættanlegt.

Þrátt fyrir að þriðjungur háskólanema á Íslandi séu foreldrar er aðgengi stúdenta að fæðingarorlofsskerfinu verulega skert. Til þess að eiga rétt á fæðingarstyrk námsmanna þurfa stúdentar að hafa verið í a.m.k. 75% námi í aðdraganda fæðingu barns og er mánaðarleg upphæð 210.695 krónur. Til samanburðar er sama upphæð lágmarksgreiðsla fyrir einstakling í 50% starfi á vinnumarkaði. Því má vera ljóst að gerðar eru miklar kröfur til stúdenta til þess að eiga rétt á fæðingarstyrk og krefjast stúdentar þess að einingapröskuldur fyrir rétti til fæðingarstyrks verði lækkaður. Þá skýtur það skökku við að sama upphæð og er veitt fyrir fullt nám er lágmarksupphæð fyrir 50% vinnu og endurspeglar það ekki það sjónarmið að fullt nám sé álitin full vinna.

Auk þess er það óréttlátt að fæðingarorlofskerfið geri ekki ráð fyrir því að stúdentar vinni með námi en skv. Eurostudent VII vinna 72% háskólanema á Íslandi með námi. Þannig falla t.a.m. stúdentar sem eru í 60% námi og 40% starfi á milli kerfa en í slíku tilviki á viðkomandi ekki rétt á fæðingarstyrki námsmanna og fær því einungis fæðingarorlofsgreiðslu með tilliti til 40% starfs. Því krefjast stúdentar að fæðingarorlofskerfið taki tillit til þess að stúdentar séu samtímis í vinnu og námi með því að fæðingarorlof verði metið út frá heildar starfsálagi stúdenta.

Þá ítreka samtökin fyrri kröfu um að stúdentar geti reitt sig á Menntasjóð námsmanna fyrir mannsæmandi framfærslu. Lág framfærsla er ein helsta ástæða þess að stúdentar vinni með námi og það að foreldrar neyðast til þess að vinna með námi er með öllu óásættanleg staða enda skapar það mikla streitu innan heimila og hefur bein áhrif á tengslamyndun og vellíðan barna. Örugg fjárhagsstaða stúdenta er því grundvallaratriði í átt að fjölskylduvænu háskólaumhverfi.

Þá er mikilvægt að háskólasamfélagið sjálft verði fjölskylduvænna m.a. með því að fyrirkomulag náms og kennsluhættir taki tillit til stöðu foreldra. Auka þarf sveigjanleika námsins og námsmats, m.a. með bættum rafrænum kennsluháttum og aukins framboðs fjarnáms. Því markmiði má t.d. ná með upptöku fyrirlestra og með því að tryggja stúdentum viðeigandi frítíma, t.d. með því að halda ekki próf um helgar.

Að lokum ályktar landsþing að mikilvægt sé að kortleggja stöðu foreldra í háskólanámi og þá þarf sérstaklega að kanna kynjaáhrif þeirra vankanta sem hafa verið rakin hér að ofan.

9.1.3 Ályktun landsþings Landssamtaka íslenskra stúdenta um framtíð háskólastigsins

1. Apríl 2023

Háskólar gegna lykilhlutverki í mótun og framþróun hvers samfélags og er nauðsynlegt að fjárveitingar til háskólastigsins og stuðningur við námsmenn endurspegli mikilvægi þeirra. Háskólastigið stendur á tímamótum hvað varðar fyrirkomulag fjárveitinga sem og stuðningskerfi námsmanna, en endurskoðun á hvoru tveggja stendur nú yfir í ráðuneyti háskólamála. Ljóst er að áralöng undirfjármögnun hefur nú þegar haft neikvæð áhrif á starfsemi háskólanna og stöðu stúdenta sem hafa búið við ófullnægjandi stuðningskerfi um árabil. Stjórnvöld eru í dauðafæri til þess að snúa við blaðinu og fjárfesta í menntun, sem er fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka til samfélagsins.

Landssamtök íslenskra stúdenta fagna því að verið sé að endurskoða fjárveitingar til háskólanna og telja áform um að fjölga þeim þáttum sem koma til skoðunar við fjárveitingar háskóla vera af hinu góða. Samtökin telja ástæðu til að minna á mikilvægi þess að vandað sé til verka við útfærslu á hvötum við fjárveitingar til háskólanna því markmið þeirra er fyrst og fremst að stuðla að auknum gæðum náms og rannsókna. Í ákveðnum tilfellum er nauðsynlegt að háskólasamfélagið sé í góðum tengslum við atvinnulífið en hlutverk háskólanna má ekki einskorðast við þarfir þess. Hlutverk háskóla er að skila þekkingu út í samfélagið og markaðsöflin ættu því ekki að stjórna því hvaða þekking verður til í samfélaginu. Ef háskólanám er sniðið eftir því að snúa hjólum atvinnulífsins verður námið einhæft, tækifærum fækkar og samfélagið staðnar. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja traustar fjárveitingar til allra greina.

Grundvallarforsenda þess að fjölga hér háskólamenntuðum og tryggja jafnt aðgengi að námi er að til staðar sé fullnægjandi stuðningskerfi fyrir stúdenta. Stúdentar eiga að geta stundað nám án þess að þurfa að klóra sig í gegnum fjárhagsörðugleika og áhyggjur, en sú er ekki raunin í núverandi kerfi. Hlutverk Menntasjóðs námsmanna er að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem veitir stúdentum tækifæri til náms, óháð efnahagi eða stöðu að öðru leyti, en þörf er á talsverðum breytingum á lögum sjóðsins til þess að svo sé. Landssamtök íslenskra stúdenta krefjast þess að

endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna sem nú stendur yfir verði nýtt í að stórbæta stuðning við námsfólk, enda er það fjárfesting til framtíðar og þar með ávinningur fyrir samfélagið.

Landssamtök íslenskra stúdenta fagna áherslum stjórnvalda á mikilvægi háskólanna en áréttu að til þess að sú sýn geti orðið að veruleika verður að stórauka fjárframlög til íslenskra háskóla og auka stuðning við stúdenta til þess að stunda sitt nám. Þá er nauðsynlegt að samráð verði haft við hlutaðeigandi aðila og eru stúdentar þar stór hagsmunaaðili.

9.1.4 Ályktun um aðgengi flóttafólks að háskólanámi

15. maí 2023

Landssamtök íslenskra stúdenta fagna áherslu stjórnvalda á aukna alþjóðavæðingu í háskóla og vísindastarfi. Er þar vísað til aðgerðar 1.7: *Aukin alþjóðavæðing í háskóla- og vísindastarfi í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025*¹ sem Alþingi samþykkti í desember síðastliðnum. Í tillögunni segir að gripið verði til aðgerða til að fjölga erlendum nemendum á Íslandi en LÍS telur að skýrari áætlanir skorti til þess að ná því markmiði.

Alþjóðavæðing hefur styrkt tengsl milli einstaklinga, samtaka og stofnana í ólíkum heimshornum og stuðlar þannig að auknum skilningi og hraðari samskiptum milli landa og menningarheima. Þar að auki ber Ísland ábyrgð í samfélagi þjóðanna og ættu stjórnvöld einnig að stefna að markmiði um fjölgun alþjóðlegra nemenda vegna mannúðarsjónarmiða en ljóst er að tækifæri til náms eru ólík eftir búsetu og ríkisfangi. Í því samhengi má sérstaklega nefna fólk á flótta en aldrei hafa fleiri verið á flótta en um þessar mundir en samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu Þjóðanna eru nú um 110 milljónir einstaklinga á flótta á heimsvísu². Þessir einstaklingar eru af öllum þjóðfélagsstigum og þar á meðal háskólanemar en fjölmörg dæmi eru um að stúdentar hafa þurft að hætta eða fresta námi um langa hríð vegna þessa³. Aðeins um 6% flóttamanna eru í háskólanámi á alþjóðavísu en það er langt undir meðaltali innritunar í háskóla meðal annarra en flóttamanna⁴.

LÍS hvetur því stjórnvöld sérstaklega til þess að hefja samstarf við Flóttamannastofnun Sameinuðu Þjóðanna (UNHCR) um viðbótarbrautir (*e. Complementary Education pathways for refugees*) til þess að koma háskólanemum á flótta inn í nám í öruggum ríkjum. Nú þegar eiga nokkur ríki í Evrópu í slíku samstarfi, t.d. Noregur og Litháen.

¹ <https://www.althingi.is/altext/153/s/1530.html>

² <https://www.unhcr.org/refugee-statistics/>

³ T.d. <https://www.raudikrossinn.is/media/lkvertc3/the-access-to-education-for-refugees-in-iceland.pdf>

⁴ Til samanburðar er aðsókn meðal annarra en flóttamanna að háskólanámi um 40% á heimsvísu. Sjá nánar: <https://www.unhcr.org/what-we-do/build-better-futures/education/tertiary-education>

Slíkar viðbótarbrautir eru skilgreindar leiðir fyrir flóttafólk til þess að hefja nám í öruggu ríki og geta leitt til dvalar- og atvinnuleyfis í kjölfarið. Brautirnar tryggja samtímis tækifæri þessa viðkvæma hóps til náms sem og stuðlar að markmiði stjórnvalda um að fjölga erlendum nemum. Slíkar leiðir eru ekki síst mikilvægar fyrir Ísland enda mæta þær áskorunum um skort á sérfræðingum á Íslandi⁵.

⁵ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/10/12/Island-bydur-erlenda-serfraedinga-velkomna/>

9.1.5 Yfirlýsing Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna langvarandi fjársvelti háskólastigsins

Reykjavík, 15. desember 2022

Landssamtök íslenskra stúdenta lýsa yfir þungum áhyggjum af langvarandi fjársvelti háskólastigsins. Í mörg ár hafa stúdentahreyfingarnar kallað eftir auknu fjárframlagi til háskólamenntunar en Ísland er eftirbátur samanburðarþjóða sinna þegar kemur að fjárfestingu í háskólamenntun.

Framlag til íslenskra háskóla eru lág í alþjóðlegum samanburði. Heildartekjur á ársnema við Háskóla Íslands voru 2,9 milljónir árið 2019, til samanburðar voru meðaltekjur á ársnema sama ár við háskóla í Danmörku 5,5 milljónir og 4,8 milljónir í Noregi⁶. Þessi samanburður er sérstaklega varaverður í ljósi lágs menntunarstigs á Íslandi. Aðsókn ungs fólks að háskólanámi er mun minni á Íslandi en í öðrum löndum með svipaða efnahagsstöðu. Einungis 38% ungs fólks á aldrinum 25-34 ára hafa aflað sér háskólamenntunar, samanborið við 51% í Noregi og 49% í Svíþjóð⁷. Því er ljóst að langvarandi fjársvelti háskólastigsins hér á landi verður ekki rökstudd með tilvísan í aðgangsstýringar í ýmsum háskólum Norðurlandanna.

Í afgreiðslu fjárlaga er tækifæri til viðsnúnings og því ætti ráðherra háskólamála ásamt rektorum háskólanna að róa öllum árum að auknu framlagi til háskólanna. **Þá skýtur það skökku við, rétt fyrir samþykkt fjárlagafrumvarps, að rektorar opinberu háskólana beita sér fyrir hækkun skrásetningargjalda í stað þess að beita sér af krafti fyrir hækkun á framlagi hins opinbera til háskólastigsins.**

⁶ Ekki fundust tölur með samanburði norrænu háskólanna og íslenskra háskóla í heild sinni og því er hér einungis vísað í tölur frá Háskóla Íslands: [Sjá upptöku af ársfundi Háskóla Íslands 2021.](#)

⁷ [Sjá skýrsla um virði menntunar í íslenskum og alþjóðlegum samanburði sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir BHM.](#)

Fjármögnun háskólastigsins er á ábyrgð stjórnvalda en ekki stúdenta. Landssamtök íslenskra stúdenta skora því á þingmenn að beita sér í fyrir löngu tímabærri hækkun á fjárframlögum hins opinbera til háskólastigsins. Þá skora landssamtökin á rektora opinberu háskólanna að ganga frekar á vasa hins opinbera fremur en stúdenta. Þær 20.000 kr. sem opinberu háskólarnir hyggjast bæta við skrásetningargjaldið⁸, sem nú þegar er hátt, duga skamma leið til þess að lækna fjársvelti skólanna. Þessarar 20.000 kr. eru þó há upphæð fyrir stúdenta en nái breytingin fram að ganga verður heildarupphæð skrásetningargjalda 90% af grunnframfærslu eins mánaðar frá Menntasjóði námsmanna, líkt og Stúdentaráð háskóla Íslands bendir á í yfirlýsingu sinni um málið⁹. **Breytingin yrði því veruleg skerðing á jafnrétti til náms en í ljósi lágrar aðsóknar ungs fólks í háskólanám á Íslandi ætti hið opinbera fremur að einbeita sér að því að greiða leið ungs fólks að háskólanámi í stað þess að skapa þeim hindranir.**

⁸ [Sjá fundargerð háskólaráðs 8. desember 2022.](#)

⁹ [Sjá Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna undirfjármögnunar Háskóla Íslands og umræðna um hækkun skrásetningargjalda.](#)

9.2 Umsagnir LÍS til Alþingis

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 48 — 48. mál

2. desember 2022

9.2.1 Umsögn Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (launatekjur o.fl.)

Landssamtökum íslenskra stúdenta hefur borist til umsagnar frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna er varðar launatekjur námsmanna og fyrningarfrest. LÍS telur umbætur á Menntasjóði námsmanna vera nauðsynlegar en leggur höfuðáherslu á að allar breytingar á lögum um menntasjóðinn séu til þess fallnar að uppfylla hlutverk sjóðsins sem **félagslegur jöfnunarsjóður**.

Afnám skerðinga vegna atvinnutekna(1 gr.)

Fyrsta grein frumvarpsins mælir fyrir því að við áætlun framfærslulána verði ekki tekið tillit til launatekna námsmanns eða fjölskyldu hans. Með öðrum orðum mælir greinin fyrir afnámi skerðingar vegna launatekna hjá Menntasjóði námsmanna. LÍS telur mikilvægt að samspil frítekjumarkansins og grunnframfærslunnar sé vandlega skoðað og fundin sé leið til að koma í veg fyrir að frítekjumarkið hamli því að stúdentar nái eðlilegri framfærslu.

Framfærslulán á vegum Menntasjóði námsmanna hefur verið ófullnægjandi í of langan tíma og leiðir hún til mikillar atvinnuþátttöku stúdenta. Samkvæmt Eurostudent VII¹⁰ vinna 71% háskólanema á Íslandi með námi og er hlutfallið með því hæsta af þeim þjóðum sem taka þátt í könnuninni. Í sömu könnun kemur fram að 72% þeirra nema sem vinna með námi fullyrða að án vinnunnar gætu þau ekki verið í námi. Niðurstöður könnunarinnar eru áfelligsdómur á námslánakerfið og dregur fram þann vanda sem ófullnægjandi framfærsla skapar.

¹⁰ https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf

Það er með öllu ótækt að vera með kerfi sem ýtir undir atvinnuþátttöku og samtímis refsar fyrir hana. Fyrirkomulagið skapar vítahring framfærslulána og frítekjumarks sem mikilvægt er að rjúfa. Í þessu samhengi má benda á að námslán eru (að jafnaði) veitt fyrir 9 mánuðum ársins en stúdentar þurfa að afla tekna til að standa undir hinum mánuðunum. Samkvæmt úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2022-2023¹¹ er frítekjumark námsmanns 1.483.000 í árstekjur og því algengt að námsmenn fullnýti frítekjumarkið með sumarvinnu.

Það er því nauðsynlegt að breytingar verði á frítekjumarki Menntasjóðs námsmanna en LÍS telur þó mikilvægt að stigið verði varlega til jarðar þegar kemur að því að afnema með öllu skerðingar vegna atvinnutekna en slík aðgerð gæti dregið úr hlutverki Menntasjóðsins sem félagslegur jöfnunarsjóður. Því verður að ráðast í ítarlega greiningu á hækkun, afnámi, þrepaskiptingu sem og öðrum breytingum sem hægt er að gera á frítekjumarkinu. Þá má skoða útfærslu líkt og að tekjur utan anna verði undanskildar frítekjumarki.

Fyrningarfrestur (2. gr.)

Í annari grein frumvarpsins er mælt fyrir því að 26. grein laganna verði felld brott. Sú grein kemur í veg fyrir að kröfur vegna námslána falli niður í kjölfar gjaldþrots. Landssamtök íslenskra stúdenta styðja þessa breytingu og taka undir með þeim rökstuðningi sem kemur fram í greinargerð frumvarpsins.

¹¹ <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=22005903-7bec-4b99-a3dc-1a324ce8b766>

9.2.2 Umsögn Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagi á Íslandi til ársins 2025

153. löggjafarþing 2022–2023

11. maí 2023

Þingskjal 1530 — 982. mál

Landssamtökum íslenskra stúdenta hefur borist til umsagnar frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagi á Íslandi til ársins 2025. LÍS fagnar áherslu stjórnvalda á mikilvægi hugvits og þekkingaröflunar fyrir framtíðarþróun íslensks samfélags og vinnumarkaðs. Til margra ára hafa stúdentar bent á að fjármunum varið í menntun er fjárfesting sem borgar sig margfalt til baka til samfélagsins og má túlka þessar tillögur sem svo að stjórnvöld taki undir þann málflutning. Margt er jákvætt í tillögunni, en hér að neðan verður komið inn á þær helstu athugasemdir sem samtökin hafa við tillöguna.

Aðgengi að háskólanámi

Samtökin sjá ástæðu til þess að ítreka strax í upphafi þessarar umsagnar að það er ekki sjálfgefið að geta stundað nám. Stuðningi við námsmenn er verulega ábótavant en líkt og kemur fram í herferðinni *Háskólamenntun í hættu*¹² hefur fjöldi lántaka hjá Menntasjóði hriðfallið á síðastliðnum árum. Skólaárið 2009-2010 tóku 12.393 háskólanemar námslán en tíu árum síðar voru þeir orðnir 4.979. Þessar tölur vekja upp mikilvægar spurningar um aðgengi að háskólamenntun í íslensku samfélagi. Í þessu samhengi er vert að nefna að hér á landi hafa töluvert færri lokið háskólamenntun en í samanburðarlöndum okkar. Í skýrslu OECD¹³ kemur fram að 41,9% ungs fólks á aldrinum 25-34 ára hafa aflað sér háskólamenntunar á Íslandi, samanborið við 49% í Danmörku, 49,2% í Svíþjóð og 55% í Noregi. Niðurstöðurnar verður að taka alvarlega, sér í lagi í samhengi við sílækkandi aðsókn í Menntasjóð námsmanna.

Enn mæta ýmsir hópar stúdenta hindrunum og er nauðsyn á því að endurskoða stuðningskerfi og aðgengi að námi með tilliti til þeirra hópa. Þar má t.d. nefna foreldra og einstaklinga sem

¹² [Háskólamenntun í hættu](#)

¹³ [Education at a glance 2021](#)

glíma við andlega eða líkamleg veikinda. Einnig þarf að tryggja aðgengi íslendinga af erlendum uppruna að námi líkt og er bent á í greinargerð tillögunnar. LÍS tekur undir þær áhyggjur en telur að aðgerðir skorti til þess að fylgja markmiðinu í höfn.

Viðunandi stuðningur við stúdenta er forsenda fyrir eflingu þekkingarsamfélagsins og ætti að vera grundvallaratriði í þessum stefnumótandi aðgerðum. Í ljósi þess að í greinargerð þingsályktunartillögunnar kemur fram að: „aðgengi að háskólanámi hér á landi er nokkuð gott“ kallar stúdentahreyfingin eftir skýrari aðgerðum í þágu bætts aðgengis að námi.

Átak í STEAM-kennsluáðferðum

Samtökin taka undir undir mikilvægi þess að STEM greinar séu eflar og þá sérstaklega með áherslu á skapandi aðferðafræði við kennslu raungreina. Forsendur á baki þessari áherslu stjórnvalda virðast grundvallast á þörfum atvinnulífsins umfram gæði náms eða hag nemenda. LÍS telur varhugavert að efla raungreinar á forsendum vinnumarkaðar en atvinnulífið ætti ekki að stýra þeirri þekkingarsköpun sem á sér stað innan háskólanna. Í ákveðnum tilfellum er nauðsynlegt að háskólasamfélagið sé í góðum tengslum við atvinnulífið en hlutverk háskólanna má ekki einskorðast við þarfir þess. Hlutverk háskóla er að skila þekkingu út í samfélagið og ef háskólanám er sniðið eftir því að snúa hjólum atvinnulífsins er hætt við að námið verði einhæft, tækifærum fækkar og samfélagið staðnar. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja traustar fjárveitingar til allra greina og sjá samtökin ástæðu til þess að ítreka að efling raungreina má ekki vera á kostnað annarra vísindagreina.

Aukið samstarf háskóla

LÍS ítrekar mikilvægi þess að tryggja gagnsæi við ráðstöfun ríkisfés og að háskólar njóti fullnægjandi sjálfstæðis hvað varðar framboð menntunar og áherslur í rannsóknum. Samstarfssjóður háskólanna má ekki tefla því í tvísýnu að háskólar njóti akademísks frelsis.

Í allri umræðu um samstarf og sameiningu háskóla þarf að tryggja fullt samráð við fulltrúa skólanna og stúdenta.

Sameiginleg innritunargátt háskóla

LÍS fagnar áformum um sameiginlega innritunargátt háskólanna og telur sérstaklega jákvætt að upplýsingar um námsframboð og stoðþjónustu séu aðgengilegar á einum stað. Gagnlegt væri að upplýsingar um nám erlendis væru aðgengilegar á slíku svæði sömuleiðis enda koma namar erlendis frá með ómetanlega þekkingu til íslensks samfélags þegar þeir snúa aftur. Þá þarf að huga að sérstökum upplýsingum fyrir ákveðna hópa svo sem foreldra í námi og nema af erlendum uppruna.

Stúdentar telja mikilvægt að upplýsingar um þróun á vinnumarkaði og starfsvettvang brautskráðra stúdenta verði ekki áhersluatriði í þeim upplýsingum sem koma fram í innritunargáttinni enda eiga atvinnulíf og markaðsöfl hvorki að ráða því hvaða þekking verður til í samfélaginu né að stýra aðsókn í tiltekna greinar.¹⁴

Einnig yrði það varhugaverð þróun ef hið opinbera skyldi með svo beinum hætti beina nemum í námsgreinar eftir því hvernig starfskraft atvinnulífs dagsins í dag skortir. Því mikilvægt er að benda á að vinnumarkaðurinn er síbreytilegur og því þarf hið opinbera að stíga varlega til jarðar í þessum efnum.

Stúdentar fagna því að markmið verkefnisins sé að stuðla að góðri ákvörðunartöku tilvonandi nema en telja mikilvægt að halda því til haga að öllu námi, hvort sem því lýkur með prófgráðu eða ekki, fylgir ábati fyrir samfélagið sem og vinnumarkað. Það er jákvætt að nemum séu veittar góðar upplýsingar um nám en ekki má líta á óklárað nám sem tímasóun.

Að lokum ítrekar LÍS mikilvægi þess að stúdentar hafi aðkomu að þróun þessa góða verkefnis.

Nýtt reiknilíkan fyrir fjármögnun háskólastarfs

LÍS fagnar löngu tímabærri endurskoðun reiknilíkans háskólanna enda er hvatinn í núverandi kerfi einsleitur. Samtökin telja mikilvægt að aðgangur að námi, aukin félagsleg vídd, alþjóðavæðing íslenska háskólakerfisins og gæði náms verði höfð að leiðarljósi við gerð stefnumarkmið í nýju reiknilíkani.

Stúdentar taka m.ö.o. undir flest þeirra markmiða sem lögð eru fram í greinargerð þingsályktunartillögunnar en telja að markmið um að námið sé í takt við þarfir

¹⁴ [Stefna LÍS um nýsköpun og rannsóknir í íslensku háskólasamfélagi](#)

nútímasamfélagsins verði að endurskoða. Óljóst er hverjar þarfir samfélagsins eru sem og hver metur þessar þarfir. Þá þarf einnig að skýra hvað verður um þær greinar sem teljast ekki mæta þessum þörfum samkvæmt því mati. Enn og aftur ítreka stúdentar að tryggja þarf fræðasamfélaginu nauðsynlegt sjálfræði svo að þekkingin sem þar skapast taki mið af þörfum samfélagsins alls en ekki stökum þáttum þess.

Að lokum ber að nefna að með nýju reiknilíkani þarf að tryggja aukið fjármagn til háskólastigsins svo ekki skapist sú staða að einhverjar greinar fái aukið fjármagn á kostnað annarra.

Aukin alþjóðavæðing í háskóla- og vísindastarfi með sérstakri áherslu á fjölgun erlendra nemenda

LÍS fagnar áherslu á aukna alþjóðavæðingu í háskóla- og vísindastarfi en telur að skýrari aðgerðir skorti til þess að ná því markmiði að fjölga erlendum nemum. Samtökin hvetja meðal annars til samstarfs við Flóttamannastofnun Sameinuðu Þjóðanna (UNHCR) um sértækar leiðir til þess að koma háskólanemum á flóttu inn í nám í öruggum ríkjum.

Aukið jafnrétti í háskólum með sérstakri áherslu á fleiri unga karla í háskólanámi og aukið fjarnám

Landssamtökin fagna því að hugað verði að auknu jafnrétti í háskólum. Líkt og stúdentar hafa ítrekað bent á í vetur er hlutfall ungmenna á Íslandi sem hafa lokið háskólanámi töluvert lægra en í samanburðarlöndum og því er mikilvægt að dregið verði úr hindrunum sem stúdentar mæta.

LÍS telur það þó skjóta skökku við að einblína sérstaklega á unga karla og benda samtökin á að sömuleiðis hafa töluvert færri ungar konur lokið háskólanámi á Íslandi en á hinum norðurlöndunum. Hlutfall karla á aldrinum 25-34 sem hafa lokið háskólanámi er 34% á Íslandi samanborið við 41% í Danmörku, 41% í Svíþjóð og 46% í Noregi. Hlutfall kvenna í sama aldurshópi er 51% á Íslandi, 58% í Svíþjóð og Danmörku og 65% í Noregi¹⁵. Það er því ljóst að það er langt frá því mögulegt að útskýra heildar muninn á menntunarhlutfalli þjóðanna eingöngu út frá þessari breytni.

¹⁵ [Education at a glance 2021](#)

Því kallar LÍS eftir skýrum og markvissum aðgerðum til þess að fjölga tækifærum fyrir ólíka hópa með það að markmiði að raunverulega verði hugað að jafnrétti í víðum skilningi. Þar má t.d nefna fatlaða nemendur, nemendur af erlendum uppruna, efnaminni hópa, einstaklinga sem glíma við veikindi og nemendur með sértæka námsörðugleika. Eitt dæmi um slíka aðgerð væri að auka sveigjanleika náms m.a. með bættum rafrænum kennsluháttum. Mikilvægast er að stjórnvöld skoði hvers konar hindranir mæta þessum hópum og smíði aðgerðir eftir því.

LÍS telur það að jafna kynjahlutföll háskólanema vera jákvætt markmið í sjálfu sér en bendir þó að það er ekki séríslenskt fyrirbæri að karlar sækji sér síður háskólamenntun, líkt og sjá má af tölunum hér að ofan. Því telja samtökin mikilvægt að líta til fjölbreyttra þátta í þágu þessa markmiðs líkt og kynskipts vinnumarkaðar og launamun kynja¹⁶.

Endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020.

Landssamtök íslenskra stúdenta ítreka kröfur¹⁷ stúdenta vegna endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna og þá sérstaklega þá grundvallarafstöðu að allar breytingar á sjóðnum verði til þess gerðar að efla hlutverk hans sem félagslegs jöfnunarsjóðs. Líkt og kemur fram fyrir í þessari umsögn er viðunandi stuðningur við stúdenta forsenda fyrir eflingu þekkingarsamfélagsins og því er aukið fjármagn til menntasjóðsins grundvöllur að öllum þeim aðgerðum sem koma fram í þingsályktunartillögu þessari.

Að lokum telja stúdentar að skýra þurfi betur hvers konar hugvit það er sem eigi að verða „stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar“. Enn fremur ber að undirstrika mikilvægi þess að verðmæti hugvitsins grundvallist ekki á útflutningi þess heldur þjónar hugvitið ýmsum samfélagslegum þörfum sem ekki verða skilgreindar út frá mælikvörðum markaðarins.

¹⁶ Sjá t.d. [tekjusaga stjórnvalda](#)

¹⁷ Sjá kröfur Landssamtaka íslenskra stúdenta [hér](#).

9.3 Erindi til stjórnvalda

9.3.1 Beiðni um endurskoðun samstarfssamnings LÍS fyrir starfsárið 2022-2023

Reykjavík, 23. júní 2022

Til þess er málið varðar,

Landssamtök íslenskra stúdenta leita eftir því að hefja samtal við Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið um að endurskoða samstarfssamning samtakanna við Mennta- og menningarmálaráðuneytið með það fyrir augum að auka heildarupphæð styrksins fyrir starfsárið 2022-2023 um rúmlega 14.000.000 króna. Landssamtök íslenskra stúdenta og MRN hafa nú þegar undirritað þjónustusamning fyrir árin 2019-2023. Þar er kveðið á um úthlutun 9.000.000 króna frá MRN til LÍS árlega á samningstímanum. Rekstrarárið 2020-2021 skilaði afgangi vegna niðurfellingu viðburða, jafnt innanlands sem utan, en eru það með stærstu útgjaldaliðum samtakanna. Samtökin nýttu því þann afgang til að standa straum af auknum rekstrarkostnaði síðastliðins starfsárs. Eins og gefur að skilja gengur það fyrirkomulag ekki til lengdar og er því brýn þörf á auknu fjármagni til að hægt sé að uppfylla hlutverk samtakanna sem eina sameiginlega rödd allra háskólastúdenta á Íslandi.

Samtökin eru rekin á aðildargjöldum og styrkjum fyrir einstaka verkefnum (frá Erasmus+, ESU, ýmsum stofnunum og fyrirtækjum) en stærsta framlagið hefur komið frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Á meðan að samtökin eru þakklát fyrir stuðninginn og gott samstarf undanfarin ár þá er gríðarlega mikilvægt að endurskoða forsendur reglulega. Þá er brýnt að ráðuneytið átti sig á mikilvægu hlutverki sínu gagnvart samtökum sem þessum. LÍS er eini samstarfsgrundvöllur allra stúdenta á Íslandi og hafa samtökin náð að samræma stefnur og kröfur þessara ólíku skóla, sem eins og gefur að skilja, er gríðarlega verðmætt fyrir ráðuneytið.

Verkefni LÍS eru fjölbreytt og krefjandi en í viðhengi má sjá gögn til vitnisburðar um umfang og áhrif þessara verkefna, sem og hvað þau kosta:

- 1) Ársskýrsla LÍŠ fyrir starfsárið 2021-2022
- 2) Verkáætlun LÍŠ 2022-2023
- 3) Ársreikningur 2021
- 4) Fjárhagsáætlun 2022-2023
- 5) Áætlaður launakostnaður 2022-2023
- 6) Rökstuðningur fyrir launahækkun

Viðhengi 1 og 2 sýna hvað starf samtakanna er viðamikil en háskólasamfélagið og þátttaka stúdenta í því hefur eflst til muna frá stofnun samtakanna árið 2013. LÍŠ er vettvangur hagsmunabaráttu en líka fræðslu og þróunar. Á verkáætlun má sjá að samtökin munu vinna áfram sleitulaust í þágu núverandi og verðandi stúdenta, að eflingu háskólanáms á Íslandi og samstarfi stúdenta á alþjóðavísu.

Í viðhengi 3 og 4 má sjá að rekstur samtakanna er langt frá því að ganga upp næsta starfsár. Af brýnni nauðsyn var stöðugildum fækkað til bráðabirgða. Aftur á móti er mikilvægt að stöðugildin endurspegli þann fjölda verkefna sem samtökunum er falið, því er aukið fjármagn grundvöllur þess að samtökin geti sinnt hlutverki sínu. Í viðhengjum 5 og 6 má finna útreikninga á áætluðum launakostnaði ásamt rökstuðningi fyrir launahækkun.

Til viðbótar við fyrrnefndan launakostnað er nauðsynlegt að tryggja að samtökin standi straum af rekstrarkostnaði árlegra verkefna á borð við Student Refugees, Réttinda-Ronju, Jafnréttisdaga, gæðanámskeiða, vinnuþinga og landsþings ásamt öðrum samstarfsverkefnum á alþjóðlegum vettvangi. Samtökin hafa undanfarin ár sótt sérstaklega um styrki fyrir þessi verkefni og munu að sjálfsögðu halda áfram að leita fjölbreyttra leiða til fjáröflunar fyrir einstök verkefni en erfitt er að reka grunnstarfsemi á styrkjum úr samkeppnissjóðum.

Enn fremur hefur orðið krefjandi að standa straum af rekstrarkostnaði samtakanna með óbreyttri fjárhæð þegar verðlag á vörum, þjónustu og sér í lagi launum breytist. Þó að LÍŠ leggi sig fram við að tryggja aukafjárveitinga til sérverkefna þá þarf kjarnastarfsemi og stjórnun samtakanna samt aukið fjármagn. Umfang starfsins hefur eðlilega stækkað frá stofnun en í raun er umbeðin upphæð aðeins hugsuð til þess að halda kjarnastarfsemi samtakanna gangandi og koma í veg fyrir að núverandi og næstu stjórnir þurfi að fækka starfsfólki eða binda enda á mikilvæg verkefni.

9.3.2 Krafa um mat á áhrifum styttingu stúdentsprófs

24. Janúar 2023

Berist til mennta- og barnamálaráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Landssamtök íslenskra stúdenta og Samband íslenskra framhaldsskólanema krefjast þess að lagt verði mat á áhrif þess að námstími til stúdentsprófs var stytur úr fjórum árum í þrjú ár.

Ágæt reynsla er nú komin á endurskipulagningu á námstíma til stúdentsprófs og því mikilvægt að gerð verði heildarúttekt á áhrifum þessarar breytinga. Brynt er að staða þeirra háskólanema sem koma úr hinu nýja kerfi verði skoðuð í samanburði við þá nemendur sem komu úr því fyrra. Úttektin þarf að taka mið af fjölbreyttum þáttum líkt og líðan stúdenta, gæði náms og undirbúning fyrir háskólanám. Jafnframt þarf að meta hvort þau markmið sem stjórnvöld settu fram með þessari breytingu hafi verið uppfyllt og hvaða önnur áhrif breytingin hefur haft á íslenskt samfélag, tómstundaþátttöku ungmenna og vinnumarkað.

Stúdentar krefjast þess sömuleiðis að fulltrúar Landssamtaka íslenskra stúdenta og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema hafi aðkomu að úttektinni og fái aðgang að niðurstöðum hennar.

Rökstuðningur:

Stytting námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú ár var umfangsmikil breyting sem hafði víðtæk áhrif á íslenskt samfélag, þar á meðal á starfsemi framhaldsskóla, háskóla, líðan ungmenna og íslenskan vinnumarkað. Þar sem nú hefur hlotist reynsla af styttingunni er ástæða til að taka saman upplýsingar um hvaða árangur hefur náðst með breytingunni og hvaða samfélagslegu og efnahagslegu áhrif hún hefur haft.

Í skýrslu þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra frá árinu 2020 um árangur og áhrif þess að námstími til stúdentsprófs var stytur úr fjórum árum í þrjú ár sem unninn var af beiðni Alþingis kemur m.a. fram að mennta- og menningarmálaráðherra hafi áformað að setja af stað verkefni til fimm ára til að leggja samræmt mat á það hversu vel undirbúnir nemendur koma

til háskóla með því að fylgjast með þróun námsárangurs.¹⁸ Sú vinna hefur þó enn ekki hafist og því er mikilvægt að hún hefjist sem allra fyrst.

¹⁸ <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/1491.pdf>

9.3.3 Kröfur Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 skal fara fram endurskoðun á lögnum innan þriggja ára frá því þau komu til framkvæmda og niðurstöður endurskoðunarinnar kynntar eigi síðar en á haustþingi 2023. Í ljósi þess að ekki er kveðið á um reglulega endurskoðun þessara laga er ljóst að endurskoðun þessi veitir gríðarlega mikilvægt tækifæri til að gera **nauðsynlegar breytingar** á fyrirkomulagi námslána hér á landi.

Í bráðabirgðaákvæði þessu er ekki kveðið nánar á um hvernig endurskoðunin skuli fara fram. Er það ósk stúdenta að þetta tækifæri verði nýtt til hins ítrasta og að kerfið í heild sinni verði tekið til ítarlegrar skoðunar, þar sem hlutaðeigandi aðilum, stúdentum og greiðendum, verði boðið sæti við borðið í gegnum allt ferlið.

Hlutverk Menntasjóðs námsmanna er að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem veitir stúdentum tækifæri til náms, óháð efnahagi eða stöðu að öðru leiti. Þörf er á mikilli vinnu og talsverðum breytingum á lögum sjóðsins til þess að þetta hlutverk sé uppfyllt.

LÍS leggur fram eftirfarandi sameiginlegar kröfur stúdenta um þær breytingar sem gera þarf á kerfinu og ferlinu framundan.

Efnisyfirlit

1. Endurskoðunarferlið	4
2. Niðurfelling	4
2.1. 25% niðurfelling af höfuðstól í lok hverrar annar	4
2.2. 40% niðurfelling af höfuðstól við námslok	5
2.3. Fallið verði frá tímamörkum	6
2.4. Almennt um hvatakerfið	6
3. Framfærslulán	6
3.1. Ákvæði um árlega endurskoðun á framfærslulánum	7
3.2. Viðbótarlán vegna húsnæðis	7
3.3. Frítekjumarkið	7
3.4. Lágmarksnámsframvinda	8
3.5. Undanþágur fyrir fatlaða nemendur	8
3.6. Lán óháð námsframvindu	9
3.7. Lánað verði fyrir vikum en ekki einingum	9
3.8. Varnagli vegna gengisbreytinga	9
3.9. Viðbótarlán skylda en ekki heimild	10
4. Vextir	10
4.1. Vaxtaálag vegna affalla	10
4.2. Lægra vaxtaþak	11
4.3. Varnagli vegna verðbólgu	11
4.4. Sjálfbærni útlánahluta sjóðsins	11
5. Skólagjaldalán	12
5.1. Gengi miði við þann mánuð sem skólagjöld eru greidd	12
5.2. Skólagjöld fyrir allt skólaárið greidd fyrirfram	12
5.3. Hámark skólagjaldalána við breytingu á námslandi	13
6. Undanþágur	13
6.1. Rýmri undanþágur	13
6.2. Skerpt sé á heimild til þess að veita svigrúm til námsloka	13
6.3. Svigrúm vegna fæðingarorlofs	14
7. Endurgreiðslur	14
7.1. Tekjutenging	14
7.2. Gjaldfelling	15
7.3. Auknar heimildir til afskrifta	16

7.4. Endurgreiðsla hefjist eftir tvö ár	16
7.5 Ábyrgðarmenn	17
8. Nýtt bráðabirgðaákvæði	17
9. Samantekt og greiningarefni	18
9.1 Listi yfir greiningarefni	18

1. Endurskoðunarferlið

Stúdentar eru stærstu hagsmunaaðilarnir að námslánakerfinu og því nauðsynlegt að þeir séu hafðir með í ráðum á öllum stigum ferlisins. Stúdentar verða að eiga fulltrúa á hverjum þeim vettvangi sem endurskoðunin fer fram á. Mikilvægur liður í að tryggja gæði endurskoðunarinnar er að sett verði fram skýr tímalína um ferlið og hún kynnt hagsmunaaðilum. LÍS leggur áherslu á að við endurskoðunina verði þau áhrif sem nýju lögin hafa haft sérstaklega kortlögð og að fyrstu tölur og gögn um námslán frá Menntasjóðnum verði gerð opinber um leið og þau liggja fyrir.

Þá ítrekar LÍS fyrri kröfur um að sameiginleg þjónustukönnun stúdenta og Menntasjóðsins verði framkvæmd í aðdraganda endurskoðunarinnar. Mikilvægt er að fulltrúar stúdenta fái að taka þátt í gerð spurningalista og fái aðgang að niðurstöðum könnunarinnar. Þá óskar LÍS eftir aðgangi að öllum þeim gögnum sem völ er á til að hægt sé að framkvæma þá greiningarvinnu sem nauðsynlegt er að liggja til grundvallar endurskoðunarinnar.

2. Niðurfelling

Í 14. gr. laga um Menntasjóð námsmanna er kveðið á um að ljúki lántaki námi á tilteknum tíma ávinnur hann sér námsstyrk sem nemur 30% niðurfærslu af höfuðstól námslánsins. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum um Menntasjóð námsmanna¹⁹ kemur fram að við val á aðferð við styrkveitingu hafi verið horft til norska lánasjóðsins. Stúdentar benda á að enn þurfi að gera töluverðar breytingar á lögum um Menntasjóðinn svo hið íslenska kerfi standist samanburð við hið norska. Stúdentar leggja áherslu á að við styrkveitingu sé horft sé til jafnréttissjónarmiða í viðum skilningi og krefjast eftirfarandi breytinga á styrkveitingum:

¹⁹ <https://www.althingi.is/altext/150/s/0373.html>

2.1. 25% niðurfelling af höfuðstól í lok hvernar annar

Stúdentar krefjast þess að veitt verði 25% niðurfelling af höfuðstól námslána í lok hvernar annar líkt og er gert í hinu norska lánasjóðskerfi. Þar er námsstyrkur veittur fyrir hverja þreytta einingu, óháð fjölda þeirra og lengd námstíma.

Í hinum norska lánasjóði er veitt framfærslulán fyrir allar einingar sem stúdent er skráður í óháð því hvort stúdentinn standist námskröfur (nánar er fjallað um það í kafla 3.5.). Ljúki stúdent ekki tilteknu námkseidi, til dæmis vegna falls, fær hann ennþá lán en þó ekki 25% niðurfellingu á þeim einingum. Þó er hægt að vinna upp afsláttinn síðar með því að vinna einingarnar upp. Þessi útfærsla tekur þannig tillit til ólíkra aðstæðna stúdenta og dregur úr aðstöðumun þeirra sem ljúka ekki námi eða skipta um námsleið og er um leið hvati til þess að ljúka þeim einingum sem nemandi er skráður í.

LÍS telur mikilvægt að hvatakerfið letji ekki stúdenta til þess að skipta um námsleið. Í núverandi styrkjakerfi er ekki veittur neinn styrkur fyrir þau sem ekki ljúka því námi sem fengið er lán fyrir. Þetta getur leitt til þess að stúdentar veigri sér við því að skipta um námsleið skyldu þeir finna að áhugi þeirra og styrkleikar liggja á öðru sviði. Háskólamenntun er kostnaðarsöm fyrir hið opinbera og getur það orðið sóun, bæði á tíma og fjármagni, að einstaklingur ljúki námi sem hann mun ekki nýta. Því ætti Menntasjóðurinn að skapa hvata fyrir aukið svigrúm stúdenta til þess að finna sér nám við hæfi.

Stúdentar telja þetta fyrirkomulag auk þess betur til þess fallið að hvetja landsmenn til þess að sækja sér viðbótarþekkingu, í takt við auknar kröfur um símenntun.

Að lokum leggja stúdentar áherslu á að menntun hefur ávallt í för með sér samfélagslegan ábata, óháð því hvort sem henni lýkur með gráðu eða ekki.

2.2. 40% niðurfelling af höfuðstól við námslok

Í hinum norska lánasjóði bætist við 15% niðurfelling af höfuðstól námslána við námslok til viðbótar við þau 25% sem eru felld niður í lok hvernar annar. Heildarstyrkurinn er þannig 40% af

höfuðstól lánsins, samanborið við 30% á Íslandi. Stúdentar gera þá kröfu til íslenskra stjórnvalda að þau sýni sama metnað og norsk stjórnvöld í fjárfestingu í háskólamenntun og felli niður jafn hátt hlutfall af höfuðstól námslána.

2.3. Fallið verði frá tímamörkum

Yfirburðir hins norska styrkjakerfis umfram hið íslenska eru ekki aðeins bundnir við herra hlutfall styrks heldur uppfyllir það víðari jafnréttissjónarmið. Í Noregi er veitt 40% niðurfelling af höfuðstól láns við námslok óháð lengd námstíma. Slíkt fyrirkomulag tekur mun betur tillit til þeirra ólíku ástæðna sem geta leitt til þess að nemar ljúki ekki námi á tilsettum tíma. Hér skal tekið fram að engin ástæða er til að ætla að háskólanemar hafi ekki fullan vilja til þess að ljúka námi á áætluðum tíma enda er það tvímælalaust í hag stúdenta að fara sem fyrst á vinnumarkað.

2.4. Almenn um hvatakerfið

Þá ber að hafa í huga að markmið núverandi styrkjakerfis er að skapa hvata fyrir stúdenta til þess að ljúka námi á tilsettum tíma. Í því ljósi leggur LÍS höfuðáherslu á að stjórnvöld skoði lengd námstíma háskólanema á Íslandi í víðara samhengi og taki tillit til þátta líkt og framfærslu námsfólks og hárrar atvinnuþátttöku stúdenta. Samkvæmt Eurostudent VII²⁰ vinna 71% háskólanema á Íslandi með námi og er hlutfallið með því hæsta af þeim þjóðum sem taka þátt í könnuninni. Í sömu könnun kemur fram að 72% þeirra nema sem vinna með námi fullyrða að án vinnunar gætu þau ekki verið í námi. Niðurstöður könnunarinnar eru áfellingisdómur á námslánakerfið og dregur fram þann vanda sem ófullnægjandi framfærsla skapar.

Við gerð hvatakerfis er því mikilvægt að unnin er greining á þeim ástæðum sem búa að baki löngum námstíma stúdenta hérlendis og vinna að lausnum út frá niðurstöðum hennar. Sömuleiðis þarf að greina hvaða hópi núverandi hvata- og styrkjakerfi gagnast og skoða í kjölfarið hvort markmið sjóðsins sem félagslegs jöfnunartóls verði betur uppfyllt með öðrum útfærslum.

3. Framfærslulán

Eftir sem áður undirstrika stúdentar mikilvægi þess að framfærslulán nægi hverjum námsmanni til að standa straum af almennum framfærslukostnaði líkt og kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr.

²⁰ https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf

laganna. Ljóst er að lág framfærsla skerðir aðgengi að menntun og er ein helsta ástæða þess að íslenskir stúdentar vinna mikið með námi²¹. Þar að auki býr fyrirkomulag frítekjumarksins til vítahring þar sem stúdentar neyðast til að vinna meira til geta framfleytt sér en við það skerðist námslánið svo þeir þurfa að vinna enn meira. Því krefst LÍS eftirfarandi breytinga á framfærslulánum Menntasjóðsins:

3.1. Ákvæði um árlega endurskoðun á framfærslulánum

Stúdentar krefjast þess að ákvæði þess efnis að upphæðir námslána skuli endurskoðaðar til hækkunar árlega, m.t.t. verðlagsbreytinga, þróunar leiguverðs og gengisbreytinga verði bætt við lög um Menntasjóð námsmanna. Í núgildandi lögum eru engin fyrirmæli um endurskoðun lánsupphæða með reglubundnum hætti og því ekkert sem skyldar stjórn Menntasjóðsins eða ráðherra til að bregðast við þegar efnahagsaðstæður breytast til hins verra.

3.2. Viðbótarlán vegna húsnæðis

Nauðsynlegt er að lögfest verði ákvæði sem tryggir að viðbótarlán vegna húsnæðis taki mið af þróun leiguverðs. Í skýrslu Stúdentaráðs Háskóla Íslands um stúdenta á húsnæðismarkaði²² kemur fram að á árunum 2017 til 2021 hafi vísitala leiguverðs hækkað um 41% á meðan viðbótarlán vegna húsnæðis hækkaði aðeins um 11%. Enn fremur varð engin hækkun á viðbótarláni vegna húsnæðis milli úthlutunarreglna 2021-22 og 2022-23. Ljóst er að til að tryggja stöðug kjör þarf viðbótarlán vegna húsnæðis að lágmarki að hækka um því sem nemur vísitölu leiguverðs milli ára.

3.3 Frítekjumarkið

Nauðsynlegt er að samspil frítekjumarksins og grunnframfærslunnar sé vandlega skoðað og fundin sé leið til að koma í veg fyrir að frítekjumarkið hamli því að stúdentar nái eðlilegri framfærslu. Þá ber að hafa í huga að námslán eru (að jafnaði) veitt fyrir 9 mánuðum ársins en stúdentar þurfa að afla tekna til að standa undir hinum mánuðunum. Því verður að ráðast í ítarlega greiningu á hækkun, afnámi, þrepaskiptingu sem og öðrum breytingum sem hægt er að gera á frítekjumarkinu. Í kjölfar greiningarinnar er nauðsynlegt að skoða hvort ástæða sé til að setja ákvæði um frítekjumarkið í lög um Menntasjóðinn en nú er útfærsla þess eingöngu í

²¹ https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf

²² <https://student.is/static/0c7bc9ef9e670f6feafc9d005c5c8221/Studentar-a-husnaedismarkadi.pdf>

úthlutunarreglum. LÍS krefst þess að úfærsla frítekjumarksins verði ekki til þess að hamla stúdentum að ná eðlilegri framfærslu sem og að sjálfsaflatekjur stúdenta þær vikur sem eru utan annar sé undanskyldar frítekjumarki.

3.4 Lágmarksnámsframvinda

LÍS krefst þess að krafa um lágmarksnámsframvindu verði lækkuð í lögum. Samkvæmt 13. gr. laganna þarf lántaki að uppfylla kröfur um lágmarksnámsframvindu til þess að eiga rétt á námsláni. Í lögunum segir að kröfur um lágmarksnámsframvindu mega ekki vera meiri en 44 ECTS-einingar eða ígildi þeirra á ári, en að öðru leyti er það sett í hendur sjóðstjórnar að ákvarða hvað telst vera full námsframvinda og hvað telst vera lágmarksnámsframvinda. Í úthlutunarreglum 2022-2023²³ er gerð krafa um að ljúka þurfi 22 ECTS-einingum á önn til að eiga rétt á láni frá Menntasjóði námsmanna og fullt nám er skilgreint sem 30 ECTS-einingar á önn. Stúdentar á Íslandi þurfa því að vera í að minnsta kosti um 75% námi til þess að eiga yfir höfuð rétt á námslánum. Mörg námskeið eru fleiri en 8 ECTS-einingar og þarf því lítið út af að bregða til þess að stúdent missi allan rétt sinn á námslánum. Mikilvægt er að lækka kröfur um lágmarksnámsframvindu en 34% íslenskra stúdenta telja fjárhagsstöðu sína annað hvort alvarlega eða mjög alvarlega, til samanburðar er meðaltalið 26% í Evrópu²⁴. Að auki voru fjárhagserfiðleikar þriðja algengasta ástæða þess að íslenskir stúdentar gerðu hlé á námi sínu.

3.5. Undanþágur fyrir fatlaða nemendur

Þá krefst LÍS sérstaks undanþáguákvæðis á kröfum um lágmarksnámsframvindu sem lýtur að fötluðum nemendum. Fatlaðir nemendur þurfa í mörgum tilfellum að taka færri en 22 ECTS-einingar á önn og uppfylla því ekki kröfur um lágmarks námsframvindu og hafa þar að leiðandi ekki rétt á námslánum. Þeir geta margir hverjir ekki stundað fullt nám vegna fötlunar eða langvarandi veikinda og verða því fyrir mismunun. Menntun er mikilvæg fyrir alla, ekki síður fatlað fólk. Líkt og hefur áður komið fram í þessu skjali er það markmið laga um Menntasjóð námsmanna að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms, án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti. Því krefjast stúdentar að tekið verði tillit til stöðu fatlaðra nemenda og aðgengi þeirra að námslánum verði tryggt.

²³ <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=22005903-7bec-4b99-a3dc-1a324ce8b766>

²⁴ https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf

3.6. Lán óháð námsframvindu

Hægt er að ganga mislangt í kröfum um lágmarksnámframvindu en benda má á að hjá hinum norska lánasjóði geta stúdentar fengið lán fyrir einingum óháð því hvort þeir standist námsmat²⁵. Þá skal taka fram að 25% niðurfelling á höfuðstól láns sem fjallað var um í kafla 2.1. hér að ofan fæst þó einungis fyrir þær einingar sem eru þreyttar.

Með þessu fyrirkomulagi mætti draga úr fjárhagsáhyggjum stúdenta og þar með stuðla að aukinni vellíðan. Sömuleiðis dregur þessi leið úr umsýslu kostnaði hjá Menntasjóði námsmanna. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 60/2020 kemur fram að umsýsla hjá Menntasjóðnum gæti aukist vegna innheimtu hjá þeim sem ekki ná tilskyldri námsframvindu og þurfa að greiða ofgreidd námslán til baka. Hægt væri að leysa þetta vandamál og draga úr umsýslukostnaði með því að fara sömu leið og í Noregi.

3.7. Lánað verði fyrir vikum en ekki einingum

Samkvæmt úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna 2022-2023²⁶ er, að jafnaði, lánað fyrir níu mánuðum óháð lengd anna. Þetta fyrirkomulag gerir ekki ráð fyrir því að annir geta verið mislangar á milli námsleiða²⁷ og getur þetta komið lántökum í erfiða stöðu. Tryggja þarf að námslán dugi nemendum á meðan námstíma stendur en stúdentar telja það best gert með því að lánað verði fyrir vikum en ekki einingum.

Ekki þarf að sækja fyrirmyndir af slíku kerfi langt, en bæði norski og sænski lánasjóðurinn lána til dæmis eftir vikum. LÍS telur slíkt fyrirkomulag bæði heillvænlegra og sanngjarnara en núverandi fyrirkomulag og leggur til að slíkt fyrirkomulag verði fest í lögum um Menntasjóð námsmanna.

3.8. Varnagli vegna gengisbreytinga

LÍS krefst þess að öryggisvinklar vegna breytinga á gengi verða lögfestir. Gengisbreytingar geta haft veruleg áhrif á framfærslulán stúdenta erlendis. Sveifla íslensku krónunnar má ekki verða

²⁵Þó er það ýmsum takmörkunum háð, sjá nánar hér:

<https://lanekassen.no/en-US/grants-and-loans/forsinkelse-avbrudd-og-endring-i-utdanningen/academic-delays/>

²⁶ <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?recordID=22005903-7bec-4b99-a3dc-1a324ce8b766>

²⁷ Þess má einnig geta að vorönn er jafnan lengri en haustönn samkvæmt skipulagi náms hér á land

til þess að afkomaöryggis stúdenta erlendis sé ógnað. LÍS tekur undir tillögu SÍNE þess efnis að stjórn Menntasjóðs námsmanna verði gert skylt að fjalla um á stjórnarfundum ef gengi krónunnar breytist meira en 5% stúdentum í óhag og grípa til viðeigandi aðgerða.

3.9. Viðbótarlán skylda en ekki heimild

Í 3. gr. laga um Menntasjóðinn má finna heimild til viðbótarlána vegna kostnaðar við búsetu hjá efnalítlum foreldrum, maka, röskunar á stöðu og högum námsmanns, sjúkratryggingar og ferðakostnaðar. Þar sem einungis er um heimild að ræða er ekki skylda fyrir stjórn Menntasjóðsins að veita viðbótarlánin. LÍS krefst þess að sjóðnum verði skylt að veita þessi lán í þeim tilvikum sem þau eiga við.

4. Vextir

Samkvæmt 17. og 18. gr. laga um Menntasjóð námsmanna eru vextir námslána breytilegir og byggja á þeim vaxtakjörum sem ríkissjóði bjóðast á markaði að viðbættu föstu vaxtaálagi sem skal ákveðið í úthlutunarreglum hvers árs. Vaxtaálagið skal taka mið af væntum afföllum af endurgreiðslu lána. Þó er 4% vaxtaþak á verðtryggðum lánnum og 9% á óverðtryggðum lánnum. Ljóst er að með innleiðingu breytilegra vaxta fylgdi aukin áhætta fyrir lántaka og óvissa um endurgreiðslubyrði og lánakjör.

Samkvæmt minnisblaði²⁸ sem Summa ehf. vann fyrir Menntamálaráðuneytið við gerð frumvarpsins ætti nýja námslánakerfið að skila skatttekjum og sparnaði í skólakerfinu upp á einn til þrjú milljarða á ári hverju. LÍS tekur undir kröfu Stúdentaráðs Háskóla Íslands²⁹ um að það fjármagn skuli renna aftur til sjóðsins. Þá fjárhæð skuli nota til að greiða niður vexti af námslánnum þannig að lántakar beri ekki einir byrði af markaðsáhættu.

4.1 Vaxtaálag vegna affalla

Í 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 18. gr. í lögum um Menntasjóð námsmanna er kveðið á um að vaxtakjör sjóðsins innihaldi vaxtaálag vegna væntra affalla af endurgreiðslum námslána³⁰. Þannig er greiðendum gert að bera alla áhættu vegna affalla af lánnum sjóðsins. Stúdentar krefjast

²⁸ <https://drive.google.com/file/d/1FmNw4XxycsqOIrrOdzBEa5LfFs0Fz4pg/view>

²⁹ <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-360.pdf>

³⁰ Slík afföll geta komið til t.d. vegna vanskila annarra greiðenda eða andláta (sbr. 2. mgr. 16. gr.)

Þess að ríkið beri þá áhættu sem tilkomin er vegna affalla og skal ákvæði þess efnis bætt við 3. mgr. 34. gr. þar sem kveðið er á um fjárframlög frá ríkinu.

4.2 Lægra vaxtaþak

Stúdentar krefjast þess að vaxtaþak bæði verðtryggðra og óverðtryggðra námslána frá Menntasjóði námsmanna verði lækkað. Með því að lækka vaxtaþakið á ný er komið í veg fyrir að markaðsáhætta og áhætta vegna affalla falli alfarið á lántaka. Þannig er dregið úr óvissu fyrir lántaka sem stuðlar að því að markmiði sjóðsins um að veita aðgengi að námi án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti sé betur uppfyllt

4.3. Varnagli vegna verðbólgu

Í dag eru vextir á verðtryggðum lánunum frá Menntasjóði námsmanna 2,49% en í október mældist verðbólga 9,4%³¹ sem þýðir að raunvextir af verðtryggðum lánunum frá Menntasjóði námsmanna eru nú 11,9%. Vextir á óverðtryggðum lánunum frá sjóðnum eru aftur á móti 7,13%. LÍS krefst þess að við endurskoðunina verði sérstaklega athugað hvernig hægt sé að bregðast við aðstæðum sem þessum, enda er ekki tækt að vaxtabyrði stúdenta sé eins há og raun ber vitni, það skerðir ekki aðeins aðgengi að námi, heldur má einnig ætla að það dragi úr jafnréttisáhrifum sjóðsins.

4.4 Sjálfbærni útlánahluta sjóðsins

Stúdentar krefjast þess að horfið verði frá sjónarmiðum um sjálfbærni sjóðsins, enda beri slík sjónarmið þess ekki merki að stjórnvöld líti á nám og stúdenta sem fjárfestingu fyrir samfélagið allt. Hér er vísað til þess markmiðs sjóðsins að útlán hans standi undir sér að undanskildum 30% styrk til lántaka sem ljúka námi á réttum tíma og greiðslu barnastyrks, auk ívilnana.

Ítreka ber að um er að ræða lán sem veitt eru í þeim tilgangi að þjóðin mennti sig. Lánin bera vexti, kunna að vera verðtryggð og eru endurgreidd af lántökum. Slík fjárfesting í þágu íslensks samfélags og atvinnulífs ætti ekki að vera takmörkuð af sjálfbærnihugsjón útlánahluta sjóðsins, heldur vera sniðin að þörfum lántaka svo sem flestir eigi þess kost að sækja sér menntun við hæfi. Þar að auki ríma markmið um sjálfbærni illa við þau jafnréttissjónarmið sem sjóðurinn er byggður á og grefur raunar undan þeim. Mikilvægt er að stjórnvöld muni að fjárfesting í námi er

³¹ <https://www.hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/verdlag/visitala-neysluverds/>

ábatasöm fyrir samfélagið allt og fjárframlög ríkisins þurfa að aukast til þess að þau endurspegli þá staðreynd.

5. Skólagjaldalán

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir íslenskt samfélag og vinnumarkað að stúdentum gefist færi á að afla sér þekkingar erlendis. Til þess að sinna hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður þarf Menntasjóðurinn að tryggja að þeim sem vilja stunda nám erlendis sé gefið færi á slíkri reynslu.

Skólagjaldalán sem sjóðurinn veitir eru hvorki endurskoðuð árlega né duga þau fyrir skólagjöldum yfir venjulegan námstíma. Þessu verður að breyta. Núverandi hámark lána vegna skólagjalda hér á landi er 3.900.000 kr. en erlendis er það 6.300.000 kr. (ef nám er skipulagt lengur en 5 ár bætast 1.900.000 kr. við hámarkið)³² en mýmörg dæmi eru um námsleiðir sem krefjast hærri skólagjalda yfir námstímamann allan. Þar ber einna hæst læknisfræðinám utan norðurlandanna, líkt og Félag íslenskra námsmanna í Ungverjalandi (FÍLU) hafa ítrekað bent á³³. LÍS vísar til ítarlegri umfjöllunar Sambands íslenskra námsmanna erlendis um þessi mál.

5.1. Gengi miði við þann mánuð sem skólagjöld eru greidd

Umfram það krefjast stúdentar þess að lögfest sé að skólagjaldalán séu miðuð við gengi þess mánaðar sem gjöldin eru greidd í stað fyrirfram ákveðins viðmiðunargengis, líkt og tíðkast hefur í úthlutunarreglum. Undangengnir mánuðir mikillar efnahagslegar óvissu hafa sýnt fram á mikilvægi þess að lánið rýrist ekki í þeirri mynt sem greiða á gjöldin með. Vissulega hafa einstaka lántakar af sömu orsökum fengið hærri skólagjaldalán en ella en höfuðáherslan verður að vera á að útrýma óvissunni, sem getur verið mjög mikil hvað gengisþróun krónu gagnvart hinum ýmsu gjaldmiðlum varðar.

5.2. Skólagjöld fyrir allt skólaárið greidd fyrirfram

Þar að auki skal benda á að fjöldi erlendra háskóla bjóða upp á staðgreiðsluafslátt ef skólagjöld alls skólaársins eru greidd á sama tíma. Það væri því hagkvæmara ef lánað væri fyrir

³² Úthlutunarreglur 2022-23

³³ Sjá t.d. [umsögn FÍLU](#) um frumvarp um Menntasjóð námsmanna og kröfur SÍNE í lánasjóðsmálum.

skólagjöldum alls ársins fyrirfram, þar með stæðu bæði Menntasjóður og lántaki uppi með lægri skólagjaldalán.

5.3. Hámark skólagjaldalána við breytingu á námslandi

Núverandi fyrirkomulag við ákvörðun heildarhámarks skólagjaldalána þarf einnig að bæta. Háskólanemi sem tekið hefur lán fyrir skólagjöldum á Íslandi á, m.v. núverandi framkvæmd, eingöngu rétt á því hlutfalli skólagjaldalána erlendis sem hann hefur ekki nýtt af innlenda hámarkinu. Erfitt er að sjá hvers vegna þykir þörf á að gera slíkan greinarmun á viðtökulandi skólagjaldanna. Framkvæmdin eykur óhóflega aðstöðumun þeirra stúdenta erlendis sem hafa áður stundað nám við íslenska háskóla sem eru með skólagjöld. LÍS krefst þess að við endurskoðun laganna verði komið í veg fyrir að sjóðstjórn geri slíkan greinarmun á hámarki skólagjaldaláns.

6. Undanþágur

Stúdentar telja að núverandi fyrirkomulag undanþága (2. mgr. 13. gr.) og aukins svigrúms til námsloka (4. mgr. 14. gr.) vegna frávika á námsframvindu hafi ekki þau jöfnunaráhrif sem ætluð voru við setningu laganna. Breyta þarf lögum og reglum sjóðsins til þess að tekið verði tillit til raunverulegra aðstæðna lántaka.

6.1. Rýmri undanþágur

Í fyrsta lagi eru undanþágurnar sem nú eru til staðar of þröngar. Sú staða getur þrengt tímarammann til niðurfellingar (þ.e. námsstyrks) verulega og gert það að verkum að kröfur til stúdenta verða óraunhæfar. Núverandi löggjöf heimilar slíkar undanþágur og eru þær útfærðar í úthlutunarreglum. Stúdentar telja nauðsynlegt að skerpt sé á orðalagi í lögum um Menntasjóð námsmanna þannig að krafa sé gerð um að við ákvörðun á útfærslu á undanþágum sé tekið tillit til raunverulegra aðstæðna.

6.2. Skerpt sé á heimild til þess að veita svigrúm til námsloka

Í öðru lagi er nauðsynlegt að skerpa á lögnum til að endurspegla að ekki sé skilyrði að hafa hlotið undanþágu til þess að leyfilegur námstími framlengist um því sem henni nemur. Sjóðurinn hefur túlkað 4. mgr. 14. gr. svo þröngt að taki einstaklingur ekki lán á meðan aðstæður hans eru

Þannig að undanþága frá námsframvindukröfu yrði veitt, lengist svigrúm til seinkunar í námi ekki um því sem henni nemur. Þannig geta komið upp dæmi þar sem nemandi tekur að jafnaði námslán en ekki á þeim önnum sem námsárangur verður ekki nægilega mikill. Skortur á formlega veittri undanþágu getur þá haft í för með sér að svigrúm til seinkunar í námi er ekki nægilega mikið.

6.3. Svigrúm vegna fæðingarorlofs

Eitt besta dæmið um vankanta núverandi svigrúms eru barneignir og fæðingarorlof. Hér er ekki átt við formlegar greiðslur frá fæðingarorlofssjóði heldur einfaldlega töku orlofs til að sinna nýfæddu barni, hvort sem slíku orlofi fylgja greiðslur eða ekki. Eins og kerfið er sett upp er engin leið fyrir foreldri í námi til að taka sér orlof til að hlúa að nýfæddu barni. Þar sem skólar eru almennt skipulagðir í önnum gæti foreldri, eftir fæðingarmánuð barns, neyðst til þess að taka tvær núll eininga annir í röð. Slíkur námsárangur er ekki lánshæfur svo ekki er hægt að fá veitta undanþágu vegna barneigna eins og framkvæmd sjóðsins hefur verið. Það leiðir af sér að nákvæmlega ekkert svigrúm verður eftir fyrir foreldra ungs barns til seinkunar í námi eftir að nám hefst að nýju. Ljóst er að við slíkt ástand verður ekki unað og meiri sveigjanleika er þörf.

Í tilviki foreldra geta enn fremur komið upp vandræði með veikindi barna³⁴, skortur á leikskólaplássum og aðrar aðstæður sem ekki veita undanþágu frá námsframvindukröfum sem gætu þá um leið útrýmt möguleika foreldra á að hljóta námsstyrk. Án efa má finna fleiri dæmi um aðstæður sem krefjast slíkrar fullnýtingar svigrúmsins og benda til óréttlætis í kerfinu.

7. Endurgreiðslur

LÍS krefst breytinga á eftirfarandi lagagreinum sem snúa að endurgreiðslum á námslánum:

7.1 Tekjutenging

Afnema þarf aldursmark á tekjutengingu afborgana sem fram kemur í 1. mgr. 21. gr. laganna. Í þessu er fólgin mismunun gagnvart þeim sem ljúka námi síðar á lífsleiðinni. Yfirlýst markmið sjóðsins er að tryggja þeim sem falla undir lögín tækifæri til náms án tillits til efnahags og stöðu

³⁴ Ath. skv. úthlutunarreglum 2022-23 er aðeins veitt undanþága vegna veikinda barns ef veikindin “hafa kallað á innlögn á sjúkrahús eða sambærilega umönnun”. Ljóst er að almenn veikindi barna geta komið í veg fyrir að foreldri geti sinnt námi.

að öðru leyti. Ljóst er að ákvæðið takmarkar aðgengi að námi og grefur undan þeim félagslegu sjónarmiðum sem sjóðurinn byggir á.

Vakin hefur verið sérstök athygli á kynjaáhrifum tekjutengdra afborgana en í umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna³⁵ kom fram að konur voru 69% háskólanema á aldursbilinu 31 til 40 ára árið 2017. Af þessu má vera ljóst að ákvæðið felur ekki aðeins í sér mismunun á grundvelli aldurs heldur einnig á grundvelli kyns. Til stóð að að staða kvenna yrði könnuð við heildarendurskoðun laganna á sínum tíma. Við vinnslu þessa skjals var þá greiningu hvergi að finna. Ætla má hún hafi aldrei verið framkvæmd. LÍS kallar eftir því að slík könnun verði gerð samhliða yfirvofandi endurskoðun og einnig að staða annarra hópa sem ætla má að muni finna fyrir hækkaðri greiðslubyrði verði könnuð.

Þess má einnig geta að samkvæmt nýjustu launaránnsókn Hagstofu Íslands³⁶ var óleiðréttur launamunur karla og kvenna 10,2% körlum í hag árið 2021. Þá voru konur með 25,5% lægri atvinnutekjur en karlar árið 2019³⁷. Það gefur augaleið að þetta verður til þess að ýta enn frekar undir þá mismunun sem ákvæðið felur í sér.

Í þessu samhengi er einnig vert að nefna að það liggur ekki alltaf ljóst fyrir hvenær nemandi kemur til með að ljúka námi sínu. Ef að nemandi lýkur námi á því námsári sem viðkomandi nær 35 ára aldri þá breytist lán viðkomandi sjálfkrafa í jafngreiðslulán. Þetta getur haft í för með sér mikla óvissu hvað varðar kjör og endurgreiðslubyrði námslána. LÍS krefst þess að lögnum verði breytt á þann veg að tekjutengdar afborganir standi öllum lántökum til boða óháð aldri.

7.2. Gjaldfelling

Samkvæmt 20. gr. laga um Menntasjóð námsmanna skulu námslán almennt vera að fullu greidd á því ári sem lántaki nær 65 ára aldri. Í sömu grein kemur fram að hafi þau ekki verið að fullu greidd á því ári sem lántaki nær 66 ára aldri hefur sjóðstjórn heimild til að gjaldfella lánin. Ljóst er að það er ekki hátt hlutfall lántaka sem er ennþá að greiða af námslánum sínum á þessum aldri og líkur eru á að stór hluti þessa hóps hafi þurft á frestun á afborgunum að halda vegna aðstæðna

³⁵ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-710.pdf>

³⁶ <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/oleidrettur-launamunur-kynjanna-2021/>

³⁷ <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2021/93d565e8-b337-4013-9fee-855b080681f4.pdf>

sinna. Með öðrum orðum eru líkur á að stór hluti þess hóps sem heimildin nær til hafi ekki fjárhagslegt svigrúm til að standa straum af gjaldfellingu eftirstöðva lána sinna.

Í lögnum er heimildin auk þess mjög opin sem er varhugavert í ljósi þess um hve íþyngjandi aðgerð er að ræða. LÍS setur spurningamerki við það hvort að heimildin sé í samræmi við þau jafnréttissjónarmið sem sjóðurinn byggir á og krefst þess að hún verði afnumin úr lögum um Menntasjóð námsmanna.

7.3. Auknar heimildir til afskrifta

Samkvæmt 20. gr. laga um Menntasjóð námsmanna hefur sjóðstjórn heimild til að afskrifa höfuðstól lántaka við sérstakar aðstæður. Ef lántaki hefur ekki greitt upp lán sitt á því ári sem hann nær 65 ára aldri og á í erfiðleikum með greiðslur af heilsufarsástandum, sökum fjárhagsörðugleika eða af öðrum sambærilegum ástæðum hefur sjóðstjórn heimild til að afskrifa höfuðstól lánsins að hluta eða öllu leyti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

LÍS leggur til að heimild sjóðstjórnar til afskrifta verði víkkuð þannig að hún nái ekki aðeins til lántaka 66 ára og eldri. Stjórn sjóðsins ætti til að mynda að hafa heimild til að afskrifa lán, að hluta eða öllu leyti, vegna alvarlegra og varanlegra veikinda og varanlegrar örorku óháð aldri lántaka.

Þar að auki vill LÍS nýta þetta tækifæri til að benda á að samkvæmt lögum skal kveðið nánar á um framkvæmd og skilyrði afskrifta í úthlutunarreglum en í gildandi úthlutunarreglum er ekki að finna neinar nánari útfærslur á afskriftum lána frá sjóðnum.

7.4. Endurgreiðsla hefjist eftir tvö ár

Samkvæmt 19. gr. laga um Menntasjóð námsmanna skulu endurgreiðslur námslána hefjast einu ári eftir námslok. LÍS telur nauðsynlegt að lántökum sé gefið meira svigrúm fyrstu árin eftir námslok og leggur til að lántakar hafi val um hvenær á fyrstu tveimur árunum eftir námslok þeir hefji endurgreiðslur. Um námslán á vegum LÍN gildir að endurgreiðslur hefjist tveimur árum eftir námslok. Um námslán frá Menntasjóði námsmanna gildir hins vegar að endurgreiðslur hefjist einu ári eftir námslok. Ljóst er að fyrstu árin eftir námslok geta reynst fjárhagslega erfið,

það getur tekið tíma að brúa bilið á milli náms og vinnu og koma undir sig fótunum að námi loknu. Þessi breyting hefur óhjákvæmilega í för með sér þyngri greiðslubyrði fyrir nýútskrifaða lántaka.

Samkvæmt heimasíðu norska lánasjóðsins³⁸ geta lántakar frestað endurgreiðslum námslána 36 sinnum eða í allt að þrjú ár og ekki þarf að uppfylla nein sérstök skilyrði til að geta frestað greiðslum. Aukinn sveigjanleiki í anda norska kerfisins myndi auka fjárhagslegt öryggi þeirra sem sækja sér nám á námslánum og þar með auka aðgengi að námi. Þessi valkostur kann sérstaklega að vera fýsilegur fyrir þau sem gátu ekki klárað nám á réttum tíma af einhverjum ástæðum, hlutu ekki niðurfellingu og sitja því uppi með hærra lán en gert var ráð fyrir við upphaf náms.

7.5 Ábyrgðarmenn

LÍS krefst þess að fyrirkomulag um ábyrgðir og ábyrgðarmenn verði felld á brott. Samkvæmt 11. gr. laga um Menntasjóð námsmanna geta þau sem ekki teljast tryggir lántakar lagt fram ábyrgðir sem Menntasjóðurinn telur viðunandi. Geta ábyrgðir meðal annars verið fasteignaveð, ábyrgðaryfirlýsing fjármálastofnunar eða yfirlýsing ábyrgðarmanns um sjálfskuldarábyrgð og er það hlutverk sjóðstjórnar að ákveða hvaða skilyrðum ábyrgðarmenn skuli fullnægja.

Ljóst er að ábyrgðarkerfið hamlar getu þeirra eignaminni til þess að stunda háskólanám og telja stúdentar að 11. grein laganna vinni gegn hlutverki Menntasjóðsins sem félagslegur jöfnunarsjóður. Háskólanám er eitt helsta afl til félagslegs hreyfanleika og ættu stjórnvöld því að greiða leið þeirra eignaminni að háskólanámi í stað þess að skapa þeim hindranir.

8. Nýtt bráðabirgðaákvæði

Líkt og áður hefur komið fram fagna stúdentar því að nú skuli endurskoða lög um Menntasjóð námsmanna og ítrekar LÍS mikilvægi þess að lagt sé upp úr með því að sú endurskoðun verði eins ítarleg og greinargóð og fyrirliggjandi gögn gefa færi á. Í ljósi þess hve lítil reynsla er komin á núverandi kerfi telur LÍS þó rétt að það verði endurskoðað að nýju innan þriggja ára frá því að yfirvofandi endurskoðun hefur farið fram.

³⁸ <https://lanekassen.no/en-US/gjeld-og-betaling/>

Aðeins örfá þeirra sem tekið hafa námslán hjá Menntasjóði námsmanna hafa hafið afborganir af lánum sínum. Því er ljóst að ekki eru til staðar marktæk gögn um greiðendur, en líkt og gefur auga leið snýr stór hluti laganna að þeim hópi. Áhrif þeirra breytinga sem gerðar voru á námslánakerfinu með tilkomu laga um Menntasjóð námsmanna eru því enn óljós.

Ætla má að eftir þrjú ár verði komin betri reynsla á kerfið og líkur eru á að ítarlegri upplýsingar um áhrif kerfisins muni koma í ljós á tímabilinu.

9. Samantekt og greiningarefni

Ljóst er að íslenskir stúdentar búa enn, í grundvallaratriðum, við ófullnægjandi stuðningskerfi³⁹. LÍS leggur áherslu á að endurskoðun þessi verði nýtt til hins ítrasta og að kerfið í heild sinni verði tekið til ítarlegrar skoðunar með jafnrétti til náms í fyrirrúmi. LÍS krefst þess að stjórnvöld geri þarfar breytingar til þess að sjóðurinn uppfylli lögbundið hlutverk sitt sem félagslegur jöfnunarsjóður.

Ljóst er að takmörkuð gögn eru til staðar um þetta nýja kerfi og greiningar á áhrifum þeirra breytinga sem það hafði í för með sér eru af skornum skammti. Því er sérstaklega mikilvægt að háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið leggi ítarlegt mat á stöðu mála og gefi sér góðan tíma í þá greiningarvinnu sem endurskoðun sem þessi þarf að grundvallast á. Að mati LÍS er einnig nauðsynlegt að taka til skoðunar stofnunina sjálfa, þ.e. Menntasjóð námsmanna, og þá verkferla sem unnið er eftir þar.

9.1 Listi yfir greiningarefni

Hér að neðan setur LÍS fram þá þætti sem að mati stúdenta þarf sérstaklega að greina í aðdraganda endurskoðunarinnar.

- a. Við gerð hvatakerfis er mikilvægt að unnin verður greining á þeim ástæðum sem búa að baki löngum námstíma stúdenta hérlendis. Greiningin skal taka tillit til þátta líkt og framfærslulána og hárrar atvinnuþátttöku stúdenta. (sbr. kafla 2.4.).

³⁹ <https://student.is/frettir/studentar-eiga-betra-skilid>

- i. Hefur markmiði kerfisins um að koma fólki fyrir út á vinnumarkað/hærra hlutfall stúdenta klári nám sitt á tilskildum tíma verið náð?
 - ii. Stóðst kostnaðarmat á nýja kerfinu og hver hefur þjóðhagslegur ábati þess verið?
- b. Greina þarf hvaða hópi núverandi hvata- og styrkjakerfi gagnast og skoða í kjölfarið hvort hlutverk sjóðsins sem félagslegs jöfnunarsjóðs verði betur uppfyllt með öðrum útfærslum.
 - i. Stúdentar óska eftir tölfræði yfir lántaka sem hafa uppfyllt skilyrði laganna um að klára nám á réttum tíma og hljóta þar með niðurfellingu, sundurliðað eftir fjölskyldu- og búsetuaðstæðum, þar á meðal hvort búseta sé erlendis, í þeirri von að það varpi ljósi á hvaða hópum nýja kerfið gagnast helst auk þess á hvaða hópum þarf að styðja betur við.
- c. Nauðsynlegt er að samspil frítekjumarkans og grunnframfærslunnar sé vandlega skoðað. Fara verður í ítarlega greiningu á hækkun, afnámi, þrepaskiptingu sem og öðrum breytingum sem hægt er að gera á frítekjumarkinu (sbr. kafli 3.3.)
- d. LÍS kallar eftir því að staða kvenna verði sérstaklega könnuð samhliða endurskoðuninni og að lagt verði mat á kynjaáhrif kerfisins í núverandi mynd (t.d. sbr. kafla 7.1). Einnig skal staða annarra hópa sem ætla má að muni finna fyrir hærri greiðslubyrði könnuð.
- e. LÍS kallar einnig eftir upplýsingum um hvernig 0,6-0,8% afföll eru metin og hversu líklegt er að þær forsendur og það mat standist.
 - i. Hvernig er niðurgreiðsla vaxta fjármögnuð ef þeir fara yfir vaxtaþakið?
- f. Að lokum þarf að leggjast í allsherjargreiningu á því hvernig lántakar koma út úr nýju lögunum. Leggjast þarf í heildrænan samanburð á gamla kerfinu og því nýja miðað við breyttar forsendur.

9.4 Stefna Landssamtaka íslenskra stúdenta um nýsköpun og rannsóknir í íslensku háskólasamfélagi

1. útgáfa samþykkt á Landsþingi LÍS á Akureyri 30. mars 2023

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Þróun nýsköpunar	3
3. Nemendamiðuð nýsköpun	4
4. Jafnt aðgengi að nýsköpun	4
5. Tengsl gæða við nýsköpun og rannsóknir	6

1. Inngangur

Háskólar gegna lykilhlutverki í mótun og framþróun hvers samfélags. Því eru gæði náms og jafnt aðgengi að námi grundvöllur þróunar í nýsköpun og aukinnar verðmætasköpunar. Gróskumikið háskólasamfélag sem byggist á rannsóknum og þekkingarsköpun er forsenda lifandi nýsköpunarumhverfis. Háskólanám ætti því að veita nemendum grunnþekkingu og reynslu af nýsköpun. Þá þarf að tryggja að nýsköpun sé aðgengileg fjölbreyttum hópi nemenda og sé sinnt á öllum sviðum háskólanna.

2. Þróun nýsköpunar

Nýsköpun er einn angi þeirrar þekkingarsköpunar sem á sér stað innan háskólasamfélagsins og snýst í grunninn um að finna nýjar lausnir á viðfangsefnum þjóðfélagsins. Nýsköpun er ekki bundin við ákveðin svið vísindanna né ákveðna háskóla og því þarf að skapa henni rými þvert á háskólasamfélagið. Skapa þarf umhverfi innan allra námsleiða þar sem skapandi hugsun jafnt

sem gagnrýnin hugsun verði partur af námskrám og nýta þarf núverandi þekkingu sem stökkpall fyrir frekari framþróun.

Tryggja þarf að nýsköpun innan háskólasamfélagsins sé á forsendum rannsókna og þekkingaröflunar. Þannig er stuðlað að framþróun. Í þeim tilfellum sem við eiga er nauðsynlegt að háskólasamfélagið sé í góðum tengslum við atvinnulífið en nýsköpun má þó ekki aðeins eiga sér stað á forsendum fyrirtækja. Markaðsöflin ættu ekki að ráða því hvaða þekking verður til í samfélaginu. Engu að síður getur samspil þekkingar innan fyrirtækja og framlags nemenda orðið samfélaginu til góðs og er því mikilvægt að efla tengslamyndun milli háskóla og atvinnulífs. Þá skal leitast við að auka meðvitund um tengsl rannsókna og nýsköpunar.

Mikilvægt er að öflug umræða eigi sér stað innan háskólasamfélagsins, sem og í almennri umræðu, um nýsköpun og tækifæri til nýsköpunar. Tryggja þarf að ímynd nýsköpunar endurspegli fjölbreyttan bakgrunn frumkvöðla, nýsköpun ætti að vera á allra færi. Hver sem er getur lagt sitt af mörkum í þágu nýsköpunar, óháð fyrri reynslu. Stuðla þarf að upplýsingamiðlun um raunverulegt eðli nýsköpunar og efla sjálfstraust námsmanna. Nýsköpun, í eðli sínu, krefst ekki fullkominna hugmynda eða gallalausrar útfærslu og þarf umhverfi nýsköpunar því að taka mið af því. Í því samhengi má nefna samkeppnir á sviði nýsköpunar, en auðga mætti umræðuna með því að fjalla jafnt um verkefni óháð sigrum í keppnum. Þannig má tengja ímynd nýsköpunar bæði fjölbreyttari verkefnum og frumkvöðlum. Öflugt kynningarstarf á rannsóknartækifærum er forsenda þess að námsmenn geti nýtt sér þau. Stuðla þarf að öflugri tengslamyndun fyrir námsmenn á vettvangi nýsköpunar.

Styrkir sem gera miklar kröfur til umsókna og umsækjenda geta haft fælandi áhrif á þau sem eru að taka sín fyrstu skref. Stefna skal að því að hafa umsóknarferli straumlínulagað, sér í lagi í tilfellum styrkja sem ætlaðir eru námsmönnum. Jafnframt ætti að stuðla að fjölbreyttu framboði sjóða og samkeppna sérstaklega ætluðum námsmönnum til að efla nýsköpun meðal stúdenta á öllum sviðum. Varanlegt fjármagn skal veita í þágu nýsköpunar námsmanna til framtíðar.

3. Nemendamiðuð nýsköpun

Árangursríkasta leiðin til að efla þátttöku stúdenta á sviði nýsköpunar er með nemendamiðuðri nýsköpun. Huga þarf að þáttum líkt og sýnileika rannsóknarstarfs, tengingu við atvinnulíf og umgjörð náms.

3.1 Sýnileiki nýsköpunar

Efla þarf þekkingu og skilning háskólanema á eðli nýsköpunar og hvernig þau geti nýtt námið sitt til nýsköpunar. Því er mikilvægt að háskólar efli fræðslu og kynningu á þeim rannsóknum sem eiga sér stað innan skólanna og veiti upplýsingar um þá möguleika sem eru í boði. Í kjölfarið þarf að skapa vettvang þar sem nemendur hafa aðgengi að viðeigandi aðstoð og leiðbeiningum við hugmyndavinnu. Þróa þarf nýjar leiðir til að efla þátttöku stúdenta í nýsköpun á öllum sviðum háskólanna. Sýnileiki og virkt upplýsingaflæði gegna því lykilatriði í því að auka þekkingu háskólanema á nýsköpun og rannsóknarstarfsemi háskólanna.

3.2 Tenging atvinnulífs og nýsköpunar

Háskólar eru miðstöð þekkingar, nýsköpunar og rannsókna sem leiða til nýrra uppgötvana, verkefna og tækni. Þannig hefur starfsemi háskóla gífurleg áhrif á atvinnulífið með því að útbúa nýjar vörur, þjónustu og hugmyndir sem drífa áfram atvinnulífið og sköpun nýrra atvinnutækifæra. Því eru tengsl háskóla og atvinnulífs mikilvægur liður í framþróun samfélagsins.

Hlutverk háskóla er m.a. að veita stúdentum sínum þekkingu og menntun sem mun nýtast á vinnumarkaði. Tengsl háskólasamfélagsins við atvinnulífið getur því oft auðveldað stúdentum að fara úr akademísku umhverfi og inn á vinnumarkað. Til eru dæmi um að nemendur vinni lokaverkefni sín í samstarfi við fyrirtæki og getur það verið góð leið fyrir nemendur að kynnst starfsemi viðkomandi geira. Mikilvægt er að tryggja skýra umgjörð um slík samstarfsverkefni þar sem m.a. kemur fram hver ákvarðar markmið verkefnisins og að grundvöllur þeirra byggist á þekkingaröflun og rannsóknarstarfsemi.

3.3 Nýsköpun í háskólum

Samspil nýsköpunnar og háskóla er mikilvægt og eru tækifæri fólgin í því að auka aðgengi nemenda að nýsköpunarstarfsemi og vikka sjóndeildarhring þeirra m.a. með fjölgun nýsköpunarmiðaðra námskeiða og áfanga. Þá þarf háskólasamfélagið að vera duglegt að hvetja stúdenta til nýsköpunar og ýta undir stúdentadrifin verkefni. Allir háskólar á Íslandi ættu að bjóða upp á áfanga í tengslum við nýsköpun og frumkvöðlafræði. Í dag leggja háskólarnir mismikla áherslu á nýsköpun og má leiða líkur að því að það hafi bein áhrif á myndum sprotafyrirtækja og vilja nemenda til að taka sín fyrstu skref með nýsköpunarverkefni. Auka þarf aðstoð fyrir nemendur vegna styrktarumsókna þar sem umsóknarferlin geta bæði verið krefjandi og flókin og getur það haft fælingaráhrif. Þá mætti auka fræðslu um samfélagsleg áhrif þeirra hugmynda sem reynt er koma á fót.

Áhersla hefur verið á nýsköpun og rannsóknarstarfsemi raungreina en mikilvægt er að efla nýsköpun innan annarra sviða háskólasamfélagsins eins og hug-, félags- og menntavísinda. Skoða skal sérstaka hvata eða ívilnanir til þess að auka nýsköpunarstarfsemi nemenda á þessum sviðum enda er samfélagslegur ábati falinn í frekari þróun þessara vísindagreina. Mikilvægt er að nýsköpunaráfangar hafi fjölbreyttar áherslur til að stuðla að ólíkum afurðum nýsköpunar. Ávallt skuli leggja áherslu á stuðning við nemandann fremur er fjárhagslegt virði verkefnisins.

Til þess að geta náð fyrrgreindum markmiðum þarf fjármagn og stuðning helgaðan nemendum, t.a.m. með því að halda sérstaka nýsköpunarkeppni sem aðeins er opin háskólanemum og starfrækja nýsköpunarsjóði sem úthluti styrkjum til verkefna háskólanema. Nýsköpunarkeppnir sem eru öllum opnar eru ekki til þess fallnar að efla sérstaklega nýsköpun á vegum námsmanna.

Þá þarf að efla samskipti milli nýsköpunardeilda háskólanna en er það lykilatriði til þess að tryggja að nemendur fái jöfn tækifæri til að taka þátt í nýsköpun. Samstarf sviða, deilda og háskóla er mikilvægt til þess að sameina mismunandi krafta og hæfileika. Með auknum samskiptum verður til sterkara nýsköpunarsamfélag fyrir alla háskólanema landsins. Stuðla ætti að sameiginlegum nýsköpunarvettvangi háskólanna þar sem hver skóli hefði fulltrúa. Mikilvægt er að slíkt samstarf einblíni á að auka aðgengi allra sviða að nýsköpun.

4. Jafnt aðgengi að nýsköpun

Tryggja þarf jafnt aðgengi að nýsköpunarstarfsemi og gera stúdentum með fjölbreyttan bakgrunn kleift að sinna nýsköpun og rannsóknum en það felst m.a. í því að tryggja jafnt aðgengi að háskólanámi.

Lág laun og fjárhagslegar áhættur m.a. í formi tímabundins tekjumissis ættu ekki að vera hluti af nýsköpunarumhverfi íslensks samfélags. Ljóst er að að efnahagsstaða hefur bein áhrif á möguleika fólks til þess að sinna nýsköpun og rannsóknum. Því þarf að tryggja að stúdentar geti sinnt nýsköpunarstarfsemi og rannsóknum óháð efnahagsstöðu sinni eða fjölskyldu sinnar.

Sömuleiðis skal tryggja jafnt aðgengi að nýsköpunarstarfsemi óháð aldri, efnahag, félagslegum aðstæðum, búsetu, fötlun, litarhafti, kyni, kyngervi, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kynþætti, skoðunum, trú, uppruna, veikindum eða stöðu að öðru leyti. Skal það m.a. gert með sérstökum viðskiptahröðlum, upplýsingagjöf og með því að stuðla að fyrirmyndum með fjölbreyttan bakgrunn. Tryggja þarf framboð styrkja í þágu frumkvöðla sem tilheyra jaðarsettum hópum. Kerfisbundinn vandi blasir við ýmsum hópum samfélagsins og þarf markvisst samstarf að eiga sér stað með hlutaðeigandi aðilum til að stuðla að bættu nýsköpunarumhverfi sem er aðlaðandi fyrir alla hópa. Þá þarf að tryggja fjölbreytt sjónarmið og fjölbreyttan bakgrunn í hópi þeirra sem úthluta styrkjum og leggja mat á nýsköpunarverkefni.

Til þess að vernda jafnan rétt skal styrkja sjóði og bæta upplýsingaflæði m.a. með því að þýða upplýsingar á fleiri tungumál. Er það til þess fallið að laða að erlenda námsmenn sem munu frekar styrkja nýsköpunarumhverfið.

5. Tengsl gæða við nýsköpun og rannsóknir

Í nútímasamfélagi er nauðsynlegt að tryggja stúdentum jafnt aðgengi að gæðarannsóknastarfi. Gæði náms eru skilgreind út frá viðleitni stofnana til þess að greina eigin starfsemi og skipuleggja alla þætti háskólanáms þannig að þeir stuðli að því að tilsettu lærdómsviðmiði eða -markmiði sé náð⁴⁰. Til þess að stuðla að bættum gæðum nýsköpunar og rannsókna í íslensku háskólasamfélagi þarf að huga að nútímavæðingu kennslu, þróun kennsluaðferða og að leggja inn færni sem raunverulega nýtist stúdentum. Þannig er hægt að ná fram nýjum sjónarhornum og

⁴⁰ [Gæðastefna Landssamtaka íslenskra stúdenta](#)

stuðla að lausnamiðaðri nálgun stúdenta í rannsóknum og færni sem nýtist þegar háskólanámi er lokið.

Þegar kemur að nýsköpun og rannsóknum er nauðsynlegt að hafa gæðastaðla til að tryggja þessa þætti og þannig stuðla að gæðarannsóknum. Háskólanám eru almannagæði og ber því að tryggja gæðamat til að stuðla að framúrskarandi rannsóknum sem mæta þörfum þjóðfélagsins í nútíð og framtíð, þannig sköpum við verðmætara háskólasamfélag. Þverfagleg nálgun er nauðsynleg í því samhengi enda eru öll fræðasvið jafn mikilvæg. Með þverfaglegri nálgun og áherslu á fjölbreyttar rannsóknir geta háskólarnir brugðist betur við þörfum samfélagsins á hverjum tíma. Gæðamatið skal alltaf vera í samræmi við lög um háskóla (nr. 63/2006) og eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna⁴¹.

Til þess að tryggja gæði innan háskólanna ætti að bera saman sambærilegar námsleiðir þvert á skóla með það að markmiði að hámarka gæði. Með auknu samstarfi má bæta tengslanet á milli háskóla og á milli deilda. Háskólar skulu skapa vettvang fyrir þverfaglegt nám og stefna þannig að auknu námsframboði. Mikilvægt er að samstarf um nám nái einnig til stofnana og fyrirtækja til að tryggja rannsóknarinnviði í þágu nýsköpunar, enda eru innviðir og auðlindir fyrirtækja og stofnana aðrar og oft fjölbreyttari en háskólanna.

⁴¹ [Lög um háskóla \(nr. 63/2006\)](#)

9.5 Stefna Landssamtaka íslenskra stúdenta um sjálfbærni í íslensku háskólasamfélagi

2. útgáfa samþykkt á Landsþingi LÍS á Akureyri 31. mars 2023

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Sjálfbærni: Rauði þráður alls	2
2.1. Ábyrgð stjórnvalda, fyrirtækja og háskóla	2
2.2. Samgöngur	3
2.3. Loftlags búferlaflutningur: Móttaka fólks sem flyst búferlum vegna loftlagsvár	4
3. Hlutverk háskóla	5
3.1. Fræðsla og námsframboð	5
3.2. Rannsóknir og nýsköpun	6
3.3. Samfélagsleg ábyrgð háskóla	6
4. Háskólasvæði og nærumhverfi	7
4.1. Sjálfbært háskólasamfélag	7
4.2. Úrgangur	7
4.3. Matsölur og kaffistofur á háskólasvæðum	8

1. Inngangur

Á síðustu árum hefur áhersla á sjálfbærni aukist verulega samhliða vitundarvakningu um þau skaðlegu áhrif sem neysluvenjur mannkynsins, þá sérstaklega Vesturlandabúa, hafa á náttúruna. Samfélag manna hefur tekið gríðarlega örum breytingum á stuttum tíma og er sláandi að hugsa til þess hversu mikil áhrif maðurinn hefur haft á jörðina á þeim stutta tíma sem hann hefur verið til. Jörðin hefur verið til í 4,5 milljarða ára en maðurinn í aðeins 200 þúsund ár. Fyrir rétt um 200 árum fór maðurinn að hafa áhrif á umhverfi sitt á jarðfræðilegum tímaskala. Á þessum tíma hefur manninum tekist að skaða umhverfi sitt meira en nokkurri annarri dýrategund og eru auðlindir jarðar löngu komnar að þolmörkum. Nú ríkir neyðarástand í loftslagsmálum. Ekki þarf að leita langt til þess að sjá afleiðingar loftslagsvárinna en hér á landi hafa 56 skráðir jöklar horfið frá síðustu aldamótum⁴². Samfélagið í heild sinni þarf að taka höndum saman í baráttunni gegn þessari loftslagsvá og háskólasamfélagið er svo sannarlega ekki undanskilið þeirri baráttu. Stuðla þarf að sjálfbæru samfélagi með því að leggja áherslu á sjálfbæra þróun.

Þekktasta skilgreiningin á sjálfbærri þróun er að hún sé þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum⁴³. Langtímasýn er undirstaða sjálfbærs samfélags sem er, eins og staðan er í dag, afar háleitt og fjarlægt markmið. Í slíkri langtímasýn þarf samspil efnahags, samfélags og náttúru að vera í forgrunni. Bæði efnahagur og samfélag eru háð þeim takmörkunum sem náttúran setur og ber mannkyninu að virða þau.

Sjálfbærni varðar ekki einungis háskólakerfið heldur samfélagið í heild sinni. Í þessari stefnu verður því ekki hjá því komist að fjalla á köflum almennt um hvernig hvert og eitt mannsbarn getur stuðlað að sjálfbærara samfélagi. Nauðsynlegt er að stjórnvöld og yfirvöld háskólanna marki sér sjálf langtímasýn um sjálfbærni.

Við gerð þessarar stefnu voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna⁴⁴ höfð til hliðsjónar og áhersla lögð á þau markmið sem tengjast stúdentum og háskólakerfinu með beinum hætti. Þó er rétt að nefna að heimsmarkmiðin verða ekki uppfyllt með því að leggja áherslu á eitt þeirra í einu þar sem þau haldast öll í hendur og verður því að líta á markmiðin í heild sinni. Mikilvægt er að

⁴² <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/minningarstund-um-okjokul>

⁴³ Brundtland, G. (1987). Report of the World Commission on Environment and Development: Our Common Future. United Nations General Assembly document A/42/427. <http://www.un-documents.net/wced-ocf.htm>

⁴⁴ [Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#)

hvert og eitt okkar leggi hönd á plóg í þeim efnum. Þessari stefnu er ætlað að ná utan um þá lykilþætti sem samtökin vilja markvisst stuðla að og bæta í samfélaginu. Markmið sem er að finna í stefnunni virðast kannski á köflum háleit og illviðráðanleg en með skýrum vilja til þess að bjarga jörðinni okkar ætti að vera leikur einn fyrir háskólasamfélagið, fyrirtæki og stjórnvöld að uppfylla þau og verða um leið við kröfum samtakanna.

2. Sjálfbærni: Rauði þráður alls

2.1. Ábyrgð stjórnvalda, fyrirtækja og háskóla

Loftslagsmál hafa verið ungu fólki hugleikin síðustu misseri og stúdentar hafa tekið þátt í því að kalla eftir að stjórnvöld og fyrirtæki grípi til róttækra aðgerða án tafar. Samtökin krefjast þess einnig að háskólar landsins grípi til aðgerða þegar í stað. Breyta þarf hugsunar- og lifnaðarháttum og finna vistvænar lausnir á þeim áskorunum sem mannkynið stendur frammi fyrir. Háskólar, fyrirtæki og stjórnvöld þurfa að vera leiðandi í loftslagsmálum, meðal annars með því að innleiða vistvænan rekstur, leggja aukna áherslu á grænar fjárfestingar og forgangsraða aðgerðum sem sporna við loftslagsvánni. Síðustu ár hafa hitabylgjur orðið algengari og ljóst er að loftslagsbreytingar af mannavöldum hafa ollið víðtækum og neikvæðum áhrifum í náttúrunni⁴⁵.

Samtökin munu þrýsta á að stjórnvöld fjölgi og auki við öflugar aðgerðir í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030 og að hún verði endurskoðuð á a.m.k. 3 ára fresti. Endurskoðun hennar þarf að vera gagnrýnin og framsækin og skal ávallt leita tækifæra til að tímasetja hvert og eitt markmiðanna. Aðgerðirnar þurfa að endurspegla neyðarástandið sem ríkir í dag og ættu stjórnvöld að lýsa yfir neyðarástandi til þess að undirstrika mikilvægi þess að allir taki höndum saman gegn loftslagsvánni. Aðgerðaráætlunin leggur áherslu á orkuskipti í samgöngum og kolefnisbindingu. Tryggja þarf að kolefnisbinding sé framkvæmd með þeim hætti að hún skerði ekki líffræðilegan fjölbreytileika. Einnig þarf að hafa í huga að kolefnisbinding er ein og sér ekki lausn á loftslagsvánni. Draga þarf úr neyslu á öllum stigum samfélagsins.

Fyrirtæki þurfa að marka sér skýra sjálfbærnistefnu sem er samtvinnuð inn í alla starfsemi þeirra. Almennigur getur verið sterkt þrýstiafl og með breyttri eftirspurn munu fyrirtæki hér á landi þurfa að breyta starfsvenjum sínum. Einnig ættu háskólar að beina

⁴⁵ Loftslagsbreytingar eru ógn við velferð fólks og heilsu jarðar. Vedur.is

viðskiptum að fyrirtækjum sem stunda samfélagslega ábyrgan rekstur og draga úr viðskiptum við fyrirtæki sem gera hið gagnstæða.

Háskólar skulu móta sér stefnu í sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð. Aðgerðaráætlun skal fylgja hverri stefnu sem inniheldur metnaðarfull en raunsæ, mælanleg og tímasett markmið. Hver háskóli ætti til að mynda að setja sér markmið um hvenær skólinn ætli að ná kolefnishlutleysi og ættu að miða við í síðasta lagi fyrir árið 2030. Þá ætti hver háskóli að huga bæði að þeirri losun sem hann hefur bein áhrif á, eins og flugferðir starfsfólks, og þeirri losun sem háskólinn hefur óbein áhrif á, eins og samgönguvenjur til og frá skólanum. Aðgerðaráætluninni skulu einnig fylgja skilgreindir ábyrgðaraðilar svo stefnunni sé fylgt eftir og skulu háskólarnir gefa út sjálfbærnisráðgjafur með reglulegu millibili þar sem sýnt er fram á mælanlegan árangur. Háskólarnir skulu gera grein fyrir öllum losunarvöldum í útreikningi á kolefnislosun hvers skóla sem þeir hafa óbein áhrif á svo sem samgönguvenjum.. Ákjósanlegast væri að hver stofnun myndi hafa starfsfólk í fullu starfi til þess að tryggja að unnið sé markvisst eftir stefnunni. Óþarfi er að finna alltaf upp hjólið og ættu íslenskir háskólar að þróa sínar stefnur út frá stefnum sem hafa gefið góða raun annars staðar. Til dæmis gætu háskólar horft til *The International Alliance of Research Universities (IARU)* í stefnumótun sinni og kynnt sér leiðbeiningar þeirra sem bera heitið *Green Guide for Universities*⁴⁶. Í þokkabót ættu allir háskólar að stefna að því að verða Grænfánaskólar.

2.2. Samgöngur

Háskólarnir skulu vinna markvisst að því að draga úr umferð einkabíla. Lausnirnar geta verið misjafnar eftir því um hvaða háskóla ræðir og hvaða raunhæfu kostir standa stúdentum og starfsfólki til boða. Þessar lausnir geta til dæmis falið í sér fleiri gjaldskyld bílastæði samhliða betri almenningssamgöngum.

Almenningssamgöngur skulu vera áreiðanlegur og aðgengilegur kostur fyrir alla stúdenta. Háskólar á Íslandi skulu vinna að því að gera almenningssamgöngukort eða U-passa að veruleika fyrir alla stúdenta. U-passi felur í sér niðurgreiðslu á samgöngukorti fyrir stúdenta sem veitir aðgang að strætó og afslátt eða aðgang í aðrar umhverfisvænni samgöngur. Auka þarf tíðni ferða og þurfa leiðir til og frá háskólunum að vera sniðnar með þeim hætti að hinn almenni stúdent sjái

⁴⁶[Green Guide for Universities](#)

sér fært að velja almenningssamgöngur fram yfir einkabílinn. Borgarlínan mun spila stórt hlutverk í að bæta almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og er mikilvægt að núverandi áætlun um Borgarlínu standist. Einnig er mikilvægt að landsbyggðarleiðir strætó verði bættar svo almenningssamgöngur verði að raunverulegum valkosti fyrir stúdenta sem búa á landsbyggðinni eða sækja nám á landsbyggðinni.

Háskólasamfélagið þarf að hvetja til notkunar umhverfisvænni samgöngumáta. Stuðla ætti að hjólreiðum og göngu með því að tryggja að góðar hjóla- og gönguleiðir séu í grennd við háskóla og stúdentagarða. Háskólar skulu einnig beita sér fyrir því að hjóla- og gönguleiðir sem tengjast háskólunum séu framúrskarandi. Á veturna eiga þessar leiðir að vera ruddar, þegar þess þarf. Einnig er brýnt að bæta aðstöðu fyrir hjólreiðafólk með því að bjóða upp á yfirbyggð og/eða læst hjólaskýli, viðgerðarstanda og aðgengi að sturtu í háskólunum.

Þar sem mikil vitundarvakning um umhverfismál hefur orðið í þjóðfélaginu og stjórnvöld hafa ákveðið að niðurgreiða rafmagnsbíla mun einstaklingum sem ferðast með þeim ferðamáta að öllum líkindum fjölga. Samhliða fjölguninni verður áskorun að fjölga hleðslustöðvum en það er þróun sem allar háskólastofnanir þurfa að vera tilbúnar að bregðast við.

2.3. Loftlags búferlaflutningur: Móttaka fólks sem flyst búferlum vegna loftlagsvára⁴⁷

Erfitt er að skilgreina fjölda fólks á flótta vegna loftslagsvárlinnar, þar sem samspil samfélags-, efnahags- og umhverfisþátta geta leitt til þess að fólk þurfi að yfirgefa heimalönd sín⁴⁸. Þó er hægt að fá einhverja innsýn í þann fjölda með því að skoða fjölda fólks sem flýr undan náttúruhamförum. Uppflosnað fólk innan síns heimalands telur nú milljónir vegna öfga í veðurfari. Milli 2008 og 2014 voru alls 184,4 milljónir manns á flótta vegna náttúruhamfara, að meðaltali 26,4 milljónir manns á ári hverju. Þar af voru um 22,5 milljónir á flótta vegna veður- og loftslagstengdra hætta: áhrifa hækkunar sjávarborðs, eyðimerkurmyndunar eða umhverfislegs niðurbrots. Þegar litið er til framtíðar eru vísindamenn á sama máli, búferlaflutningar fólks munu aukast⁴⁹ vegna loftslagsvárlinnar.

⁴⁷ Dina Ionesco, Head of the Migration, Environment and Climate Change (MECC) Division at the UN Migration Agency (IOM) mælir með því að tala um búferlaflutninga vegna loftslagsvárlinnar, því orðið flóttamaður hefur lagalega merkingu sem á ekki ennþá við um þann víðari hóp sem flyst búferlum.

<https://www.un.org/sustainabledevelopment/blog/2019/06/lets-talk-about-climate-migrants-not-climate-refugees/>

⁴⁸ <http://climatemigration.org.uk/climate-refugee-statistics/>

⁴⁹ [The Nansen Initiative. "Disaster-Induced Cross-Border Displacement." December 2015. Bls. 6.](#)

Tryggja þarf enn frekar góðar móttökur fyrir flóttafólk og þau sem flytjast búferlum til Íslands. Aukinn stuðningur gæti meðal annars falið í sér aðgengilegar upplýsingar og aðstoð sem auðveldar fólki í þeirri stöðu að sækja sér menntun. Aðgangskröfur háskólanna taka ekki tillit til aðstæðna flóttafólks, sem skortir gjarnan haldbær gögn um sína menntun. Jafna ætti tækifæri þeirra til náms með því að útvega raunverulega möguleika fyrir fólk til þess að uppfylla aðgangskröfur. Í því skyni gætu háskólabrýr sérstaklega ætlaðar fólki sem talar íslensku sem annað tungumál hjálpað mikið sem og námsbrautir á framhalds- og háskólastigi á öðrum tungumálum en íslensku, meira framboð á íslenskukennslu fyrir byrjendur og lengra komna. Þá þarf einnig að skoða þann möguleika að undanþágur verði gerðar á aðgangskröfum fyrir þennan hóp. Með því að veita fleirum tækifæri til menntunar eykst jöfnuður og fjölgar í hópi þeirra sem geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lagskipt samfélag getur ekki verið sjálfbært.

3. Hlutverk háskóla

3.1. Fræðsla og námsframboð

Fræðsla er undirstaða vitundarvakningar og skiptir höfuðmáli við að auka vitund almennings um mikilvægi sjálfbærni. Vitundarvakningin er hafin en háskólakerfið á þó enn eftir að taka stór og veigamikil skref til þess að það geti talist sjálfbært. Auka þarf framboð námsleiða sem tengjast sjálfbærni- og umhverfismálum innan háskólanna. Einnig ætti fræðsla um sjálfbærni að vera hluti af hverri einustu námsleið með það að markmiði að auka sjálfbæra hugsun hvers og eins. Háskólasamfélagið þarf að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í hverri einustu ákvörðun. Styðja ætti sérstaklega við verkefni sem stuðla að sjálfbærara samfélagi, líkt og Loftslagssjóði er ætlað að gera. Efla skal nýsköpun stúdenta í sjálfbærum lausnum, til dæmis með því að bjóða upp á nýsköpunaráfanga eða halda nýsköpunarkeppni í slíkum lausnum. Auka þarf áherslu á þverfaglegt nám auk sí- og endurmenntun. Þörf á endurmenntun mun aukast við það að stjórnvöld og fyrirtæki þróast í átt að sjálfbærari rekstri og með almennum breytingum á atvinnu- og efnahagslífi, til dæmis vegna orkuskipta.

3.2. Rannsóknir og nýsköpun

Háskólar eru uppspretta þekkingar og eru rannsóknir og nýsköpun mikilvægir þættir í kjarnastarfsemi hvernar stofnunar. Nýta þarf rannsóknir í auknum mæli til þess að finna lausnir á umhverfis- og samfélagslegum áskorunum. Brýnt er að huga að siðferðislegu gildi rannsókna, sérstaklega þegar akademískt frelsi er við lýði, en siðanefndir ættu að taka til greina áhrif rannsókna á umhverfið og náttúruna áður en umsókn fær samþykki eða fjármagn. Rannsóknarstarf á Íslandi getur aldrei orðið sjálfbært nema hér á landi sé öflugt styrkjakerfi fyrir stúdenta, þá sérstaklega doktorsnema.

3.3. Samfélagsleg ábyrgð háskóla

Háskólar gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki sem þeir geta iðkað á viðtækan máta. Þeir eiga að veita stúdentum gæðanám þar sem kapp er lagt á kennslu og gott rannsókna- og nýsköpunarstarf en að sama skapi þurfa háskólar að viðurkenna mikilvægi samfélagslegrar þátttöku. Þátttökulýðræði ætti að skipa stóran sess í öllu námi. Eitt af meginhlutverkum háskóla er að sinna kennslu. Nauðsynlegt er að kennsla og námsefni undirbúi stúdenta fyrir breytt samfélag þar sem huga þarf að sjálfbærni og umhverfisvitund.

Einn liður í samfélagslegri ábyrgð háskóla er að miðla niðurstöðum rannsókna og nýsköpunar til almennings. Vekja þarf athygli á þeim sjálfbærnis- og umhverfisverkefnum sem unnið er að bæði til að vekja áhuga á efninu og einnig til þess að fræða stúdenta sem og aðra þegna samfélagsins. Háskólar skulu vera fræðslu- og menningarsetur sem opna dyr sínar almenningi við hvert tækifæri sem gefst. Einnig eiga fulltrúar háskólanna, starfsfólk og nemendur, að taka þátt í samfélagslegri umræðu um sjálfbærni og halda gildi rannsókna á lofti.

Háskólar hafa áhrifamikla og mótandi rödd þegar kemur að samfélagsumræðunni og það er grundvallaratriði að þeir nýti hana til þess að færa samfélagið í heild sinni til vistvænnar framtíðar. Annað væri glatað tækifæri. Háskólar eiga að beina sínum viðskiptum í vistvæna átt og hvetja og leggja stjórnvöldum lið í vegferðinni í átt að kolefnishlutleysi.

Nýta þarf þá þekkingarsköpun sem fer fram hérlendis sem erlendis. Rækta mætti og efla samstarf við erlenda háskóla sem eru sterkir á sviði sjálfbærni. Hófs þarf þó að gæta þegar kemur að ferðalögum erlendis og ef stúdentum eða starfsfólki skólans er boðið á viðburði erlendis skal hvetja til rafrænnar þátttöku, sé það valmöguleiki. Eins eiga íslenskir háskólar að bjóða erlendum gestum að taka þátt í viðburðum á þeirra vegum rafrænt og benda á umhverfisávinning þess.

4. Háskólasvæði og nærumhverfi

4.1. Sjálfbært háskólasamfélag

Við borgarskipulag ætti hver einasta ákvörðun að miða að því að gera samfélagið okkar sjálfbærara. Sveitarfélög, háskólar, félagsstofnanir stúdenta og aðrir viðeigandi aðilar ættu að vinna sérstaklega að því að skapa sjálfbært háskólasamfélag. Til þess að draga úr umferð til og frá stúdentagörðum er nauðsynlegt að auka aðgengi að helstu nauðsynjum í nærumhverfi stúdenta. Á háskólasvæðinu ættu því að vera til staðar matvörubúðir, heilsugæsla, líkamsrækt og grenndargámar, djúpgámar, eða annars konar flokkunarstöðvar, svo eitthvað sé nefnt. Þessar þjónustur eiga að vera í göngu- eða hjólafæri við stúdentagarða. Eins skal uppbygging frekari stúdentagarða eiga sér stað í nálægð við háskólabyggingar þar sem vistvænt samfélag er haft ofarlega í huga.

4.2. Úrgangur

Nauðsynlegt er að draga úr úrgangi á öllum sviðum samfélagsins og flokka þarf þann úrgang sem myndast. Háskólar ættu að stefna að því að minnka úrgang sinn verulega og þá sér í lagi óflokkanlegan úrgang. Með breyttum hugsunarhætti hefur flokkun orðið sjálfsagður hlutur af daglegu lífi flestra. Þó er enn mikið verk fyrir höndum og tækifæri til umbóta leynast víða. Aðgengi að flokkunarmöguleikum þarf að vera til staðar innan allra háskólabygginga og á stúdentagörðum. Háskólar og starfsemi innan veggja þeirra ættu að flokka allan úrgang. Flokkun fyrir lífrænan úrgang skal einnig vera aðgengileg, ekki einungis á háskólasvæðinu heldur sömuleiðis fyrir íbúa stúdentagarða. Fjarlægja ætti almennar ruslatunnur úr kennslu- og skrifstofum. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að flokkunarkerfi á milli sveitarfélaga sé samræmt svo nemendur og starfsfólk háskólanna geri sér betur grein fyrir því hvernig flokkunarkerfið virkar.

4.3. Matsölur og kaffistofur á háskólasvæðum

Ýmsar leiðir eru færar til þess að minnka matarsóun innan veggja háskólanna. Til dæmis gætu matsölur sett afslætti á eða gefið vörur sem nálgast síðasta söludag. Eins þarf að leggja áherslu á að matsölur nýti hráefnin vel, svo að sem minnst fari til spillis í framleiðslu. Öll mótuneyti

háskólanna skulu minnka plastnotkun og ættu að bjóða upp á umbúðalausá valkosti. Ávallt ættu fjölnota mataráhöld að standa nemendum til boða og draga ætti úr framboði á einnota mataráhöldum.

Áhrifarík leið til að draga úr kolefnisfótspori einstaklinga er að minnka neyslu á dýraafurðum, sem allir ættu að stefna að. Auka þarf framboð á mat fyrir grænmetisætur og grænkerá í matsölum og kaffistofum háskólanna. Hér er vert að benda á að mótuneyti háskóla geta sótt sér ráðgjöf frá sérfræðingum um matarsóun, minnkun umbúða og matreiðslu grænkerafæðis og ættu þau að gera það til að hámarka árangur sinn.